# ALÞINGISTÍÐINDI
# 2003

HUNDRAÐ TUTTUGASTA OG
NÍUNDA LÖGGJAFARÞING

# B
## UMRÆÐUR

REYKJAVÍK
GUTENBERG HF
2003

| | |
|---|---|
| ISSN 1028-6063 | Alþingistíðindi |
| ISSN 1017-3641 | Þingskjöl |
| ISSN 1017-365X | Umræður |
| ISSN 1026-3233 | Efnisyfirlit |

*Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna.*

# ÞINGSETNINGARFUNDUR

mánudaginn 26. maí.

***Þingsetning.***

Árið 2003, mánudaginn 26. maí, var hundrað tuttugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og fjórða aukaþing í röðinni en hundrað fertugasta og fjórða samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk.
4. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
5. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
7. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
8. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
9. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
10. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
11. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
12. Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
13. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
14. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
15. Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.
16. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
17. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
18. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
19. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
20. Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.
21. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
22. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
23. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
24. Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
25. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
26. Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.
27. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
28. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
29. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
30. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
31. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
32. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
33. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
34. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
35. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
36. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
37. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
38. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
39. Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
40. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
41. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
42. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
43. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
44. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
45. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
46. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
47. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
48. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
49. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
51. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
52. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.
53. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
54. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
55. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
56. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
57. Tómas Ingi Olrich, 6. þm. Norðaust.
58. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
61. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.
63. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

***Forseti Íslands setur þingið.***

[14:08]

**Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):**

Hinn 20. maí 2003 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 26. maí 2003, kl. 13.30.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni er hefst klukkan 13.30.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 26. maí 2003.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn að loknum kosningum eru jafnan tímamót í sögu stofnunar sem elst er í landi okkar, eldri en sjálf kirkjan og um þúsund árum eldri en ráðherradómur og lýðveldið.

Alþingi var til forna vettvangur þjóðlífs og nýrra strauma, átaka um völd og áhrif og þá fyrst náðu erlendir herrar að drottna yfir Íslendingum þegar Alþingi hélt ekki lengur vöku sinni.

Öldum síðar varð Alþingi á ný boðberi breytinga, sú rödd sem krafðist aukins réttar fyrir land og lýð, færði þjóðinni heimastjórn og fullveldi, veitti sjálfstæði Íslendinga inntak og sýn á framtíðina.

Þegar Hannes Hafstein tók sæti í þessum sal sem fyrsti ráðherra Íslands úr röðum þjóðar sinnar urðu þáttaskil sem við minnumst senn. Hundrað ára afmæli heimastjórnar ætti að verða okkur tilefni til að hugleiða árangur Íslendinga,

aflið sem sjálfstæðið færir okkur og spyrja um leið hvert erindi við eigum nú í veröldinni.

Við vorum í árdaga þessa tíma fátækasta og fámennasta þjóðin í hinni gömlu álfu og í rauninni var ótrúleg dirfska í því fólgin að ætla sér jafnan rétt á við allar hinar. Samt hefur reynslan sýnt að það var farsælt að hugsa stórt.

Á einni öld hefur okkur tekist að ná í fremstu röð þjóða heims hvað snertir almenna velsæld og efnahag. Við höfum þróað blómlegt menningarlíf, og listafólk okkar gerir garðinn frægan víða um lönd. Við byggjum á menntun og hugviti fólksins og ætlum þekkingunni ríkulega hlutdeild í framförunum. Við tökum virkan þátt í alþjóðamálum, erum bandalagsríki áhrifalanda beggja vegna Atlantshafsins og gefum nú kost á okkur til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þar sem ákvarðanir eru teknar um stríð og frið, örlög ríkja ráðin í atkvæðagreiðslum.

Hvílík vegferð lítillar þjóðar! Á engan hátt sjálfsögð eða gatan greið. Oft hafa erfiðleikarnir verið slíkir að engin ráð virtust duga og átökin þá mikil hér í salnum.

Alþingi á ríka hlutdeild í árangrinum sem náðst hefur en einnig hafa áhrifaöfl utan þings, atvinnulíf og launafólk, almannasamtök og fræðasetur, lagt sitt af mörkum. Lýðræðisvettvangur þingsins sjálfs hefur jafnan skilað bestu verki þegar leiðin til þjóðarinnar hefur verið opin og greið.

Alþingiskosningar eru hverju sinni staðfesting á þeirri grundvallarreglu að það er þjóðin sem ræður, umboðið er frá henni komið og hún mun á ný dæma verkin innan tíðar. Fjögur ár eru ekki langur tími í sögu þings og þjóðar og því mikilvægt að þingheimur allur nýti þau vel.

Nú hefur þjóðin sent til þings yngri kynslóð en hér hefur sést um áraraðir, kynslóð sem komist hefur til vits og þroska á tíma alþjóðavæðingar og upplýsingabyltingar sem kennd er við alheimsnetið, fóstruð í samfélagi þar sem sjónvarp er sterkastur miðla, nam frásögn í myndum áður en hún lærði að lesa, kynslóð sem man ekki annað Ísland en sjálfstætt og sterkt, þekkir landhelgisstríð, stéttaátök og hatrama glímu um her og NATO nánast eingöngu úr sögubókum — hin fyrsta kynslóð í okkar landi sem haft getur heiminn allan að athafnasvæði.

Hvaða augum lítur hún hundrað ára afmæli heimastjórnar? Hvaða sess skipar sjálfstæðið í hennar huga? Hvernig skilgreinir hún vegferð sína, ætlunarverk og aðferðir við ákvarðanir? Hvaða áhrif mun innganga þessa unga fólks hafa á Alþingi sjálft?

Aldrei fyrr í sögu þingsins hafa jafnmargir jafnungir þingmenn komið til þings. Samsetning þingsins hefur því tekið stakkaskiptum, óháð flokkum og framboðum í kjördæmunum. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvaða áhrif þessi nýja kynslóð hefur á störf þingsins, umræðuna í landinu, lýðræðisskipan og stefnuþróun. Ég óska hinu unga fólki allra heilla og býð það sérstakalega velkomið til ábyrgðarstarfa.

Alþingi mun einnig á næstu árum taka mið af breyttri skipan kjördæmanna, þurfa að finna samskiptum við umbjóðendur nýjan farveg. Alþingi var lengstum frá endurreisn til okkar daga bundið sýsluskipan og stærri bæjum, kjördæmin nánast félagslegar heildir og samræðan við kjósendur háð hefðum og venjum sem rætur áttu í sérhverju byggðarlagi. Umdæmi þingmannanna voru í beinum tengslum við skipan stjórnsýslu og sveitarmála.

Nú er þessu komið fyrir á annan hátt og ekki aðeins sýslum, heldur heilum og hálfum fjórðungum steypt saman. Sjálfsagt hefur nýliðin barátta í stóru kjördæmunum orðið þingmönnum og frambjóðendum öllum tilefni til hugleiðinga um vinnubrögð í framtíðinni. Mikilvægt er að varðveita það lifandi og nána samband sem löngum hefur einkennt tengsl þingmanna við byggðarlögin. Íslenskt lýðræði yrði til muna fábrotnara ef fjölmiðlar og hagkvæmni stærðarinnar mundu að mestu ráða för.

Það er einkum í návíginu í hinum smærri byggðum sem mest reynir á fulltrúa fólksins og það er trú mín að slíkt návígi hafi reynst íslenskum stjórnmálamönnum góður skóli. Vonandi tekst þingheimi að varðveita traustar lýðræðishefðir sem sprottnar eru úr grasrótinni og nýta þær vel á vettvangi nýrra kjördæma landsins.

Alþingiskosningarnar nú í vor kveiktu að venju umræður um fjölda viðfangsefna og vandamála í landi okkar og allir flokkar koma til þings með fangið fullt af fyrirheitum. Þannig hefur það löngum verið en einnig í þessum efnum þarf þingheimur nú að taka mið af nýjum veruleika.

Ísland er ekki lengur einangruð eyja. Hagstjórnin er nú á opnum velli þar sem straumar úr öllum áttum geta á skömmum tíma gert að engu glæstar vonir.

Við búum við alþjóðlegan fjármagnsmarkað, fyrirtæki og einstaklingar geta flutt eignir og auð úr landi án minnstu fyrirhafnar, bankar og lánasjóðir eru hluti af víðara neti, vextir og kjör taka mið af mörgu öðru en innlendum kröfum og gengið lýtur nú flóknari lögmálum en áður mótuðu ákvarðanir. Afleiðingin af öllu þessu er að við erum ekki eigin herrar í efnahagsmálum á sama hátt og fyrrum var regla.

Hagstjórnin er því á ýmsan hátt orðin erfiðari og mikilvægt að allt sé gert til að varðveita stöðugleikann þótt fast sé knúið á í mörgum efnum. Fram undan eru mestu framkvæmdir sem um getur í sögu landsins, víðtæk umræða hefur verið um gagngerar breytingar á skattkerfi og húsnæðismálum og fyrirheit gefin um bættan hag margra sem borið hafa skarðan hlut frá borði á síðari árum.

Það verður vandaverk að láta allt þetta ganga upp með hliðsjón af því hve hagkerfi okkar er nú opið gagnvart umheiminum. Alþingi ber í þessum efnum mikla ábyrgð því að ríkisfjármál, skattstefna og framkvæmdastig marka vöxtum og gengi, verðlagi og stöðugleika ákveðnar brautir.

Íslendingar hafa á annan áratug búið við árangur í efnahagslífi sem á fyrri verðbólgutímum var einungis fjarlægur draumur. Hagsmunir fyrirtækja og fólksins sem í landinu býr eru samofnir hinum nýja stöðugleika. Bresti hann mun illa fara.

Við treystum því allir, Íslendingar, að Alþingi muni á komandi árum feta þessa braut af ábyrgð og festu og finna það jafnvægi í ákvörðunum sem tryggir að stöðugleiki og farsæld þjóðar, aukin velferð og traust atvinnulíf haldist í hendur. Það mun reynast vandaverk og alþingismönnum er hér óskað heilla í þeim skyldustörfum. Takist þau vel getum við Íslendingar vissulega horft björtum augum fram á veg.

Ég bið alþingismenn að rísa á fætur og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni, sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki, að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn. Bið ég Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n., að ganga til forsetastóls.

### *Ávarp aldursforseta.*

[14:22]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Ég býð alla hv. alþingismenn sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 10. maí sl. velkomna til starfa á hv. Alþingi. Sérstaklega vil ég bjóða velkomna 18 nýkjörna alþingismenn sem ekki áttu fast sæti þegar Alþingi lauk störfum í marsmánuði sl. Ég vil láta í ljós þá von að störf þessa nýkjörna þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

### *Minning Halldórs E. Sigurðssonar.*

[14:23]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Nú verður minnst Halldórs E. Sigurðssonar, fyrrverandi alþingismanns og ráðherra, sem andaðist í gær, að kvöldi sunnudagsins 25. maí. Hann var 87 ára að aldri.

Halldór E. Sigurðsson var fæddur 9. september 1915 á Haukabrekku í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi og ólst upp þar og síðar í Suður-Bár í Eyrarsveit. Foreldrar hans voru hjónin Sigurður Eggertsson bóndi og skipstjóri og Ingibjörg Pétursdóttir húsmóðir. Hann stundaði nám í Héraðsskólanum í Reykholti 1935–1937 og í bændaskólanum á Hvanneyri 1937–1938. Óreglulegur nemandi í Samvinnuskólanum var hann hluta úr vetri.

Halldór E. Sigurðsson var bóndi á Staðarfelli á Fellsströnd 1937–1955. Sveitarstjóri í Borgarnesi var hann 1955–1969. Við alþingiskosningarnar 1956 var hann í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn í Mýrasýslu og tók sæti á Alþingi þá um haustið. Hann var þingmaður Mýrasýslu 1956–1959 og þingmaður Vesturlandskjördæmis 1959–1979, sat á 27 þingum alls. Árið 1971 tók hann sæti í ríkisstjórn, var fjármála- og landbúnaðarráðherra til 1974 og landbúnaðar- og samgönguráðherra á árunum 1974–1978. Starfsmaður í Búnaðarbanka Íslands var hann 1980–1984.

Halldór E. Sigurðsson var rúmlega fertugur að aldri þegar hann tók sæti á Alþingi. Hann var vel búinn undir þingstörfin, hafði frá æskuárum fastmótaðar skoðanir á þjóðmálum og fylgdist löngum með skrifum og umræðum um þau mál. Afskipti af félagsmálum hóf hann á blómaskeiði ungmennafélaganna og var þá kjörinn til forustustarfa. Síðan tóku við störf að sveitarstjórnarmálum, fyrst í Fellsstrandarhreppi og síðan í Borgarnesi, og var hann kjörinn til ýmissa nefndarstarfa í þeim sveitarfélögum. Á Alþingi átti hann sæti í fjárveitinganefnd frá upphafi þingsetu þar til hann varð ráðherra. Á þeim árum var hann kjörinn til setu í ýmsum ráðum og nefndum utan þings og verður sá ferill ekki rakinn hér.

Halldór E. Sigurðsson tók alla sína þingmannstíð allmikinn þátt í umræðum á Alþingi. Hugðarefni hans voru landbúnaðar- og samgöngumál auk fjármála ríkisins, þeir málaflokkar sem hann tók að sér síðar í ríkisstjórn. Hann beitti sér fyrir setningu laga í þágu bændastéttarinnar og stóð fyrir bættum samgöngum á landsbyggðinni, einkum við vega- og brúargerð. Hann var vinnusamur og greiðvikinn, var ljúfmenni í viðkynningu og átti létt með að umgangast fólk.

Eftir starfslok rakti Halldór E. Sigurðsson minningar sínar í tveimur bókum. Hin fyrri heitir Í fóstri hjá Jónasi, og hin síðari Bilin á að brúa. Mörg síðustu æviárin átti hann við þungbæran sjúkdóm að stríða.

Ég bið háttvirtan þingheim að minnast Halldórs E. Sigurðssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

### *Varamenn taka þingsæti.*

[14:27]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Borist hafa tvö bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er svohljóðandi:

„Þar sem ég get ekki verið viðstödd boðaða þingsetningu nk. mánudag, 26. maí, né sótt þingfundi næstu daga vegna þátttöku í alþjóðlegum þingmannafundum erlendis óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi norður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrv. borgarstjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.“

Hið síðara hljóðar svo:

„Þar sem Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurkjördæmis, getur ekki sótt þingfundi vegna veikinda óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Suðurkjördæmi, Kjartan Ólafsson, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna.“

Vil ég bjóða varamenn þessara þingmanna velkomna til starfa.

### *Kosning kjörbréfanefndar.*

[14:29]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þingskapa skal nú kjósa níu þingmenn í nefnd til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Einar K. Guðfinnsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Hjálmar Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Magnús Stefánsson (A).

Fundi frestað kl. 14:30.

## ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

mánudaginn 26. maí,
kl. 4.30 síðdegis.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.

### *Rannsókn kjörbréfa.*

[16:34]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti og tillögum meiri hluta kjörbréfanefndar sem dreift hefur verið á borð þingmanna.

Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf þau sem landskjörstjórn gaf út 16. maí 2003 í samræmi við úrslit alþingiskosninga sem fram fóru 10. maí sl. Þá hefur nefndinni borist bréf frá dómsmrn., dags. 23. maí 2003. Bréfinu fylgdu í innsigluðum umslögum ágreiningsseðlar úr Suðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi ásamt endurritun úr gerðabókum yfirkjörstjórna sömu kjördæma.

Í Suðvesturkjördæmi kom upp ágreiningur um 7 utankjörfundaratkvæði sem merkt voru bókstafnum V. Meiri hluti yfirkjörstjórnar kjördæmisins var sammála um að atkvæðin væru ógild með vísan til b-liðar 100. gr. laga nr. 24/2000 þar sem kveðið er á um að meta skuli atkvæði ógilt ef það sem stendur á utankjörfundarseðli geti ekki með vissu átt við nokkurn af þeim listum sem í kjöri eru.

Í Norðausturkjördæmi kom upp ágreiningur um tvö utankjörfundaratkvæði sem merkt voru bókstafnum V. Meiri hluti yfirkjörstjórnar í kjördæminu var sammála um að atkvæðin væru ógild. Meiri hluti nefndarinnar telur að staðfesta eigi úrskurði yfirkjörstjórna í Suðvestur- og Norðausturkjördæmum.

Í Suðurkjördæmi kom upp ágreiningur um tvö atkvæði. Yfirkjörstjórn úrskurðaði annað atkvæði D-lista en meiri hluti yfirkjörstjórnar úrskurðaði hitt atkvæðið ógilt. Meiri hluti nefndarinnar telur að staðfesta beri úrskurði yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi. Aðrir ágreiningsseðlar bárust ekki.

Enn fremur hefur nefndinni borist bréf frá dómsmrn., dags. 23. maí 2003. Með því var send kosningakæra frá umboðsmanni kjördæmisfélaga Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmunum norður og suður, Björgvin Agli Vídalín Arngrímssyni. Í kærunni er gerð krafa um endurtalningu atkvæða í nýafstöðnum alþingiskosningum. Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að draga lögmæti kosninganna í efa og álítur ekki forsendur til endurtalningar, að taka upp kosningar eða aðhafast frekar.

Meiri hlutinn leggur til í samræmi við 46. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 1. gr., sbr. 5. gr. þingskapa, að kjörbréf aðalmanna og varamanna verði samþykkt eins og þeir eru hér fyrrgreindir í áliti og tillögum meiri hluta kjörbréfanefndar og dreift hefur verið á borð þingmanna.

Undir þetta álit rita hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður og frsm., Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Magnús Stefánsson.

[16:37]

**Frsm. minni hluta kjörbn. (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Ég man ekki til þess, a.m.k. frá því að ég kom á þing, að kjörbréfanefnd hafi tekið jafnmikinn tíma í að skoða þau mál sem liggja fyrir henni strax í upphafi þings og nú. Það er ekki að ástæðulausu því að lögð hefur verið fram vel rökstudd kæra þar sem ýmislegt við framkvæmd kosninganna er dregið í efa.

Alþingiskosningar eru einn af hornsteinum lýðræðisins og því skiptir gríðarlegu máli að opinberar niðurstöður kosninga séu ekki dregnar í efa. Það er hlutverk Alþingis að kveða upp úr um lögmæti kosninga og fara yfir kjörbréf þingmanna. Það var hlutverk kjörbréfanefndar og ég vil segja í upphafi máls míns að ég hefði talið — þrátt fyrir að kjörbréfanefnd hafi ekki, að því er ég man best, tekið sér jafnlangan tíma í að vinna þessa vinnu — að við hefðum þurft að taka okkur meiri tíma til þess að fara yfir þessa hluti.

Því miður gerðist það líka að kjörbréfanefnd var ekki samstiga og verður að telja það miður því að það er mjög mikilvægt að skýr skilaboð komi frá þinginu. Ég hefði talið, vegna þess sem upp er komið, að það hefði mátt ná sátt í þessari deilu með því að fresta afgreiðslu málsins um sinn og óska eftir því að yfirkjörstjórnir í öllum kjördæmum legðu fram skýrslu um framkvæmd kosninganna. Það er mikilvægt að vilji fólksins komi fram skýlaust og án þess að í efa sé dreginn. Til þess eru kosningar. Því ber að umgangast kosningar af mikilli varúð og eins mikilli virðingu og kostur er.

Það má kannski taka sem dæmi um mismunandi framkvæmd kosninganna að í sumum kjördæmum voru atkvæði sem voru merkt V færð til framboðs Vinstri grænna en annars staðar voru þau dæmd ógild. Það er mikilvægt að það sé samræmi í afgreiðslu yfirjörstjórna í kosningunum, til að mynda vegna þess að jöfnunarþingmenn eru í raun og veru kosnir á öllu landinu. Þess vegna er mikilvægt að það sé samræmd afgreiðsla hringinn í kringum landið og í öllum kjördæmum. Af þessum sökum og ýmsum öðrum höfum við, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, Jóhann Ársælsson og Ögmundur Jónasson ásamt mér sent frá okkur svohljóðandi álit og tillögur sem eru þá álit og tillögur minni hluta kjörbréfanefndar:

„Lögð hefur verið fram til dómsmálaráðuneytisins rökstudd kæra þar sem opinberar niðurstöður alþingiskosninganna frá 10. maí sl. eru dregnar í efa. Samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 frá 17. júní 1944, sker Alþingi sjálft úr um hvort þingmenn þess séu löglega kosnir. Án sérstakrar rannsóknar verður ekki lagt mat á þær ásakanir sem fram koma í kærunni. Í fyrirliggjandi kæru er vísað til þess að framkvæmd kosninganna hafi ekki verið í samræmi við lög og mismunandi aðferðum hafi verið beitt við meðferð kjörgagna í hverju kjördæmi fyrir sig.

Frjálsar kosningar eru einn af hornsteinum lýðræðisins. Framkvæmd þeirra og niðurstöður verða að vera hafnar yfir allan vafa. Þar má engan skugga bera á. Því verður að taka rökstuddar ábendingar, þar sem opinberar niðurstöður kosninga eru dregnar í efa, mjög alvarlega. Ekkert má verða til þess að draga úr trúverðugleika alþingiskosninga, svo mikilvægar sem þær eru lýðræðinu. Því liggur mikið við að Alþingi vandi mjög meðferð sína á þessu máli.

Alþingi er samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar falið að úrskurða um lögmæti kosninga. Í lögum um kosningar til

Alþingis, nr. 24/2000, og í lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er fjallað um hvernig með slíkar kærur skuli farið.

Það er grundvallarregla allra sem fara með úrskurðarvald að áður en úrskurður er upp kveðinn fari fram sjálfstæð rannsókn á þeim atriðum sem um er deilt. Þessi meginregla hlýtur einnig að eiga við um mál sem koma til kasta Alþingis sem úrskurðaraðila. Því er í 5. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, heimildarákvæði þar sem segir m.a. að þingið geti við rannsókn á kjörbréfum þingmanna frestað því að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Lögin gera því beinlínis ráð fyrir því að Alþingi taki að sér að rannsaka ágalla sem kunna að hafa verið á framkvæmd kosninga áður en ákvörðun er tekin um hvort hún skuli metin gild. Alþingi ber að sinna þessari rannsóknarskyldu sinni áður en endanleg ákvörðun um gildi kosninganna og kjörbréfa er tekin.

Það er eðlilegt að þessari heimild verði nú beitt þegar kjörbréf eru rannsökuð. Í þessu sambandi má nefna að í dönsku þingkosningunum árið 1984 tók danska þingið ákvörðun um endurtalningu utankjörfundaratkvæða án þess að bein heimild væri til slíks í dönsku kosningalögunum. Í kjölfar þess atviks var síðan lögfest bein heimild til handa þinginu til að ákveða endurtalningu.

Þótt ekki sé á þessu stigi gerð krafa um endurtalningu allra atkvæða má vera að slíkt kunni að vera nauðsynlegt við nánari skoðun. Það sem mestu skiptir er að vilji kjósenda nái fram að ganga og öllum vafa um annað sé eytt.

Minni hluti kjörbréfanefndar telur því rétt að Alþingi fresti því um sinn að kveða upp úr um lögmæti kosninganna og kalli eftir skýrslum. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að Alþingi fái skýrslur frá yfirkjörstjórnum allra kjördæmanna. Slík skýrsla væri sameiginleg yfirlýsing allra sem sæti eiga í kjörstjórn. Í skýrslunni yrði að tilgreina nákvæmlega hvaða aðferðum var beitt þegar úrskurðað var um gildi atkvæða, hvaða tilvik komu upp, hvers eðlis þau voru og fjölda tilvika, auk þess að upplýsa um þau meginsjónarmið sem lágu að baki úrskurðum um hvort atkvæði teldust gild eða ógild. Enn fremur þurfa kjörstjórnir að lýsa viðhorfum sínum til þeirra atriða sem gerðar eru athugasemdir við í áður tilgreindri kæru.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hve miklu skiptir að meðferð kjörgagna sé sambærileg milli kjördæma. Jöfnunarþingsætum er m.a. úthlutað með tilliti til niðurstöðu á landsvísu. Þar sem örfá atkvæði skildu að einstaka frambjóðendur og réðu úrslitum um það hvort þeir næðu kjöri til þings eður ei getur mismunandi meðferð kjörgagna, mannlegar yfirsjónir við talningu o.fl. skipt miklu um endanleg úrslit kosninganna. Slík atriði gætu hafa leitt til þess að vilji kjósenda kom ekki fyllilega fram. Það er óásættanlegt. Minni hlutinn telur því að þingið verði að kanna þær ásakanir sem fram eru komnar áður en ákvörðun um gildi kosninganna er tekin.

Það yrði að telja afar óeðlilegt ef Alþingi hafnaði beiðni um að fá slíkar skýrslur. Með þessum tillöguflutningi telur minni hlutinn að eyða megi þeirri óvissu eða vafa um niðurstöður kosninganna og ná fullri sátt um afgreiðslu málsins. Það er skylda Alþingis að sjá til þess að allri hugsanlegri óvissu um niðurstöður kosninganna verði eytt. Þar er trúverðugleiki lýðræðisins í veði."

Í samræmi við það sem ég hef nú farið yfir setjum við fram svohljóðandi tillögu:

„Alþingi ákveður að fresta því að kveða upp úr um kjörbréf þingmanna og lögmæti alþingiskosninganna 10. maí sl., sbr. 5. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, þar til fengnar hafa verið skýrslur frá yfirkjörstjórnum allra kjördæma um meðferð kjörgagna og framkvæmd kosninganna. Kjörbréfanefnd hefur umsjón með gagnaöflun og skulu yfirkjörstjórnir í hverju kjördæmi skila skýrslum innan sjö daga frá samþykkt tillögunnar."

Undir þessa tillögu rita, auk þess sem hér stendur, hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson, Jóhann Ársælsson og Ögmundur Jónasson.

Ekki er nokkur vafi um það í mínum huga að þær hugmyndir sem við setjum hér fram eru mjög hógværar og hófstilltar og til þess fallnar að skapa sátt sem allir geta við unað. Það er ekkert launungarmál að ýmsir hafa viljað ganga mun lengra í þessum efnum en ég held að með því að leggja þetta upp með þessum hætti geti allir við unað. Þetta er því í reynd tilboð af hálfu stjórnarandstöðunnar um tiltekna sáttargjörð í þessu máli sem tryggir þá að Alþingi taki þannig á því að reisn og virðing sé að. Því leggjum við þetta til, virðulegi forseti.

[16:49]

**Ögmundur Jónasson:**

Herra forseti. Til kasta kjörbréfanefndar kom að úrskurða um vafaatkvæði sem merkt voru bókstafnum V. Í erindi sem dómsmrn. barst að afloknum alþingiskosningum annars vegar frá yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi og hins vegar í Norðausturkjördæmi, er sérstaklega að þessu vikið.

Frá yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi segir m.a., með leyfi forseta:

„Eins og bókun í gjörðabók ber með sér kom upp ágreiningur um sjö utankjörfundaratkvæði sem merkt voru bókstafi V. Yfirkjörstjórn úrskurðaði þau ógild, en umboðsmenn U-listans, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sættu sig ekki við niðurstöðu yfirkjörstjórnar og vísuðu málinu, lögum samkvæmt, til dómsmálaráðuneytis, sem leggur málið fyrir Alþingi.

Enn fremur ljósrit af bréfi Atla Gíslasonar hrl. sem vísað er til í úrskurði yfirkjörstjórnar."

Og í erindi frá yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis til dóms- og kirkjumrn. segir, með leyfi forseta:

„Við talningu atkvæða við kosningar til Alþingis í Norðausturkjördæmi þann 10. maí 2003 tók yfirkjörstjórn fyrir að úrskurða um framkomna utankjörfundaratkvæðaseðla handskrifaða og stimplaða með bókstafnum V með vísan til bréfs Atla Gíslasonar hrl. Meiri hluti yfirkjörstjórnar úrskurðaði þau ógild. Umboðsmaður U-listans gerði ágreining um þá ákvörðun yfirkjörstjórnar. Umrædd atkvæði eru hér með send dómsmálaráðuneytinu með vísan til 104. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 20/2000. Ákvörðun sína byggir yfirkjörstjórn á lögum og reglum um birtingu stjórnvaldserinda.

Bréfi þessu fylgir afrit af bréfi Atla Gíslasonar hrl. og tölvupósti frá sýslumanninum í Ólafsfirði."

Undir þetta ritar Jón Kr. Sólnes, formaður yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis.

Í báðum þessum erindum er vísað í bréf frá Atla Gíslasyni til dómsmrn., en það er ritað 30. apríl sl. Ég ætla að leyfa mér að lesa þetta bréf, með leyfi forseta:

„Við alþingiskosningar árið 1999 komu þær röngu upplýsingar fram á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins að listabókstafur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (VG) væri V en ekki U. Þá tókst á síðustu stundu að frumkvæði Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. að koma í veg fyrir að

framboðslisti VG væri auglýstur í blöðum undir listabókstafnum V. Í aðdraganda komandi alþingiskosninga, sem fram fara 10. maí nk., hefur sami misskilningur enn komið upp. Í kosningaupplýsingum SÍNE vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sem birtar eru að sögn SÍNE með góðfúslegu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, er listabókstafur VG tilgreindur V. Þessar röngu upplýsingar voru sendar öllum félagsmönnum SÍNE og birtar á heimasíðu þess. Sami misskilningur kom fram á vefsíðunni Plúsinn. Þá hafa borist staðfestar upplýsingar um að starfsmaður hjá sýslumanninum í Reykjavík hafi gefið upp V sem listabókstaf VG og kvartað hefur verið undan því að hjá sýslumanninum á Ólafsfirði hafi nýlega legið frammi stimpill með bókstafnum V fyrir VG. Ljóst má vera að þessi alvarlegi misskilningur, sem virðist mega rekja allt til ársins 1999, hafi leitt til þess að atkvæði greidd VG utan kjörfundar fyrir komandi alþingiskosningar kunni að vera ranglega rituð eða stimpluð með bókstafnum V en ekki U á kjörseðla. VG gerir kröfu til þess að slík atkvæði verði metin sem gild atkvæði greidd flokknum og munu umboðsmenn hans fylgja því eftir við væntanlega talningu utankjörfundaratkvæða. Sérstaklega er óskað eftir því að yfirkjörstjórnir upplýsi kjörstjórnir um málið þannig að atkvæði merkt V komi til úrskurðar viðkomandi yfirkjörstjórnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs,
Atli Gíslason hrl.“

Hverjar urðu síðan lyktir þessa máls? Í fjórum kjördæmum af sex var listabókstafurinn V tileinkaður Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í samræmi við það sem hér kemur fram og í samræmi við það sem heilbrigð skynsemi mælir til um og sanngirni manna. Í tveimur kjördæmum var þetta hins vegar ekki gert, í Suðvesturkjördæmi annars vegar og í Norðausturkjördæmi hins vegar. Þess vegna voru þau erindi sem ég las upp áðan eða vitnaði til, send dómsmrn. og þau bárust síðan inn í þingið og það kom til kasta kjörnefndar nú fyrir stundu að úrskurða um þessi atkvæði.

Það kom fljótlega í ljós við umræðuna að stjórnarmeirihlutinn eða fulltrúar stjórnarmeirihlutans voru á sama máli og yfirkjörstjórnir í Suðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi og þá óskaði ég eftir efnislegri umræðu um málið. Eru menn þá ósammála niðurstöðu yfirkjörstjórna í hinum kjördæmunum fjórum? Ég vildi fá efnislega umræðu um málið því okkur er gert, alþingismönnum og fulltrúum í kjörbréfanefnd, að taka slíka efnislega umræðu um þetta mál. Því var hafnað. Stjórnarmeirihlutinn í kjörbréfanefnd hafnaði því að taka efnislega umræðu um málið og án slíkrar efnislegrar umræðu var gengið til atkvæða og málið afgreitt út úr nefndinni.

Ég vil einnig vekja athygli á því að málið snerist ekki einvörðungu um hvort viðurkenna ætti bókstafinn V fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, heldur voru einnig uppi álitamál um hvaða stafur hefði yfirleitt verið skrifaður, því a.m.k. í tveimur tilvikum er það mitt mat að um bókstafinn U hafi verið að ræða en ekki bókstafinn V.

Þetta eru staðreyndir málsins. Og mér finnst það grafalvarlegt mál ef fulltrúar stjórnarmeirihlutans í kjörbréfanefnd rísa ekki betur undir ábyrgð sem þeim er falin en sem hér kemur fram. Mér finnst það mjög alvarlegur hlutur og það er reyndar mjög margt alvarlegt í þessari málsmeðferð allri.

Gera menn sér grein fyrir því að umboðsmönnum Frjálslynda flokksins í Reykjavík norður var beinlínis meinað að koma að talningunni í samræmi við landslög? Þetta eru staðreyndir. Ég hefði talið það lágmarkskröfu að vafaatkvæði í því kjördæmi yrðu endurtalin þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna hefðu aðkomu. Mér finnst það vera lágmarkskrafa.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að sú tillaga sem við setjum hér fram er sanngirniskrafa. Hún er tillaga til málamiðlunar. Og ég tek undir það sem hann sagði að við erum að fjalla hér um grafalvarlegt mál. Niðurstöður í alþingiskosningum eiga að vera hafnar yfir allan vafa. Við erum að óska eftir því að farið verði fram á rannsókn. Við gefum okkur tilskilinn tíma, sjö daga, komum þá saman að nýju og tökum ákvarðanir í samræmi við þau gögn sem liggja fyrir.

Finnst mönnum þetta ekki sanngjarnt? Er þetta ekki eðlilegt? Þetta er í samræmi við landslög og stjórnarskrá vegna þess að við förum hér að stjórnarskrá landsins. Þar segir að Alþingi beri endanlegt vald í þessum efnum í samræmi við landslög og menn hafa verið að fara í gegnum þau lög, bæði þingskapalög og lög um kosningar til Alþingis. Niðurstaðan varð sú að bjóða upp á þessa leið til málamiðlunar, að við óskuðum eftir skýrslu frá öllum yfirkjörstjórnum og að farið yrði í saumana á þeim alvarlegu álitamálum sem eru uppi. Og þegar þau gögn lægju fyrir kæmum við hér saman að nýju.

Síðan er það náttúrlega annar handleggur hvernig að þessu hefur verið staðið af hálfu stjórnvalda, dómsmrn., utanríkisþjónustunnar. Ég spyr: Eru menn þar bara sofandi? Eru starfsmenn sendiráða Íslands sofandi? Í Kaupmannahöfn er verið að bjóða upp á lista með bókstafnum Z vegna þess að það mun hafa verið bókstafur anarkista, held ég, í síðustu kosningum. Lifum við ekki á tölvuöld? Er ekki hægt að koma upplýsingum á hraðvirkan hátt til skila? Þetta eru lög sem eru smíðuð þegar landpóstarnir fóru yfir. En við lifum á tölvuöld og það er lágmarkskrafa að utanríkisþjónustan og dómsmálayfirvöld bregðist við með öðrum hætti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál að sinni um þessa tillögu sem við stöndum sameiginlega að úr stjórnarandstöðunni.

[17:00]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Herra forseti. Við í Frjálslynda flokknum töldum það sjálfsagt að reyna að ná sáttum í þessu máli og reyna að fá fram málsmeðferð sem gæti verið þinginu til fulls sóma. Við ákváðum því að fallast á það að fara í málið sameiginlega með öðrum flokkum stjórnarandstöðunnar eftir að fyrir lá hvernig meiri hluti ríkisstjórnarflokkanna hafði ákveðið að afgreiða þessi mál í kjörbréfanefndinni.

Það er auðvitað öllum ljóst sem hér eru inni að við í Frjálslynda flokknum gerðum snemma athugasemdir við framkvæmd kosninganna og fórum af stað í þá vegferð eins og við töldum eðlilegt að fara hana. Reyndar höfðum við engin fordæmi í þessu máli um það hvernig málið skyldi bera að en við fórum þá leið að skrifa til yfirkjörstjórnanna og einnig til landskjörstjórnar. Það var upphafið að því að við fórum að skoða þetta mál.

Ég verð að segja alveg eins og er, og get ekki dregið dul á það, eftir að hafa fyrst í stað verið nokkuð tregur til að fara að hreyfa við þessu máli, að eftir að hafa skoðað málið í nokkra daga er ég sannfærður um að það er mjög margt í löggjöfinni og framkvæmdinni sem við þurfum að skoða

og lagfæra. Þann lærdóm hljótum við alla vega að draga af þessu máli.

Ég hefði talið það eðlilegt og sjálfsagt að í þessu máli yrði farið að 5. gr. þingskapa og málið rannsakað og síðan skilað hér skýrslu. Og miðað við þá málsmeðferð sem við höfum lagt hér upp í stjórnarandstöðunni, minni hlutinn í kjörbréfanefnd, þá teljum við að hægt hefði verið að ljúka á einni viku þeirri málsmeðferð sem hér er lögð upp í okkar sameiginlegu tillögu. Af hendi Frjálslynda flokksins var þessi málsmeðferð sáttaleið, við vildum auðvitað að sú kæra sem barst hingað inn frá umboðsmanni Frjálslynda flokksins, fyrst til dómsmrn. og síðan inn til Alþingis, yrði tekin til afgreiðslu lið fyrir lið. Meiri hlutinn ákvað að afgreiða hana með því að taka afstöðu til þess að hér væru öll kjörbréf gild og þar með væri kæran ekki meira til umfjöllunar af þeirra hálfu, og það er jú meiri hlutinn sem ræður í hv. Alþingi. En við höfum málfrelsi, venjulegir þingmenn, til þess að tala um það sem okkur finnst úrskeiðis hafa farið og ég hef hugsað mér að nota mér það málfrelsi hér í þessum ræðustól og fara nokkrum orðum um það sem hér er til umræðu.

Í fyrsta lagi er það alveg ljóst að við í Frjálslynda flokknum mótmælum þeirri afgreiðslu sem ákveðin var af meiri hlutanum í kjörbréfanefnd og teljum að þar sé verið að fara á skjön við það sem eðlilegt gæti talist, vegna þess að það hefur komið í ljós, eins og kemur fram í kæru Björgvins Egils til dómsmrn., sem borist hefur hingað, að það er fjöldamargt sem þarf að athuga varðandi framkvæmd og meðferð kjörgagna. Og þó að málið hafi í upphafi verið reist á þeim grunni að það munaði ákaflega litlu til þess að það gæti orðið breyting á uppbótarþingsætum, tiltölulega fáum atkvæðum, þá eru samt sem áður fjöldamörg atriði — eins og fram hefur komið í nál. minni hlutans og fyrri framsögumenn hafa gert ágætlega grein fyrir — sem að okkar viti þarf að skoða. Og þótt við á þessu stigi föllumst á að ekki sé gerð krafa um endurtalningu allra atkvæða með því að fallast á þessa málamiðlunartillögu og vera samstiga í stjórnarandstöðunni um að flytja hana, þá teljum við að þó svo að slík tillaga væri samþykkt þá væri þar með ekki búið að loka fyrir þá leið að við endurskoðun á öðrum kjörgögnum gæti komið upp sú staða að frekar þyrfti að skoða málin og jafnvel að til algjörrar endurtalningar á atkvæðum þyrfti að koma.

Það vill svo til um þá málsmeðferð sem við höfum verið að leggja til, m.a. núna í þessu sameiginlega áliti okkar, að í Danmörku var farin sú leið fyrir nokkrum árum að skoða þar utankjörfundaratkvæði sérstaklega vegna þess að litlu munaði. Ég geri ekki ráð fyrir því að Danir hafi farið þá vegferð vegna þess að þeim fyndist einhver minnkun að því að skoða vafamál heldur teldu þeir það sjálfsagt og lýðræðinu til framdráttar, og þess vegna hafi sú aðferð verið valin af þeirra hálfu. Í framhaldi af því var svo farið í það í Danmörku að setja sérstök ákvæði inn í dönsku lögin um endurtalningar, en í íslensku kosningalögunum er engin slík ákvæði að finna og reyndar ekki heldur í sveitarstjórnarlögunum, og hefur þó verið endurtalið í sveitarstjórnarkosningum. Það gert m.a. 1978 hér í Reykjavík þegar munaði níu atkvæðum. Þá ákvað yfirkjörstjórn í Reykjavík að endurtelja. Þannig eru fordæmin til staðar en meiri hlutinn hins vegar hunsar það algjörlega að litið skuli til nokkurra fordæma eða yfirleitt að litið skuli til þess að það sé nokkur skapaður hlutur að sem ætti e.t.v. að skoða í þessum kosningum.

Við höfum nefnt nokkur dæmi í ýmsum plöggum sem við höfum sent frá okkur. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér alla kæru Björgvins Egils, eins og hún birtist í skjalinu. Hefur forseti nokkuð við það að athuga?

(**Aldursforseti** (HÁs): Forseti getur ekki gert athugasemdir við það hvaða skýrslur þingmaðurinn telur nauðsynlegt að lesa upp, en forseta þætti vænt um að fá áætlun um hugsanlega lengd ræðutíma þingmannsins.)

Ég mundi giska á að þessu lyki svona upp úr kl. sex, herra forseti. Nægja þær upplýsingar?

(**Aldursforseti** (HÁs): Þær nægja í bili og þingmanninum er því heimilt að halda áfram ræðu sinni.)

Til dómsmrn. barst þann 23. maí krafa um endurtalningu atkvæða í nýafstöðnum alþingiskosningum. Sá sem sendi þá kæru inn var Björgvin Egill Vídalín Arngrímsson, til heimilis í Stararima 55 í Reykjavík, kjósandi í Reykjavíkurkjördæmi norður, formaður kjördæmisfélags Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi ...

(**Aldursforseti** (HÁs): Mér finnst einsýnt í ljósi þeirra upplýsinga sem þingmaðurinn hefur gefið að engar líkur séu á því að hér geti farið fram umræður í kvöld eins og gert var ráð fyrir og þarf að útvarpa og sjónvarpa, þannig að ég tel ástæðu til að aflýsa þeim. Eins og útlitið er sé ég engar líkur á því að þessum umræðum verði lokið. Það verður að gera útvarpi og sjónvarpi viðvart og þingmenn þurfa að sjálfsögðu að vita um það. Því tel ég, miðað við það að þingmaðurinn verður ekki búinn með ræðu sína fyrr en kannski einhvern tíma upp úr sex og síðan eiga ýmsir þingmenn eftir að taka til máls, að það sé alveg ljóst að af þeim umræðum verður ekki.)

Má ég halda áfram máli mínu?

(**Aldursforseti** (HÁs): Gjörðu svo vel.)

Ég var að víkja að þeim aðdraganda, þeirri kæru sem barst frá formanni kjördæmisfélags Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður og suður, sem kærði til Alþingis framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí og gerði eftirfarandi kröfur í kæru sinni:

„Aðallega að öll greidd atkvæði í alþingiskosningunum 10. maí 2003 verði, að viðstöddum umboðsmönnum flokkanna, endurtalin og að úrskurðað verði um þau atkvæði sem úrskurðuð voru ógild af yfirkjörstjórnum við talningu. Leiði slík endurtalning og endurúrskurðun ógildra atkvæða til breyttrar niðurstöðu þá verði niðurstöður kosninganna til Alþingis 10. maí sl. ógiltar og þeim breytt til samræmis við niðurstöðu endurtalningar.

Til vara er þess krafist að endurúrskurðað verði um þau atkvæði, að viðstöddum umboðsmönnum flokkanna, sem úrskurðuð voru ógild af yfirkjörstjórnum við talningu. Leiði slík endurúrskurðun ógildra atkvæða til breyttrar niðurstöðu þá verði niðurstöður kosninganna til Alþingis 10. maí 2003 ógiltar og þeim breytt til samræmis við niðurstöðu endurtalningar.

Til þrautavara er þess krafist að endurúrskurðað verði um þau atkvæði, að viðstöddum umboðsmönnum flokkanna, sem úrskurðuð voru ógild af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður við talningu. Leiði slík endurúrskurðun ógildra atkvæða til breyttrar niðurstöðu þá verði niðurstöður kosninganna til Alþingis 10. maí 2003 ógiltar og þeim breytt til samræmis við niðurstöðu endurtalningar.“

Síðan segir:

„Heimild til kæru þessarar er byggð á 118. og 119. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Kæra þessi er send dómsmrn. í tveimur samritum og skal annað samritið

lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun, sbr. 118. gr. laga nr. 24/2000."

Með þessari kæru fylgir svohljóðandi greinargerð:

„Kærandi telur mikilvægt að áður en hið háa Alþingi og nýkjörnir alþingismenn staðfesta gildi eigin kosninga 10. maí 2003, sbr. 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins og XXII. kafla laga nr. 24/2000, beri að eyða allri óvissu um að rétt hafi verið staðið að framkvæmd alþingiskosninganna. Með endurtalningu verði tryggð örugg og rétt úrslit alþingiskosninga þann 10. maí 2003 og þar með verði vilji kjósenda án nokkurs vafa að fullu virtur. Slík málsmeðferð yrði í anda lýðræðisins sem skylt er að hafa í heiðri.

Ástæða þess að kærandi krefst þess að atkvæði í nýafstöðnum alþingiskosningum verði endurtalin er af öryggisástæðum þar sem svo litlu munar í atkvæðum á landsvísu til þess að verulegar breytingar verði á því hverjir teljist réttkjörnir alþingismenn. Munar þar á landsvísu aðeins 13 atkvæðum af samtals 185.398 greiddum atkvæðum til þess að oddviti á framboðslista Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður verði réttkjörinn þingmaður í jöfnunarþingsæti og að frambjóðandi í 2. sæti á lista Framsfl. í kjördæminu missi þingsæti sitt. Kæru þessari er því jafnframt beint að gildi kosningar þessa frambjóðanda á lista Framsfl., sbr. 118. gr. laga nr. 24/2000. Munar hér aðeins 0,007% atkvæða, eða 13 atkvæðum, eins og áður sagði, að gjörbreyting verði á niðurstöðu kosninganna þannig að hér getur mjög lítil skekkja í talningu eða rangt mat á vafaatkvæðum og áður dæmdum ógildum atkvæðum skipt sköpum. Sérstök áhersla er lögð á að talning og úrskurðir varðandi vafaatkvæði og utankjörfundaratkvæði verði skoðuð sérstaklega.

Þó svo að ekki sé kveðið á um endurtalningu í lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, er ekkert í lögunum sem bannar endurtalningu eða kveður á um að einungis megi telja greidd atkvæði einu sinni. Verður að telja eðlilegt að atkvæði séu endurtalin þegar krafa er um það og svo lítill munur er á atkvæðum sem raun er á og getur gjörbreytt niðurstöðum alþingiskosninganna. Einnig verður að telja að Alþingi geti í skjóli valdheimilda sinna heimilað endurtalningu atkvæða í alþingiskosningum.

Vakin er athygli á að í borgarstjórnarkosningum 1978 ákvað yfirkjörstjórn í Reykjavík að endurtelja atkvæði af öryggisástæðum vegna þess að 9 atkvæða munur reyndist á afhentum kjörseðlum og að brögð voru að því við talninguna að kjörseðlar hefðu flokkast ranglega.

Ekki virðist hafa verið samræmi í vinnubrögðum við framkvæmd kosninga/talningar milli kjördæma og var meðferð vafaatkvæða mismunandi eftir kjördæmum. Sem dæmi um það varð Sveinn Aðalsteinsson, umboðsmaður Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, vitni að því er yfirkjörstjórn í Reykjavík suður hafði samband við yfirkjörstjórn í Reykjavík norður og spurðist fyrir um mat á vafaatkvæðum þar sem kjósendur hefðu í staðinn fyrir að opna kjörseðilinn og krossa við lista hefðu kjósendur skrifað vilja sinn utan á kjörseðilinn. Svarið sem formaður yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður gaf við fyrirspurninni var að þeir hefðu úrskurðað slíka atkvæðaseðla ógilda. Umboðsmaður flokksins, Sveinn Aðalsteinsson, fékk því framfylgt að slík atkvæði í Reykjavíkurkjördæmi suður yrðu dæmd gild, með þeim rökum að á slíkum atkvæðaseðlum kæmi vilji kjósandans skýrt fram og að hefð væri fyrir því í kosningum að úrskurða þannig atkvæðaseðla gilda. Sjá einnig 101. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Í Reykjavíkurkjördæmi suður voru ógild atkvæði 58 en 131 í Reykjavíkurkjördæmi norður. Sami fjöldi kjósenda er í báðum þessum kjördæmum og munur á ógildum atkvæðum því mikill og bendir það einnig til þess að mismunandi forsendur hafi ráðið mati á atkvæðaseðlum við talningu."

Herra forseti. Nú ætla ég aðeins að fresta því að lesa lengra vegna þess að hér er ég með skýrslu landskjörstjórnar um niðurstöðu kosninganna og úttektir og langar að lesa þar upp tölur, með leyfi forseta, varðandi ógilda seðla.

Þar segir að í Norðvesturkjördæmi voru ógildir seðlar 29 og gild atkvæði alls 18.710. Í Norðausturkjördæmi voru gild atkvæði 23.563 en ógildir seðlar 58. Í Suðurkjördæmi voru gild atkvæði 25.032 en ógildir seðlar 29. Í Suðvesturkjördæmi voru 42.832 atkvæði gild og 42 ógildir seðlar. Í Reykjavíkurkjördæmi suður voru 36.890 atkvæði gild en 58 ógildir seðlar. Í Reykjavíkurkjördæmi norður voru 36.145 gild atkvæði en 131 ógilt.

Það er því greinlega mikill munur hvar sem litið er á Reykjavíkurkjördæmi norður annars vegar og afgreiðslu ógildra atkvæða í öðrum kjördæmum, hver svo sem skýringin kann að vera.

Held ég nú áfram að lesa úr þessari kæru, herra forseti:

„Annað dæmi um mismunandi meðferð vafaatkvæða má nefna að í Suðvesturkjördæmi voru atkvæði merkt bókstafnum V dæmd ógild, en þau voru dæmd gild í öðrum kjördæmum."

Rétt er að geta þess þegar hér er komið í ræðunni að meiri hlutinn á Alþingi í kjörbréfanefnd staðfesti það áðan að það skyldi dæma V-atkvæði ógild í sumum kjördæmum en þau eru sem sagt gild í öðrum eftir niðurstöðu kosninganna.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Umboðsmenn Frjálslynda flokksins eða staðgenglar þeirra voru ekki viðstaddir talningu alls staðar, t.d. í Norðvesturkjördæmi, og þeim var sagt við talningu af yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður að þeir ættu ekki að vera viðstaddir úrskurð á vafaatkvæðum. Sjá nánar athugasemdir og dæmi um misfellur við framkvæmd talningar/kosninga í einstökum kjördæmum hér að neðan. Af þessari ástæðu er ekki hægt að bera fyrir sig að umboðsmenn lista Frjálslynda flokksins hafi ekki gert athugasemdir við talningu yfirkjörstjórnar á kosninganótt. Skýrt er kveðið á um í 2. mgr. 98. gr. laga nr. 24/2000 að ef umboðsmenn lista eru eigi viðstaddir talningu skuli yfirkjörstjórn þá kveðja til valinkunna menn úr sömu stjórnmálasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans. Það var ekki gert eða reynt. Kærandi vill sérstaklega að kannað verði hvernig nákvæmu eftirliti umboðsmanna var háttað ef þeir voru ekki kallaðir til eða meinað að vera viðstaddir. Það skiptir sköpum við meðferð ágreiningsatkvæða vegna reglna um meðferð þeirra verði ágreiningur milli yfirkjörstjórnar og einhvers umboðsmanns, sbr. 103. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Í upphafi 3. mgr. 103. gr. laga nr. 24/2000 kemur einnig fram að atkvæði skuli hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna."

Hér vil ég láta þess getið, herra forseti, að í áliti landskjörstjórnar, þegar því var hafnað að hægt væri að taka málið upp eins og það kom frá Frjálslynda flokknum í upphafi, var byggt á því að við hefðum ekki gert athugasemdir við niðurstöðu hjá hverri yfirkjörstjórn fyrir sig. En það er einfaldlega þannig að niðurstaðan á landsvísu verður ekki ljós fyrr en búið er að telja úr öllum kjördæmum og öllum kjördeildum, þannig að þegar af þeirri ástæðu er ekki hægt

að reisa slíkan ágreining ef litlu munar. Og niðurstaðan af því verður þá sú framvegis, ef túlka á leiðbeiningu landskjörstjórnar, að *framkvæmdin mun verða sú í framtíðinni* að allir umboðsmenn lista munu gera fyrirvara, því að ef þeir gera ekki fyrirvara þá geta þeir ekki óskað eftir því að málin verði skoðuð upp á nýtt ef litlu munar í kosningum. Og þá erum við komin að því sem ég sagði áðan, að það hlýtur að leiða til þess að taka þurfi lögin almennt upp, að skoða verði kosningalögin og framkvæmd kosninganna og koma með breytingar á lögunum þannig að málin færist ekki í þann búning, miðað við niðurstöðu landskjörstjórnar, að allir umboðsmenn flokka muni framvegis gera fyrirvara fyrir fram til þess að geta síðan fylgt honum eftir þegar endanleg úrslit liggja fyrir, því að þau liggja eins og allir vita mjög misjafnlega snemma fyrir. Það verður ekki annað lesið úr þeirri leiðbeiningu sem fram kom varðandi athugasemdir Frjálslynda flokksins til landskjörstjórnar.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Kæranda er ekki ljóst hvernig önnur ákvæði 103. gr. laga nr. 24/2000 voru uppfyllt og óskar hann því eftir að sjá allar bókanir og afstemmingar sem gerðar hafa verið og færa á til bókar. Í lok 1. mgr. 103. gr. laga nr. 24/2000 kemur fram að bóka skuli í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess. Í afritum gerðabóka yfirkjörstjórna Reykjavíkurkjördæma norður og suður og Suðvesturkjördæmis er ekki getið um ástæður ógildinga á kjörseðlum. Kærandi hefur ekki upplýsingar um hvernig skráningu í gerðabækur yfirkjörstjórna annarra kjördæma var háttað.“

Í 103 gr. laganna segir alveg skýrt um þetta atriði:

„Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.“

Það er alveg ljóst hvað átt er við. Það á að bóka ástæður þess að kjörseðlar eru gerðir ógildir, það á að greina það í sundur af hvaða ástæðum kjörseðlar eru gerðir ógildir og það skal koma fram í fundargerðum. Það gerir það ekki, ekki í þeim gögnum sem ég hef séð frá yfirkjörstjórnunum, þannig að þeir seðlar sem eru ógildir eru ekki flokkaðir niður og ekki er gerð grein fyrir því hvað að þeim er. Eru það tíu mismunandi ástæður eða er það ein sérstök ástæða sem ógildir þá alla? Var það t.d. svo í Reykjavíkurkjördæmi norður að þeir kjósendur sem skrifuðu utan á kjörseðilinn X-D eða X-F eða einhvern annan bókstaf, að það væri gert ógilt, þó að það hafi verið tekið gilt í mörgum öðrum kjördæmum? Var það svo? Og er það ástæðan fyrir því að svo margir ógildir seðlar eru í Reykjavíkurkjördæmi norður? Spyr sá sem ekki veit því að það kemur ekki fram í þeim fundargerðum sem við höfum séð. Þetta væri m.a. eitt atriðið sem þyrfti að rannsaka ef menn hefðu látið svo lítið að vilja virða sóma þingsins og skoða þessi mál.

Einnig segir fyrr í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Þó svo að ekki sé kveðið á um endurtalningu í lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, er ekkert í lögunum sem bannar endurtalningu eða kveður á um að einungis megi telja greidd atkvæði einu sinni. Verður að telja eðlilegt að atkvæði séu endurtalin þegar krafa kemur um það og svo lítill munur er á atkvæðum sem raun er á og getur gjörbreytt niðurstöðum alþingiskosninganna. Einnig verður að telja að Alþingi geti í skjóli valdheimilda sinna“, m.a. 5. gr. þingskapa, „heimilað endurtalningu atkvæða í alþingiskosningum.“

Niðurstaða okkar er því einfaldlega sú, herra forseti, að það sé margt við kosningarnar að athuga, mjög margt, og það hefði þess vegna verið eðlilegt og sjálfsagt að taka þessar kosningar til yfirvegunar og fara yfir það hvernig framkvæmdin var.

Einnig má segja sem svo að auðvitað erum við hér að vinna með gamalt ákvæði um það að Alþingi ákveður það sjálft samkvæmt 47. gr. stjórnarskrárinnar að umboð til alþingismanna sé gilt. Og vissulega má spyrja sig að því hvort ekki þurfi að skoða þau ákvæði upp á nýtt að Alþingi sem nú kemur saman, þá umboðslaust, ákveði að eigin kjörbréf séu gild. Þannig að það er ýmislegt að skoða, herra forseti.

Síðan er eitt sem ég vil sérstaklega víkja að í máli mínu og það er framkvæmd og meðferð utankjörfundaratkvæða í þessum kosningum. Það virðist svo, herra forseti, að þar sem kosið er utan kjörfundar sé framkvæmdin með ýmsum hætti, t.d. að sums staðar sé ekki stimplað aftan á umslög og atkvæðin verði ógild þess vegna. Í öðrum kjördæmum er það upplýst, m.a. *í Norðvesturkjördæmi þar sem reyndar er* minnst um vafaatkvæði og minnst um ógild atkvæði, að þar voru slík atkvæði talin gild þó að stimpil vantaði, og vilji kjósandans látinn ráða í öllum tilvikum, enda er ekki verið að reisa sérstakan ágreining um það. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér varðandi talningar í Norðvesturkjördæmi virðist ekki hafa verið um neinn ágreining að ræða þar í endastöðunni varðandi niðurstöðu atkvæða.

Þegar kjósandi kýs utan kjörfundar treystir hann því auðvitað að sá embættismaður sem framkvæmir kosninguna geri það á löglegan hátt og tryggi það að atkvæði kjósandans verði löglegt. Ég held að allir Íslendingar sem kjósa utan kjörfundar telji sig geta treyst því að verk embættismannanna séu hafin yfir vafa og tryggi það að ef vilji kjósandans kemur rétt fram á atkvæðaseðlinum, ef rétt er kosið, rétt merkt við og rétt lögheimili skrifað og atkvæðaseðillinn komist í rétt kjördæmi, þá teldist hann gildur. En svo er ekki í öllum tilvikum eins og ég hef rakið hér í máli mínu.

Herra forseti. Ég er hér með þrjá kjörseðla, þrjá utankjörfundarseðla. Einn átti að fara í Reykjavík, annar átti að fara í Norðvesturkjördæmi og þriðji virðist hafa átt að fara í Norðausturkjördæmi miðað við áritun utan á umslagið, sem er ekki sama áritun og er hér á bakhliðinni þar sem nafn kjósanda er, en þar kemur skýrt fram að viðkomandi kjósandi á lögheimili á Ísafirði þó að utan á atkvæðaseðilinn sé ritað Norðausturkjördæmi. Það er reyndar eina atkvæðið eins og sjá má sem er með stimpil, tvö eru óstimpluð, þetta er stimplað.

Maður hlýtur að spyrja hvað hefði orðið um þessi atkvæði ef þau hefðu komist til skila. Hins vegar var kosið það seint í viðkomandi kjördeild norður í landi að þessi atkvæði komust ekki frá Norðausturkjördæmi í Norðvesturkjördæmi og til Reykjavíkur. Menn sátu því uppi með það að atkvæðin komust ekki til skila. Það er auðvitað nokkuð sem getur alltaf komið fyrir, hvort sem leiðbeiningin er rétt eða verkin rétt eða ekki.

En þá spyr maður: Kosningalög okkar gera ráð fyrir því að ef vilji kjósenda sé skýr þá eigi hann að ráða. En það gildir ekki í þessu tilviki því hér er það vöntun embættisstimpilsins sem ræður því, ef þannig er unnið, að atkvæði teljast ógild. Ég veit að til eru þingmenn hér í salnum sem vita að atkvæði hafa verið dæmd ógild ef stimpil hefur vantað. Hér í salnum eru líka þingmenn sem vita að atkvæði hafa verið tekin gild, m.a. í síðustu alþingiskosningum, þó að stimpilinn vantaði á utankjörfundaratkvæði. Meðferðin er því sitt á hvað.

Ég tel mig líka hafa leitt að því nokkrar líkur að meðferðin á öðrum atkvæðaseðlum, m.a. sem fólk áttaði sig ekki á að

opna og skrifaði utan á þá, sé líka sitt á hvað eftir því hvar þau eru afgreidd. Það hefði verið eðlilegt að menn skoðuðu það.

Þess vegna var mjög eðlilegt að samþykkja að fara þá leið sem var niðurstaða minni hlutans og stjórnarandstöðuflokkanna að fara fram á, þ.e. að 5. gr. þingskapanna væri fylgt og þeirri leiðbeiningu að Alþingi rannsakaði sjálft eða léti rannsaka kosningarnar og meðferð atkvæða og úrskurð vafaatkvæða. Það hefði verið Alþingi til sóma, ég vil segja mikils sóma, að vinna verkið þannig en ekki segja bara að hér sé allt í góðum gír og góðu og fínu lagi og að við stimplum allt sem gert hefur verið og þar með að meðferð vafaatkvæðanna sé sitt á hvað, í fjórum kjördæmum gild en ógild í tveimur.

En það var akkúrat vígstaðan sem stjórnarflokkarnir völdu sér. Þeir völdu að segja sem svo: „Við skulum staðfesta allt sem yfirkjörstjórnin hefur gert því ef við förum einhvers staðar í breytingar erum við komnir út í fúafen." Það var bara niðurstaðan og þar töldu þeir að best væri að verjast í þessu máli. Það er hins vegar stjórnarflokkunum til lítils sóma að hafa farið þannig í málið og lítil virðing er sýnd kjósendum í þessu landi þar sem menn fást ekki einu sinni til þess að skoða málin upp á nýtt og velta því fyrir sér hvað af þessu megi læra.

Í 1. gr. þingskapa er fjallað um kosningu kjörbréfanefndar og það hlutverk hennar að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna.

En í 5. gr. segir, með leyfi forseta:

„Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns ...

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim."

Þannig er nú þetta, herra forseti. Ekkert hamlar því að fara þá leið sem stjórnarandstaðan lagði til, þ.e. að láta hér fara fram rannsókn. Það er dálítið sérstakt, verð ég að segja, herra forseti, að meiri hluti kjörbréfanefndar skuli leggja af stað í þessa vegferð með þeim hætti að afgreiða kærur og öll álitamál út af borðinu án þess að, eða eins og segir í upphafi álits minni hlutans, með leyfi forseta:

„Án sérstakrar rannsóknar verður ekki lagt mat ..."

(**Aldursforseti** (HÁs): Ef ég mætti ónáða hv. þingmann og upplýsa að forseti hyggst haga málum þannig að stefnt verður að því að ljúka umræðum um þetta mál í dag eða í kvöld en atkvæðagreiðslum frestað til morguns, til klukkan hálftvö á morgun. Þingmenn geta þá gert ráðstafanir í samræmi við það. Ég vildi upplýsa þingmenn um þetta.)

Í þessu áliti minni hlutans segir að án sérstakrar rannsóknar verði ekki lagt mat á þær ásakanir sem fram koma í kærunni, þ.e. kærunni sem ég gerði að umtalsefni hér áðan. Í fyrirliggjandi kæru er vísað til þess að framkvæmd kosninganna hafi ekki verið í samræmi við lög og mismunandi aðferðum hafi verið beitt við meðferð kjörgagna í hverju kjördæmi fyrir sig. Ég tel mig hafa leitt fram rök fyrir því að þannig hafi það verið, þ.e. að það væri mismunandi eftir kjördæmum. Það verður að segjast alveg eins og er að kjósendur á Íslandi, Íslendingar, venjulegt fólk hér á landi, stendur uppi með það að meiri hluta alþingismanna hér á þinginu, ríkisstjórnarflokkunum, finnst ekki í leggjandi að auka hér á réttlæti og lýðræði, með því að skoða m.a. hvernig kosningarnar fóru fram, hvernig embættisverk voru unnin, hvaða atkvæði voru tekin gild, hvar og hvernig. Svo virðist vera. Því miður, herra forseti, verð ég að segja.

Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að lítill sómi er að þessari niðurstöðu meiri hlutans. Það er mjög lítill sómi að henni. Það eykur ekki tiltrú fólks í landinu á lýðræðislegar ákvarðanir þegar menn sjá ekki einu sinni ástæðu til þess að velta því upp sem hugsanlega hefði getað tekið viku, þ.e. að fresta hér afgreiðslu kjörbréfa til þess að leiða í ljós hvað úrskeiðis hafi farið og hvað við getum betrumbætt. Það er niðurstaðan, herra forseti. Það er niðurstaðan, því miður.

Herra forseti. Þegar þessu máli lýkur svo hér og búið er að samþykkja kjörbréf þá er hægt að eyða atkvæðunum því að í kosningalögunum segir að það megi eyða atkvæðum eftir að Alþingi hefur samþykkt kjörbréfin.

Herra forseti. Nú verð ég að mælast til þess að háttvirt Alþingi eða dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir atvikum sjái til þess að kjörgögnum verði ekki eytt, að þau verði geymd, því við í Frjálslynda flokknum sem höfum leitað eftir því að fá hér fram ákveðna skoðun á meðferð kjörgagna og kosninga. Við viljum ekki að málið endi með þeim hætti að við sitjum uppi með þá skömm að atkvæðin verði brennd áður en öll réttarúrræði eru tæmd. Þess vegna óska ég sérstaklega eftir því, herra forseti, að séð verði til þess að kjörseðlar og kjörgögn fáist geymd þar til látið hefur verið reyna á hvaða lagalegar aðferðir séu færar til að fjalla um þær kosningar sem við erum hér að ræða og meðferð kjörgagna í þeim. Þess vegna hyggjumst við fara fram á það við dómsmálaráðuneytið að kjörseðlar verði varðveittir um einhvern tíma meðan við látum reyna til fulls á hvaða réttaraðferðir við höfum til þess að láta reyna á niðurstöðu síðustu kosninga.

Herra forseti. Þessu vil ég koma hér á framfæri og treysti því, ja, ég bara verð að treysta því, að mönnum sé ekki svo brátt í brók að það þurfi að eyða kjörseðlum um leið og samþykkt hefur verið sú afgreiðsla sem meiri hlutinn leggur til. Það væri nú heldur undarlegt eftir þá málsmeðferð sem hér hefur komið fram og þær athugasemdir sem komið hafa fram ef mönnum verður ekki gefinn kostur á því í réttarríkinu Íslandi, t.d. þeim einstaklingi sem hér hefur kært, Björgvini Agli, að fylgja málinu eftir ef hann telur sig eiga einhver réttarúrræði til þess, sem mér er ekki alveg ljóst hvort eru til staðar, eftir að málinu hefur lokið með afgreiðslu í þinginu. Það er auðvitað vegna þess að ekki hefur reynt á þetta áður og ekki er í neinar hefðir að sækja í þessum efnum. Á það er auðvitað bent að í kosningalögunum er ekki ákvæði um endurtalningu. Það er heldur ekki bannað. Það er ekki ákvæði um að það megi ekki skoða vafaatkvæði eða utankjörfundaratkvæði. En það er heldur ekki leyft.

Við erum því vissulega hér á svæði sem við vitum ekki nákvæmlega hvernig á að túlka. Þess vegna hljótum við að fara fram á að jafnmikilvægum gögnum og atkvæðaseðlarnir sjálfir eru og varðveisla þeirra ógildra eða gildra verði haldið til haga þannig að öll réttaráhrif megi dæma af þeim sem vilja halda málinu áfram. Þá er ég að tala um íslenska ríkisborgara sem hugsanlega vildu fara með málið í einhvern þann farveg sem þeir telja að þeir eigi rétt á. Það hefur m.a. verið bent á það hvort það standist mannréttindaákvæði að Alþingi sjálft ákveði um eigið ágæti eða eigin meðferð á hæfi eða ekki hæfi og einnig það að engin ákvæði eru í kosningalögunum um endurtalningu eða ekki endurtalningu.

Og svo er nú náttúrlega þetta síðasta sem gerðist í dag, þ.e. að meiri hlutinn ákvað að sums staðar væru vafaatkvæði gild og sums staðar ekki. Þetta er náttúrlega alveg fáheyrt. Það er alveg með ólíkindum að þetta skyldi hafa komið upp, að svo skuli vera í réttarríkinu Íslandi að sums staðar séu ákveðnir hlutir teknir gildir en í öðrum landshlutum ekki. Við gætum spurt um Framnesveginn í Reykjavík. Það vill svo til að til er Grímsey norður í Steingrímsfirði. Ef menn hefðu nú gert mistök í Norðausturkjördæmi og sett Grímseyjarbúa í Norðvesturkjördæmi og þeir hefðu nú bara kosið í Norðvesturkjördæmi óvart eftir þeirri kjörskrá, hefði það þá verið allt í lagi og hefði ekkert þurft að gera neinar athugasemdir við það? Hefði bara verið hægt að kippa því svona í liðinn eins og gert var hér? Eða er þetta bara hægt af því þetta er í Reykjavík þar sem götur liggja báðum megin við ákveðna braut? Eru sem sagt lögin öðruvísi í Reykjavík en í Steingrímsfirði eða í Grímsey? Er það svo? (**Gripið fram í:** ... kannski að tala við bæjarstjórnina á Akranesi?) Ja, það gæti verið (Gripið fram í.)

Ég tel mig vera búinn að leiða líkur að því í máli mínu, herra forseti, að það sem við erum hér að ræða er grafalvarlegt mál. Þetta er enginn leikur. Þetta er engin æfing, eins og dagskrárgerðarmaðurinn á Stöð 2 sagði í morgun, að það væru æfingar Frjálslynda flokksins sem hér ætti að ræða í dag. Við erum ekki að ræða neinar æfingar. Við erum að ræða um réttarstöðu fólks í íslenska ríkinu, (**Gripið fram í:** ... prófkjör.) réttarstöðu einstaklinganna. Þó að Sjálfstæðisflokknum hafi tekist að framkvæma sérstakt prófkjör í Norðvesturkjördæmi með þeim sérstöku afbrigðum og aðferðum sem þar hafa viðgengist þá á ekki að innleiða það í íslenskar alþingiskosningar, þó þeir hafi mikla æfingu í því. Og þó að formaður kjörbréfanefndarinnar komi úr þessu vinsæla kjördæmi og hafi tekið þátt í þessu sérstaka prófkjöri og fengið þar ákveðna æfingu í því hvernig eigi nú að fara að þessu þá getum við ekki innleitt það í alþingiskosningar.

Við sitjum því uppi með það að málsmeðferð í þessu máli er ekki í lagi, bara engan veginn. Og það þýðir ekki að tala um það eins og eitthvert léttvægt mál, við erum að tala um það hvort Alþingi sé löglega kjörið eða hvort það sé ekki löglega kjörið, hvort meðferð atkvæðanna sé eins í þessu kjördæminu og hinu, hvort réttur fólksins í landinu fari eftir því hvort það býr á Framnesveginum eða í Grímsey. Hvar liggja þessar skýru línur sem við eigum að búa við?

Þetta er ekkert „hér um bil“ og „þykjustu“, þetta er ekki „fallin spýtan“ eða eitthvað slíkt sem við vorum í hér í gamla daga. Við erum að tala um réttindi íslenskra ríkisborgara, um réttindi okkar sjálfra sem erum í þessum þingsal. Við eigum að standa vörð um lýðræðið, eða hvað? Höfum við ekki verið kjörin til þess að passa upp á það fyrir hönd íslensku þjóðarinnar að lýðræðið sé virt? Eða er það bara svona í þykjustunni þegar stjórnarflokkarnir líta svo á að það þurfi ekki sérstaklega að taka til þess?

Herra forseti. Ég vona að ég hafi dregið þessi mál þannig fram að mönnum sé ljóst að það er verið að tala um talsvert alvarlegt mál, og það sé ekki hægt að leika sér að því með einhverjum sérstökum hætti sem stjórnarliðum dettur í hug á hverjum tíma.

Nú ætla ég að ljúka máli mínu þó að klukkan sé ekki alveg orðin sex. Ég bið forseta forláts og afsökunar á því að ég hafi verið heldur fljótari en ég gerði ráð fyrir.

(**Aldursforseti** (HÁs): Það er ekki ástæða til að kvarta undan því að þingmaðurinn hafi verið heldur fljótari en hann áætlaði.)

[17:47]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Við erum að tala um hvort það eigi að staðfesta kjörbréf alþingismanna. Það er hlutverk Alþingis samkvæmt stjórnarskrá og reyndar öðrum lögum líka, þ.e. lögum um þingsköp Alþingis, að Alþingi eigi að annast þetta hlutverk. Það er gert ráð fyrir því í þessum lögum að Alþingi geti rannsakað mál, um það deila menn ekki. Og hvenær ættu menn að rannasaka mál hér hvað varðar kosningar ef ekki þegar kemur fram kæra um misfellur á kosningum?

Hér hafa engin rök verið færð fram gegn því að þessar misfellur hafi átt sér stað. Við vitum að kjörgögn hafa ekki verið meðhöndluð með sama hætti í öllum kjördæmum. Og kjörbréfanefnd er að leggja það núna til við Alþingi að atkvæði sem merkt eru V verði meðhöndluð með öðrum hætti í tveimur kjördæmum en hinum fjórum. Kjörbréfanefnd leggur það til að niðurstaðan verði með tvennum hætti hvað þetta mál varðar.

Við vitum líka að sýslumannsembættin í landinu hafa gengið með mismunandi hætti frá utankjörstaðaratkvæðum. Það hafa verið mikil brögð að því að stimplar hafa ekki verið aftan á þeim umslögum sem eru utan yfir þau umslög sem eru með innsigli embættanna, og menn hafa talið að ekki þyrfti að hafa þennan stimpil aftan á hjá sumum sýslumannsembættunum. Þessi atkvæði hafa hins vegar verið talin með mismunandi hætti, þ.e. sums staðar hafa þau verið gerð ógild en annars staðar talin með. Og hér erum við ekki að tala um tvö, þrjú atkvæði. Við erum að tala um mörg atkvæði, jafnvel hundruð atkvæða.

Líklega er það ástæðan fyrir því hver ósköp eru á milli þeirra atkvæða sem ógild voru í Reykjavíkurkjördæmunum. Ég giska a.m.k. á það. Ég sé enga aðra ástæðu sem geti verið fyrir því að það skuli vera helmingi fleiri ógild atkvæði í Reykjavíkurkjördæmi norður heldur en Reykjavíkurkjördæmi suður. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Það er fleira sem hefur verið afgreitt með mismunandi hætti. Í sumum kjördæmum hafa kjósendur af einhverjum ástæðum ekki áttað sig á því að það ætti að opna kjörseðilinn og hafa skrifað utan á hann hvaða listabókstaf þeir kysu. Þau atkvæði hafa verið talin með mismunandi hætti á milli kjördæma.

Það eru sjálfsagt enn þá fleiri atriði sem mætti fram telja, en þessi eru kannski ærið nóg. Ég minni á að ekki er langt síðan að fram fóru uppkosningar í Borgarnesi. Og hvers vegna urðu þær uppkosningar? Það var vegna þess að eitt atkvæði fór með í talningu, eitt af átta atkvæðum sem höfðu sama annmarka fór með í talninguna. Niðurstaða félmrn. var sú að vegna þess að atkvæði höfðu fallið jafnt hvað varðaði 2. mann á lista L-lista og fjórða mann á lista B-lista í Borgarnesi yrði að kjósa að nýju. Ég tel að þetta hafi verið aðalástæðan fyrir því að þær kosningar voru gerðar ógildar.

Nú er það kannski ekkert sáluhjálparatriði að menn afgreiði kjörgögn með nákvæmlega sama hætti í öllum sveitarfélögum vegna þess að þar er verið að kjósa fulltrúa til setu í sveitarstjórn á viðkomandi stað og það ættu allir að sitja jafnt frammi fyrir þeim reglum sem eru notaðar ef þær eru eingöngu notaðar í þeirri kosningu sem verið er að telja úr. En það gegnir öðru máli þegar verið er að telja til Alþingis vegna þess að uppbótarþingmenn eru í raun og veru kosnir á landslista, landið er eitt kjördæmi þegar talið til uppbótar-

þingsæta. Það er þess vegna óþolandi og ekki við það búandi að menn noti mismunandi mat á því hvernig eigi að fara með atkvæði þegar í raun og veru er verið að telja atkvæði þannig að landið er eitt kjördæmi þegar upp er staðið.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég sé ástæðu til að nefna það hér — það kom fram áðan að 18 nýir þingmenn munu vera mættir hér til þings — að í því fyrsta máli sem hér er til umræðu reynir á hvort menn líta á Alþingi sem málstofu þar sem menn taka mark á rökum og gagnrökum og taka afstöðu, ábyrga afstöðu, til úrlausnarefna hér á Alþingi. Það er nefnilega gamalkunnugt fyrir okkur sem höfum setið hér á Alþingi að meiri hlutinn hefur tekið mál og afgreitt þau fyrir fram áður en hann hlustar á þau rök sem fram eru borin. Og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að meiri hlutinn á Alþingi setji verulega niður við það þegar hann stendur frammi fyrir því að taka á máli sem varðar svona alvarlegt atriði lýðræðisins, sem eru kosningarnar sjálfar og rökstuddar kærur sem enginn hefur, enn þá a.m.k., mótmælt hér að séu réttar, og að niðurstaðan skuli vera sú að menn ákveði að fella tillögur um að það fari fram rannsókn á málinu. Hér er einungis verið að biðja um rannsókn á þessu máli. Ég bið menn að velta því fyrir sér hvort það eigi að vera fyrsta verk þeirra, þegar þeir taka sæti á Alþingi Íslendinga, að fella tillögu um að fram fari rannsókn á því hvort þeir og aðrir þingmenn séu rétt kjörnir.

Ég segi fyrir mig að mér finnst kröfur Frjálslynda flokksins sem við fengum hér til umfjöllunar vera í sjálfu sér tvenns konar. Í fyrsta lagi er það krafa um heildarendurtalningu atkvæða. Rökin fyrir henni eru allt önnur en fyrir því sem ég var að ræða hér áðan. Rökin fyrir henni eru þau að svo naumt hafi verið á munum að það sé ástæða til þess að telja að nýju þess vegna og í sjálfu sér engin önnur rök þar á bak við, svo sem að það hafi verið misfellur á talningu eða eitthvað slíkt. Þess vegna set ég kröfuna fyrir því að telja heildaratkvæðamagnið til hliðar frá minni hendi, ég tel það ekki vera aðalatriði máls. Mér finnst aðalatriði máls vera það að hér hefur komið fram góður rökstuðningur fyrir því, því miður, að það hafi verið farið mismunandi með kjörgögn. Það er mjög alvarlegt mál og við því er bara eitt svar. Það er að ganga úr skugga um hvort rétt sé að þannig sé um þetta mál farið, hversu mikið af atkvæðum hafi þá verið talið með þannig að menn viti nákvæmlega hvernig málið liggur. Og ég tel að það sé augljóst mál að Alþingi geti breytt niðurstöðum kosninganna samkvæmt þeim tölum sem kæmu upp. Við afgreiðslu mála í kjörbréfanefndinni, sem hefur í raun og veru það hlutverk að leggja málið fyrir Alþingi, tóku menn afstöðu til þess hvort það ætti að telja tiltekin atkvæði með eða ekki. Menn eru nú þegar búnir að taka þátt í því að taka ákvörðun sem hefði getað haft áhrif á atkvæðafjölda einhvers framboðsins eða einhverra framboða hér við alþingiskosningarnar. Það ætti því ekki að vera þrætuepli hér að Alþingi geti breytt niðurstöðunum og ég held að á því leiki heldur ekki nokkur vafi.

Mér finnst að meiri hlutinn hafi hrapað að niðurstöðu sinni og að menn væru menn að meiri hér á hv. Alþingi ef þeir féllust á að þessi rannsókn færi fram og að fárra daga frestur yrði gefinn til þess að fara yfir þetta, skoða nákvæmlega hver mismunurinn var á meðferð atkvæða, telja með þau atkvæði sem hefði átt að telja með til þess að samræmi fengist í niðurstöður úr öllum kjördæmum. Þetta er í mínum huga ekkert vafamál, það er hægt, og mér finnst hafa verið færð góð rök fram fyrir því að þetta eigi að gera. Mér finnst þá lágmarkið að hér komi menn í ræðustól og rökstyðji það almennilega ef það á ekki að gera þetta. Þau rök hafa ekki komið fram, þau komu ekki fram í kjörbréfanefndinni, og þau þurfa að koma fram hér, í þessum ræðustól, til þess að Alþingi hljóti ekki mikla hneisu af þeirri niðurstöðu sem meiri hlutinn ætlar að knýja hér fram.

Ég skora á menn að koma með þessi rök og sýna fram á það hér í þessari umræðu að það sé rétt niðurstaða sem meiri hlutinn kemst hér að. Og til þess skulum við bara taka okkur þann tíma sem þarf.

Ég vil til viðbótar við þetta segja að ég tel að lögin um þessi atriði séu alveg skýr. Það er hlutverk meiri hluta Alþingis að taka ákvörðun um hvort þingmenn eru rétt kosnir. Við getum haldið langar ræður um hvort við viljum hafa fyrirkomulagið öðruvísi en lögin eru alveg skýr, svona er þetta. Ég tel að þegar niðurstaða meiri hluta Alþingis liggur fyrir, hver sem hún verður — ég leyfi mér þangað til hún liggur fyrir að vonast til að menn hlusti á þau rök sem hér eru færð fram — sé lögleg niðurstaða hvað varðar kjör alþingismanna fengin. Ég tel ekki möguleika á að menn hnekki þeirri niðurstöðu, einfaldlega vegna þess að stjórnarskráin og þau lög sem um þessi atriði gilda eru skýr. Það er þess vegna mín skoðun, ég vil að hún komi fram strax, að rétt sé að samþykkja þá niðurstöðu sem meiri hlutinn kemst að þegar hún liggur fyrir, þ.e. að samþykkja kjörbréf þingmanna þegar meirihlutaniðurstaða er fengin í þetta mál á þinginu. Þá hefur verið skorið úr deilunni. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá er það hlutverk meiri hluta Alþingis að skera úr henni.

Ég vil að þetta komi fram, hæstv. forseti. Ég mun hlusta grannt eftir rökum meiri hlutans fyrir þeirri niðurstöðu að sú rannsókn sem við leggjum til að gerð verði eigi ekki að fara fram. Ég tel afar mikilvægt, hæstv. forseti, að menn gefi sér tóm til að hugsa málið ef þeir geta ekki fært fram skýr rök fyrir þessari niðurstöðu.

[18:01]

**Steingrímur J. Sigfússon:**
Herra forseti. Það fer ekki hjá því að ýmislegt sem vaknað hefur upp við þessa umræðu um framkvæmd kosninganna, af því tilefni sem er hér til umræðu og mönnum er kunnugt, veki mann til mikillar umhugsunar um hvernig staðið er að málum. Það er ærið tilefni til að taka framkvæmd kosninga, kosningalög og meðferð ýmiss konar álitamála í því sambandi til umræðu. Tilefnið hefði gjarnan mátt vera annað en það sem nú er uppi, að svo mjótt er á munum í alþingiskosningum og að meðferð ýmissa álitamála er bersýnilega svo mismunandi eftir kjördæmum að það vekur verulegar áhyggjur af því að ekki sé víst að við höfum réttar niðurstöður í höndum, að vilji kjósenda hafi sannanlega og rétt komið fram.

Ég held að það hafi verið mjög vel rökstutt og þarf ekki að endurtaka það sem sagt hefur verið af fyrri ræðumönnum, framsögumönnum nefndarálits minni hluta kjörbréfanefndar og öðrum, að það er efni til að Alþingi taki málið mjög alvarlega. Þegar málið er sett í samhengi við ákvæði laga, stjórnarskrár, kosningalaga og laga um þingsköp Alþingis, er auðvitað ljóst að það er vandséð hvenær tilefni er til að virkja þau lagaákvæði ef ekki við aðstæður þær sem hér hafa skapast, að afar mjótt er á munum þegar úthlutað er endanlegum þingsætum, síðustu þingsætum. Breyttar niðurstöður, svo nemur aðeins fáeinum atkvæðum eða í mesta lagi fáeinum tugum atkvæða vegna breytts úrskurðar á vafaatkvæðum

eða leiðréttingar á talningum, gætu fært til þingsæti milli flokka, frá nýmynduðum meiri hluta til minni hluta o.s.frv.

Ég tel að tillaga fulltrúa minni hlutans í kjörbréfanefnd sé mjög eðlileg, vel rökstudd og fullt efni til að verða við henni. Ég held að talsmenn meiri hlutans, sem hafa ekki margir tekið þátt í þessari umræðu enn þá — fyrir utan stuttaralega framsögu formanns kjörbréfanefndar hef ég ekki heyrt í neinum þeirra — hljóti að skulda okkur að koma upp og rökstyðja hvaða meinbugir væru á að verða við þessum tilmælum, þessari sáttatillögu til að eyða vafa um lögmæti þess Alþingis sem er nú að hefja störf og á eftir að starfa í rétt fjögur ár? Það hlýtur að vera nokkuð á sig leggjandi til þess. Ég verð að segja að mér finnst meiri hlutinn nokkuð kaldrifjaður ef hann fæst a.m.k. ekki til efnislegra umræðna um það hvort efni sé til slíkra aðgerða.

Það verður ekki séð að okkur væri neinn vandi á höndum þótt hlé yrði gert á störfum þingsins í nokkra daga og þessum þingsetningarfundi frestað. Þeir hafa áður staðið lengi, í sex daga er sagt árið 1956. Menn gætu gengið um í góða veðrinu á meðan kjörbréfanefnd kallaði eftir þessum gögnum, færi yfir málin og skilaði hingað skýrslu.

Það er ljóst að íslenska stjórnarskráin og lög sem á henni byggja gera ráð fyrir því að Alþingi hafi þetta hlutverk með höndum. Það er út af fyrir sig fróðleg umræða hvort það á endilega að vera svo, að það sé í höndum Alþingis sjálfs að staðfesta lögmæti sitt og gildi kosninganna. En þannig er því fyrir komið og fyrir því eru líka ýmis rök. Það er vandasamt að koma því þannig fyrir að hafa það vald annars staðar en hjá Alþingi sjálfu. Ég hygg t.d. að menn gætu lent í ýmiss konar árekstrum ef menn vildu færa það hlutverk yfir til dómstóla. Hér er engum málskotsrétti til æðra stjórnvalds til að dreifa eins og getur gilt þegar kosningar til sveitarstjórna eiga í hlut.

Það er líka ljóst að um ákvæðin í lögum um þingsköp Alþingis er greinilega ekki búið með jafnítarlegum hætti og raun ber vitni nema vegna þess að menn gera ráð fyrir því að á þetta geti reynt. Eðlilega. Það væri skrýtið ef menn hefðu fundið upp svo skothelt kerfi að ekki gæti komið til þess að fara þyrfti yfir niðurstöður kosninga og sannreyna úrslit og jafnvel úrskurða um vafaatriði, þess vegna endurtaka kosningu ef svo bæri undir.

Það er alveg ljóst og þarf ekki að stúdera þessi ákvæði lengi til að sjá að menn hafa viljað búa mjög rækilega um hlutina og Alþingi hefur í sínum höndum vald til að gera það sem það telur til þurfa. Það getur gert allt frá því að fallast á úrslitin án athugasemda, fresta afgreiðslu kjörbréfanna, kalla eftir gögnum, framkvæma sjálfstæða rannsókn á framkvæmd kosninganna, látið endurtelja að hluta eða öllu leyti og yfir í hitt að ógilda kosninguna. Það er tekið fram með pósitífum hætti í 5. gr. laga nr. 55/1991 að Alþingi geti úrskurðað kosningu ógilda jafnvel án þess að nein kæra hafi borist. Ég tel því algjörlega ljóst að allt þar á milli hlýtur að vera í valdi Alþingis enda er ekki hægt að túlka hin einföldu og skýru ákvæðu 46. gr. stjórnarskrárinnar öðruvísi en að þetta vald liggi hjá Alþingi.

Það er upplýst hér, herra forseti, af fyrri ræðumönnum að það eru fordæmi fyrir endurtalningu. Þar er t.d. hægt að vitna til Danmerkur. Það er svo að margt í okkar stjórnskipun og lögum sækjum við þangað. Það skyldi nú ekki vera að þessi ákvæði, bæði 46. gr. stjórnarskrárinnar sem allir vita nú hvaðan er ættuð og svo lög um þingsköp Alþingis og fleira sem þessu tengist, séu meira og minna sniðin að danskri löggjöf og hún hafi verið fyrirmyndin þegar þetta var sett. Það er mjög nærtækt að álykta svo án þess að ræðumaður hafi kannað það sérstaklega í þessu tilviki.

Það eru fjölmörg fordæmi frá kosningum til sveitarstjórna hér á landi fyrir því að endurtalið hafi verið og frægast auðvitað þegar íhaldsmeirihlutinn féll í Reykjavík vorið 1978. Við getum rétt ímyndað okkur hvernig kjörstjórn hefur verið samansett í því tilviki og meiri hluti hennar, reyndar held ég kjörstjórnin öll, var sammála um að láta endurtelja vegna þess að svo mjótt hafði verið á munum.

Þess vegna held ég, herra forseti, að það þurfi ekki að fara í neinar grafgötur um að lagaumgjörðin er til staðar, valdið liggur hjá Alþingi og ekkert að vanbúnaði að samþykkja tillögu stjórnarandstöðunnar af þeim ástæðum.

Hér hefur einnig verið rækilega farið yfir það hversu misvísandi framkvæmdin hefur verið. Það er auðvitað umhugsunarefni, herra forseti. Satt best að segja liggur við að maður skammist sín fyrir að reka sig á að framkvæmdin er miklu brotakenndari og meðferð álitamál meira geðþóttakennd eftir einstökum kjördæmum en hvarflað hafði að manni. Sérstaklega er ljóst að utankjörfundaratkvæðagreiðslan, meðferð þeirra atkvæða og úrskurðir sem henni tengjast, er mjög tilviljanakennd, bæði framkvæmdin af hálfu þeirra sem hana eiga að annst og svo úrskurðir þegar þar að kemur.

Þetta er alveg ljóst varðandi það sem komið hefur fram í gegnum meðferð V-atkvæðanna svonefndu þar sem fyrir lá að búast mætti við ruglingi. Okkur var orðið ljóst, því miður, að mjög misvísandi upplýsingar hefðu af hálfu opinberra aðila og ýmissa annarra, fjölmiðla þar á meðal, verið gefnar vikur og mánuði fyrir kosningar. Ruglingur kom upp hvað varðaði listabókstaf Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til að vekja fyrir fram athygli þeirra sem með kosningarnar fara á að þetta vandamál mundi skjóta upp kollinum, sem og sannaðist. Við vildum láta á það reyna hvort landskjörstjórn treysti sér til að senda frá sér leiðbeiningar um málið. Það taldi hún sig ekki geta gert, ekki hafa heimildir til þess.

Öllum yfirkjörstjórnum var vel ljóst hvað í vændum var og í því tilviki, herra forseti, var sérstakt að a.m.k. ein yfirkjörstjórn hafði gengið frá forsúrskurði um að utankjörstaðaratkvæðaseðlar merktir V skyldu teljast gildir, teljast til atkvæða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta vissu yfirkjörstjórnir. Engu að síður dugði það ekki til að framkvæmdin yrði samræmd. Er mönnum þetta ekki umhugsunarefni, herra forseti? Finnst mönnum þetta í lagi? Er einhver hér í salnum sem skrifar upp á að þetta sé góð framkvæmd, nema þá e.t.v. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem er það karlmenni að mæla með því að menn láti sig hafa þetta engu að síður?

Er eitthvað að vanbúnaði að Alþingi leiðrétti niðurstöðu kosninganna að þessu leyti? Nei, auðvitað ekki. Það er ljóst að það vald liggur hjá Alþingi að ákveða að taka þessi atkvæði gild og bæta þeim við gild atkvæði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem að vísu mundi sennilega ekki duga eitt og sér til að breyta úrslitum kosninganna. Þó er það einnig svo í okkar tilviki að sárgrætilega fá atkvæði vantaði upp á að við fengjum viðbótarþingmann.

Ég hef einnig orðið áþreifanlega var við miklar brotalamir á meðferð og framkvæmd utankjörstaðaratkvæðagreiðslu hjá stjórnvöldum, yfirvöldum sjálfum, bæði hjá sýslumannsembættunum og utanríkisþjónustunni. Ljóst er að fjöldi utankjörstaðaratkvæða hefur verið dæmdur ógildur af því að þau

voru ekki stimpluð eða innsigluð með lögmætum hætti. Það liggur fyrir að víða við framkvæmd kosninganna var því haldið fram, af þeim sem hana önnuðust, að þess þyrfti ekki. Ég veit dæmi þess, herra forseti, að kjósendur sjálfir þurftu að hafa mikið fyrir því að fá atkvæði sínu lokað með þeim hætti. Þegar að því kemur að telja slík atkvæði tekur ekki betra við. Sums staðar var það talið ástæða til ógildingar, sem mun vera rétt, að ekki væri með réttum hætti stimplað aftan á umslögin en annars staðar ekki. Sem sagt: Algerlega handahófskennd framkvæmd. Þarna er ekki við kjósendurna sjálfa að sakast heldur þá sem eiga að annast framkvæmd kosninganna.

Ég leyfi mér að spyrja, eins og fyrri ræðumaður hefur gert í dag: Eru menn sofandi við þessa framkvæmd? Sofa menn ekki bara 8–10 tíma í sendiráðum landsins erlendis heldur 24 tíma á sólarhring, árið um kring? Það mætti ætla það miðað við þessa framkvæmd.

Ég kem kannski að því síðar, herra forseti, hvernig kosningarnar snúa að Íslendingum búsettum erlendis. Í raun og veru er framkvæmdin gjörsamlega neðan við allar hellur, meira og minna eins og hún leggur sig.

Hjá sýslumannsembættum í landinu hefur það sannanlega gerst að þar eru að þvælast við kosningarnar stimplar framboða sem alls ekki bjóða fram. Það er sannanlegt að V-stimplar voru á utankjörstaðaratkvæðagreiðslustöðum fyrir þessar alþingiskosningar. Það bauð enginn fram sem hefur listabókstafinn V. Þetta kom fram þegar lesin var upp orðsending yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis úr þessum ræðustóli áðan, því þá var talað um V-atkvæði handskrifuð eða stimpluð. Með öðrum orðum, það liggur sannað að V-stimplar voru í gangi á utankjörstaðaratkvæðagreiðslustöðum, enda hafði það þegar komið fram og yfir því kvartað að það hafi gerst t.d. hjá sýslumanninum í Ólafsfirði. Er þetta í lagi, herra forseti? Er þetta framkvæmd sem við getum unað við? Nei, ég trúi ekki að nokkur maður, ekki einu sinni hv. formaður kjörbréfanefndar mæli þessu bót. Kannski fáum við að heyra það hér í seinni ræðum að hann telji þetta líka í lagi.

Sömuleiðis að hjá sendiráðum Íslands erlendis liggi frammi fjögurra ára gömul gögn sem gefa kjósendum jafnvel ástæðu til að ætla að við þessar kosningar hafi verið í framboði einhver flokkur sem hafi listabókstafinn Z. En það mun sannað að í sendiráðinu í Kaupmannahöfn og jafnvel á einum stað öðrum hafi slík gögn verið uppi á borðum, jafnvel eftir að framboðsfrestur var útrunninn og auglýsing landskjörstjórnar hafði komið í fjölmiðlum um hverjir hefðu boðið fram og náð að skila inn fullgildum framboðum áður en framboðsfrestur rann út. Er þetta í lagi, herra forseti? Nei, auðvitað er þetta ekki í lagi.

Ég veit mörg fleiri dæmi um verulegan misbrest í framkvæmd kosninganna t.d. gagnvart Íslendingum búsettum erlendis. Að morgni dags nokkru eftir að framboðsfrestur var útrunninn kom ungur maður að kjósa í sendiráði Íslands í Ósló og bað þar um upplýsingar um listabókstafi framboðanna sem væru að bjóða fram. Honum var tjáð að sendiráðið veitti ekki slíkar upplýsingar og það væri ekki þess hlutverk. Og sami maður mátti hringja heim til Íslands til að fá það sannreynt að það framboð sem hann ætlaði að kjósa hefði tiltekinn listabókstaf. Er þetta framkvæmd í lagi? Nei, auðvitað ekki. Það eru ítarleg ákvæði um það í lögum um kosningar til Alþingis hvaða hlutverk sendiráð og ræðismenn skuli hafa með höndum í þessum efnum.

Framkvæmdin, herra forseti, er í raun og veru meira og minna öll þannig að ekki verður annað af henni ráðið en að menn hafi minna en engan áhuga á því að Íslendingar búsettir erlendis njóti kosningarréttar síns. Og í reynd hefur verið lagður steinn í götu þeirra og það torveldað með ýmsum hætti og þar á meðal ber Alþingi ábyrgð á því, svo dapurlegt sem nú er að horfast í augu við það. En sú regla sem sett hefur verið um veru íslenskra ríkisborgara búsetta erlendis á kjörskrá er þannig að hún hindrar að þeir njóti kosningarréttar síns í stórum stíl. Það er algerlega ljóst. Sú aðferð að taka þá út af kjörskrá og skikka þá til að skrá sig til kosningarinnar meira en hálfu ári áður en hún fer fram og taka af þeim réttinn til að kæra sig inn á kjörskrá veldur því að þeir missa af þessum rétti í stórum stíl. Sérstaklega vegna þess að það er ekkert, segi og skrifa, ekkert gert til þess að upplýsa viðkomandi aðila um þær reglur. Það hef ég sannreynt. Ég fór á fundi með Íslendingum búsettum erlendis á a.m.k. einum þremur stöðum í aðdraganda þessara kosninga, í Árósum, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Í öllum tilvikum kom það þorra fundarmanna mjög á óvart hvernig þessar reglur væru og þeir könnuðust ekki við að hafa nokkurn tímann séð neinar upplýsingar hjá íslenskum sendiráðum, hjá Íslendingafélögum, námsmannafélögum eða annars staðar þar sem eðlilegt væri að koma á framfæri upplýsingum um þessa hluti. Auðvitað er þetta neðan við allar hellur. Það á að vera okkur metnaðarmál að auðvelda þeim löndum okkar sem tímabundið eða til lengri tíma eru búsettir erlendis að halda þessum tengslum við landið og kjósa svo lengi sem þeir velja að vera íslenskir ríkisborgarar, þá eiga þeir að hafa þennan rétt og eiga að njóta hans.

Þessi átta ára regla um kjörskrána sem komin er inn í lög um kosningar til Alþingis, 1. gr., er að mínu mati, herra forseti, meingölluð og þarf að endurskoðast. Það kemur reyndar inn á annað mál sem er mjög undarlegt að Hagstofa Íslands neitar með öllu að skrá íslenska ríkisborgara búsetta erlendis jafnvel þó þeir óski sjálfir eftir því að upplýsingar um þá liggi fyrir í þjóðskrá.

Mér finnst, herra forseti, þetta einmitt vera til marks um að löggjöfin er sniðin að öðrum tímum og annarri tækni en viðráðanleg er í dag. Enginn vafi er á því, herra forseti, að þarna er hægt að standa mun betur að málum en við höfum gert.

Ég hef orðið víða var við það erlendis og ég geri ráð fyrir að það gildi um fleiri að íslenskum ríkisborgurum búsettum þar er mjög annt um þennan rétt sinn og tengsl sín við landið, m.a. út á það að halda ríkisborgararétti til að geta kosið hér og haft áhrif á stjórnmálin í landinu. Það finnst mér vera eðlilegur og sjálfsagður réttur ríkisborgara í hverju landi, þótt þeir dvelji fjarri landinu um skeið.

Herra forseti. Það er ýmislegt af þessu tagi sem mér finnst eðlilegt og í raun og veru óhjákvæmilegt að taka inn í umræðuna úr því að hér er upphafin slík á annað borð um margt sem betur megi fara í þessum kosningum og við eigum að láta okkur verða að umhugsunarefni í tengslum við yfirferð á þessu. Þetta ásamt auðvitað mörgu fleiru mundi væntanlega koma til umfjöllunar í framhaldi af því að kjörbréfanefnd hlutaðist til um rannsókn af því tagi sem tillaga minni hlutans gerir ráð fyrir. Þar er beinlínis talað um að öll álitamál af þessu tagi kæmu þá til skoðunar.

Og ég vil segja það, herra forseti, að hvernig sem lyktir þessa máls nú verða, þá finnst mér algerlega óhjákvæmilegt að málinu ljúki ekki þar með, heldur verði tíminn

notaður með góðum fyrirvara fyrir næstu kosningar sem geta auðvitað dottið upp á hvenær sem er og vonandi sem allra fyrst auðvitað, ég veit að starfandi forseti er mér sammála um að mjög æskilegt væri að kjósa sem fyrst aftur og kannski yrðu þá úrslitin betri, að farið verði yfir þessi mál og allt gert sem mögulegt er til að bæta framkvæmd kosninganna, e.t.v. og mjög sennilega að endurskoða lögin um kosningar til Alþingis. Ég held að óhjákvæmilegt sé að gera þar breytingar á. Það sem manni kemur umsvifalaust í hug er auðvitað þessi skrýtna staða landskjörstjórnar að vera algerlega valdalaus gagnvart framkvæmd kosninganna í einstökum kjördæmum, sem aftur þýðir að meðhöndlun vafaatriða getur verið algerlega tilviljanakennd og gagnstæð milli kjördæma, eins og fleiri en eitt dæmi sannanlega eru nú um frá nýafstöðnum kosningum. Það hlýtur að koma til álita að breyta þessu þannig að landskjörstjórn fái a.m.k. vald til að gefa út einhvers konar leiðbeinandi forúrskurði ef fyrir liggur í aðdraganda kosninga að ástæða er til að ætla að upp komi tiltekin skýr vafaatriði eins og meðferð V-merktu utankjörstaðaratkvæðaseðlana núna. Það lá algerlega fyrir að slíkt mundi gerast, sem og kom á daginn.

Hefði þá ekki verið betra að í lögunum væri heimild til handa landskjörstjórn að gefa út einhvers konar leiðbeinandi forúrskurð? Hann þyrfti ekki endilega að vera endanlegur. Hann gæti fyrst og fremst verið leiðbeinandi ef menn vildu ekki færa valdmörkin til að þessu leyti og vildu halda hinu algera sjálfstæði yfirkjörstjórna hvers kjördæmis sem reyndar orkar tvímælis þegar haft er í huga að í vissum skilningi er landið allt eitt kjördæmi, þ.e. þegar kemur að því að telja saman atkvæði flokkanna í heild á landsvísu og úthluta jöfnunarsætum.

Annað atriði er augljóslega meingallað. Það er að einstakar yfirkjörstjórnir ljúka störfum og skrifa undir fundargerðir og fara heim að sofa áður en aðrar hafa lokið talningu og endanlegar niðurstöður liggja fyrir. Það þýðir að menn eru í óvissu um það þegar málinu lýkur í einstökum kjördæmum hver heildarúrslitin verða og hversu mjótt kann að verða á mununum. Þetta hlýtur að leiða til þess að annaðhvort eins og hér var sagt áðan fari menn að gera það til öryggis að setja fyrirvara og neita að staðfesta niðurstöðurnar þangað til heildarúrslitin liggja fyrir eða hitt að menn breyti framkvæmdinni, það þarf ekki endilega að vera lagabreyting, þannig að kjörstjórnirnar sendi frá sér lokatölur en bíði átekta og gangi ekki frá endanlegu áliti með undirritun fundargerða fyrr en t.d. klukkustund eftir að heildarúrslit liggja fyrir. Þá vita allir í hvaða stöðu þeir eru gagnvart heildarúrslitum og hversu mjótt er á mununum.

Það eru ýmsir hlutir, herra forseti, af þessu tagi sem ég held að við hljótum að þurfa að skoða og snúa ýmist að framkvæmdinni sjálfri eða lögunum.

Af því að forseti lýðveldisins sem setti hér þingið í dag ræddi um nýja tækni, nýja tíma og nýja kynslóð og var nú pínulítið kannski að skensa okkur hin sem höfum ekki áttað okkur á því að það eru komnar tölvur og slíkt, eins og hann gerir stundum, forsetinn, hann er fræðari mikill og heldur mönnum við efnið, þá er nú best að taka því fagnandi og spyrja: Hvers vegna taka menn ekki tæknina í þjónustu sína? Af hverju er t.d. ekki opnaður rafrænn utankjörstaðaratkvæðastaður í Kaupmannahöfn, þannig að Íslendingar búsettir þar geti komið á kjörstað á kjördag og kosið rafrænt samkvæmt pottþéttu kerfi sem búið væri að ganga frá og verið þátttakendur í kosningunni þannig? Ég sé ekki annað en það sé lafhægt og tæknin bjóði upp á það. Þetta er þegar gert í þó nokkrum mæli og voru umræður um að taka inn í lögin, þegar þau voru hér síðast til meðferðar, heimild til að fara að gera tilraunir með rafrænar kosningar eða rafræna kjörstaði. Einn augljós staður eða staðir þar sem slíkt væri afar praktískt væru stærstu Íslendingabyggðirnar erlendis þar sem nokkur þúsund landar okkar búa og hafa eða ættu a.m.k. að hafa ef allt er með felldu fullan kosningarrétt. Ég sé ekki að það sé minni ástæða til þess að kjósa á kjördag í Kaupmannahöfn en t.d. í Grímsey, með ákaflega mikilli virðingu þó fyrir kjördeildinni þar, þaðan sem ég veit að koma mjög góð úrslit. En það er nú önnur saga. Þar eru 70 manns á kjörskrá en í Kaupmannahöfn um þrjú, fjögur þúsund eða hvað það nú gæti verið ef allir íslenskir ríkisborgarar sem þar eru búsettir og á nálægu svæði veldu að nýta kosningarrétt sinn og kysu þar. Ég held að það gæti orðið líflegt og spennandi og mundi færa þá landa okkar nær kosningabaráttunni heldur en þeir eru núna.

Það er ýmislegt af þessu tagi, herra forseti, sem ég held að við þurfum og ættum að fara yfir og nota tækifærið, í tengslum við afgreiðslu þessa máls og framhaldið, til að gera. En það sem snýr að okkur núna og fyrst er að afgreiða þau álitamál sem uppi eru hér fyrir þessum fundi og ég hvet eindregið til þess að meiri hlutinn íhugi það nú vandlega að fallast á tillögu minni hlutans. Hún er sanngjörn. Hún er tilraun til að lenda þessu máli á efnislegan og uppbyggilegan hátt og útkljá það með farsælum hætti, þannig að við getum síðan skilið það eftir á bak við okkur þegar við höldum inn á nýtt fjögurra ára kjörtímabil. Það verður ákaflega leiðinlegt að hafa eitthvert óbragð í munninum yfir því að menn hafi ekki einu sinni gefið sér tíma til að fara ofan í saumana á svona álitamálum. Ég spái því að sæmd meiri hlutans verði lítil ef hann knýr það hér í gegn að fella tillögu minni hlutans og hlusta ekkert á þau vel rökstuddu sjónarmið sem fram hafa komið um að taka þetta mál til skoðunar.

Þá sýnist mér eins og ég sagði áðan, herra forseti, enda vandséð hvenær menn gætu yfir höfuð látið á það reyna, að ástæða væri til að fara í slíkar rannsóknir eins og stjórnarskrá og lög gera ráð fyrir.

[18:28]

**Mörður Árnason:**

Virðulegur forseti. Á kynningarfundi fyrir nýja þingmenn í gær sagði skrifstofustjóri Alþingis m.a. að sér skildist á þeim sem það höfðu reynt að þingsetningardagur hinn fyrsti væri mikill atburður í lífi hvers þess sem nýkjörinn hefði verið á þing. Ég minnist þess að ég horfði svolítið á skrifstofustjórann og íhugaði þetta mál, taldi nú að hún væri kannski orðum aukin þessi speki og þetta væri eins og hver önnur rútína sem menn fara í og láta sig litlu varða, allt fyrir fram ákveðið og samþykkt og ekki pláss fyrir frumkvæði eða einhverjar sérstakar umþenkingar. Nú hef ég komist að því að ég hafði rangt fyrir mér og skrifstofustjórinn rétt. Þetta er atburður. Það er hátíðisdagur fyrir nýkjörinn þingmann að vera við þingsetningu og fara í gegnum þær hefðir, taka þátt í þeim hefðum sem hafa myndast í kringum þann dag. Það er auðvitað vegna þess að nýkjörnum þingmanni þykir merkilegt að hann skuli allt í einu vera orðinn hluti af þeirri löngu sögu sem hér stendur að baki, hvort sem við rekjum hana aftur til 1845 eða 930 eða enn aftar í lýðræðissögu mannkyns og stjórnarsögu þess og ættsamfélaga þeirra og stofnana ýmissa sem það hefur komið sér upp.

En þegar þeirri örlítið hégómlegu umþenkingu lýkur þá eru það auðvitað fyrst og fremst kjósendurnir, þjóðin sem maður hugsar til vegna þess að hefðirnar og umbúnaðurinn á hinu hv. þingi miðast beinlínis við það að hér séu ekki einungis 63 persónur, ekki einungis þeir einstaklingar í gangi í samskiptum sem um er að ræða, heldur eru þeir ævinlega fulltrúar einhvers. Þeir eru ævinlega hluti af öðru en sjálfum sér. Það er þess vegna sem við nýkjörnir þingmenn þurfum að læra ákveðnar reglur sem eru aðrar en þær sem beitt er úti á götu, á heimilum eða í vinahópi. Það er vegna þess t.d. að við eigum að bera virðingu hvert fyrir öðru jafnvel þó við höfum hana ekki persónulega, bera virðingu fyrir fulltrúunum, bera virðingu fyrir kjósendum þingmanns þótt eitthvað kunni að skorta á virðingu fyrir persónunni eða einstaklingunum.

Það sem hér er til umræðu er einmitt þetta, eru kjósendurnir, er þjóðin. Það er auðvitað þannig að frumskylda þings er að virða grunnreglur lýðræðisins. Frumskylda þings er að horfa á vilja kjósendanna og sjá til þess að hann komi mjög skýrt fram og núna erum við að fjalla um vilja kjósendanna. Vel getur verið að einhvers konar endurtalning, hversu oft sem talið er, ráði ekki úrslitum um kosningarnar í þeirri skilgreiningu úrslita sem miðast við þingmannatölu, við stjórn eða stjórnarandstöðu. En kosningar eru meira. Kosningar eru það að hver maður, hver kjósandi kemur á framfæri sínum vilja um sitt atkvæði og það er vanvirðing við þann vilja að búa ekki svo um hnúta að hann komi örugglega fram og vanvirðing við einn kjósanda jafngildir vanvirðingu við þá alla, jafngildir vanvirðingu við lýðræðisskipunina sjálfa. Það er þess vegna sem það er mikilvægt að við náum hér niðurstöðu, náum þeirri málamiðlun sem stjórnarandstöðuþingmennirnir í kjörbréfanefnd hafa orðið sammála um.

Ég ætla ekki að gerast svo djarfur að ræða um kosningalög eða þau lagaákvæði og hugleiðingar sem kunna að vera að baki þeim aðferðum sem menn hér stunda. Áðan var sagt að ekki væru til nein ákvæði í sjálfu sér um endurtalningu. Hún væri hins vegar ekki bönnuð, Alþingi gæti tekið slíka ákvörðun. Ég er vanur því í félagsstarfi þegar ekki liggja fyrir sérstök ákvæði í fundarsköpum eða öðrum reglum sem tiltekin stofnun eða hópur hefur sett sér, að þá sé farið að almennum reglum. Hinar almennu reglur í þessu dæmi hér eru þær að í lýðræðisstarfi er tekið tillit til óska, teljist þær vera sanngjarnar og eðlilegar, um hvers konar endurtalningu, uppkosningu og tryggingu fyrir því að það afl atkvæða sem ræður standist þann veruleika sem fyrir liggur í stofnuninni eða á fundinum. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að það er skýr regla ef eitthvað fer á milli mála um slíka talningu, um atkvæðagreiðslu í félögum, í stofnunum sem ekki hafa um það sérstakar reglur, að þá er þetta gert. Kjósendur hljóta að spyrja þegar fram eru komnar mjög skýrar óskir, eðlilegar og sanngjarnar, af hverju menn séu á móti því að það sé gert.

Nú er það reyndar svo að sú tillaga sem menn eru að ræða hér frá minni hluta kjörbréfanefndar, er ekki ósk um endurtalningu, uppkosningu eða neitt af því tagi heldur ákvörðun um það að tekin verði saman skýrsla, að fram fari tiltekin rannsókn til þess að menn geti á grundvelli hennar tekið afstöðu til þessa máls efnislega. Það er ákveðin ábyrgð sem hvílir á hv. þingmönnum hér að greiða atkvæði gegn tillögu um þessa málsmeðferð og ég vona a.m.k. að það komi fram hvers vegna menn ætla sér að gera það því ég sé engar þær ástæður í samfélaginu eða í störfum ríkisstjórnarinnar, í gangi þjóðarsamfélagsins sem hvetji til þess að þetta sé afgreitt í því hasti sem menn vilja afgreiða það hér, og ég spyr: Hvað er á móti því að fá þessa skýrslu? Svör við því hafa ekki fengist, fengust ekki hjá þeim eina stjórnarliða sem hér hefur talað, hv. 9. þm. Norðvesturkjördæmis sem talaði áðan.

Auðvitað má spyrja að því t.d. hvers vegna hv. 5. þm. Reykv. s., fyrrv. dómsmrh., leggur ekki hér orð í belg því efnisleg atriði þessa máls varða störf í því ráðuneyti. Það má auðvitað líka spyrja að því hvernig stendur á því að hæstv. utanrrh. nú og þá leggur ekki hér orð í belg því að efnisatriði málsins snerta vinnu starfsmanna í utanrrn. Svarið, held ég, við þessu er það að þessir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar hafa ekki þau gögn í höndunum sem þeir þurfa á að halda til að koma fram fyrir þingið og þjóðina og skýra út hvað hefur gerst í dómsmrn. og utanrrn. En tillaga minni hlutans í kjörbréfanefnd er einmitt sú að þeir fái þau gögn í hendurnar, og þingið, allt sem leyfir þeim að ræða málið efnislega frjálst og glatt.

(**Aldursforseti** (HÁs): Ég tel rétt að upplýsa hv. þm. um það að utanrrh. er bundinn í forsetastól og er ekki heimilt að taka þátt í umræðum hér og þingsköp gera ekki ráð fyrir því að nokkur leysi hann af.)

Nei, það er hin ástæðan, en ég verð að segja að ég vorkenni auðvitað hæstv. utanrrh. annars vegar að vera í þeirri stöðu að geta ekki talað sem þingmaður og ráðherra og hins vegar auðvitað að hafa ekki þau gögn í höndunum sem til þyrfti til þess að hann gæti skýrt okkur frá gangi mála og gert okkur grein fyrir störfum í utanrrn. sem hér eru til umfjöllunar.

Ég vil svo segja það líka að mér kemur svolítið á óvart að ekki skuli taka til máls ýmsir hv. þingmenn einkum Sjálfstfl. sem áður hafa talað í kosningabaráttunni, m.a. um lýðræðismál og réttilega. Má m.a. minnast á þann atburð sem varð í Reykjavík þegar framboðslistar voru lagðir fram og farið var yfir tölur stuðningsmanna á bak við hvern lista en þá voru þau mistök gerð hjá yfirkjörstjórnum — ég skal ekki segja hvar þau mistök voru en a.m.k. er það yfirkjörstjórn sem gerir þetta — að vantaldir voru stuðningsmenn á listum og varð sú háðung fyrir einn flokkanna og reyndar fleiri að þeir voru ekki taldir hafa skilað nægilega mörgum stuðningsmönnum. Mönnum þótti þetta í þeim flokki sem oft hefur verið stærstur í Reykjavík, eða þar til nú hefur yfirleitt verið stærstur í Reykjavík og er enn stærstur á þinginu, mönnum þótti þetta þeim mun verra sem þeir hafa lagt sig fram í þeim flokki um að skipuleggja sig mjög vel við hina formlegu afgreiðslu á svona hlutum. Mig minnir að þá hafi af þessu tilefni, þegar þetta reyndust vera mistök starfsmanna hjá Reykjavíkurborg eða yfirkjörstjórnar, verið skrifuð bréf, að framkvæmdastjóri flokksins hafi skrifað harðort bréf og krafist skýringa á málinu. Og ég man ekki betur en að núv. hæstv. dómsmrh. og 6. þm. Reykv. n., Guðlaugur Þór Þórðarson, hafi tjáð sig í fjölmiðlum mjög harkalega en réttilega um þetta mál. Hvar eru þeir nú og hverjar eru skoðanir þeirra á því máli sem hér er til umræðu? Og hvar eru hinir ungu og efnilegu lögfræðingar sem nú hafa sest á þing og voru með mér á kynningarfundinum í gær þar sem okkur var sagt að þingsetningardagurinn væri hátíðisdagur fulltrúa fólksins á Íslandi, sérstaklega þeirra sem nýkjörnir væru?

[18:41]

**Frsm. minni hluta kjörbn. (Lúðvík Bergvinsson):** Virðulegi forseti. Það er kannski dálítið erfitt að koma upp nú eftir þessa umræðu þar sem engin rök hafa verið

færð fram gegn því að fara þá *leið sem minni hluti* kjörbréfanefndar hefur lagt til. Hér er ekki tekist á í rökræðum, hér er ekki tekist á um hlutina eins og vera ber. Það hefur enginn stjórnarliði tekið til máls að undanskildum hv. formanni kjörbréfanefndar, sem reyndar rökstuddi á engan hátt þá niðurstöðu og þá leið sem þeir lögðu til. Þess vegna hefur umræðan algerlega einkennst af því að stjórnarandstaðan hefur fært rök fyrir máli sínu og reyndar sett málið þannig fram að það ætti ekkert að vera í veginum fyrir því að sú leið sem hér hefur verið lögð til, verði farin.

Einhvern tíma var það svo á hinu háa Alþingi og mér er sagt að a.m.k. árið 1956 hafi umræða um kjörbréf tekið sex daga. Umræða um úrskurð kjörbréfa hafi tekið sex daga þar sem menn tókust á á lýðræðislegan hátt í umræðum um lýðræðið, hvernig ætti að afgreiða hlutina.

Ég heyrði það á göngum áðan af einum hv. þm. að stjórnarandstaðan væri í málþófi. Það er með ólíkindum að menn skuli taka sér þau orð í munn þegar við erum að ræða um hornsteina lýðræðisins, það er með hreinum ólíkindum, og ekki aðeins það við höfum sett fram okkar sjónarmið á mjög málefnalegan hátt. Við höfum lagt fram leið sem verið hefur í stjórnarskránni frá 1874 og í þingsköpum frá 1903. (**EKG:** Ætlarðu að vitna meira í umræður frá árdögum þingsins?) Það er ekkert annað sem hér er lagt til en að fara leiðir sem hafa verið í lögum og stjórnarskrá á annað hundrað ár. Það er verið að leggja til að fara þessa leið. Þingmenn sjálfir eru að leggja sig undir í þessari umræðu vegna þess að það eru kjörbréf þeirra sem hugsanlega eru í veði ef endurtalning eða rannsókn leiðir til einhvers annars. Þetta er alveg grafalvarlegt mál. Ég væri virkilega tilbúinn til þess að taka þátt í umræðu um hvað það er í okkar málflutningi sem gerir það að verkum að menn eru ekki tilbúnir að fara þessa leið. Hvað sjá menn í okkar málflutningi sem ekki gengur upp? Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir svo við getum skipst á skoðunum. Umræðan þróast óskaplega lítið ef menn segja bara: Af því bara. Þess vegna vil ég gagnrýna meiri hlutann fyrir að taka ekki þátt í jafnmikilvægri umræðu og hér fer fram.

Íslendingar hafa oft og tíðum barið sér á brjóst fyrir að vera í forustu í lýðræðismálum í heiminum. Við höfum sent fulltrúa víða til útlanda til þess að hafa eftirlit með kosningum í öðrum löndum og farist það, að ég tel, vel úr hendi. Það hefur hins vegar verið dregið fram hér að framkvæmd kosninganna var ekki sem skyldi. Það er kannski rétt að fullyrða það ekki en sett hafa verið fram mjög sterk rök fyrir því að svo hafi ekki verið. Og það er líka annað sem við vitum að það var lítill munur á því hvað menn þurftu að fá til þess að vera kjörnir þingmenn eða til þess að ná ekki kjöri. Þess vegna er svo mikilvægt að yfir þetta sé farið vegna þess að kosningar eru og verða aðferð til þess að kalla fram vilja kjósenda, vilja íslenskra ríkisborgara um hverja þeir vilja sjá á Alþingi eftir tiltekum reglum. Ef upp kemur efi um að þessi vilji sé uppi á borðum þá ber að skoða það.

Hvað mundu menn t.d. segja ef endurtalning eða frekari umfjöllun leiddi til — ég gef mér það — að einn þingmaður frjálslyndra kæmi inn til viðbótar? Þýddi þessi höfnun þá að vilji kjósenda kæmi ekki fram vegna þess að framkvæmd kosninganna hafi ekki verið í lagi? Þetta er grafalvarlegt mál og þess vegna er það lagt upp með þessum hætti.

Í umræðunni sem átti sér stað í kjörbréfanefnd voru sett fram þau sjónarmið að þar sem umboðsmenn flokkanna hefðu ekki gert athugasemdir gæti það hugsanlega haft þær *afleiðingar að menn gætu ekki haldið málinu áfram.* Umboðsmenn flokkanna eru sjálfboðaliðar sem bjóða krafta sína í þessa vinnu. Þeir hafa enga yfirsýn yfir það sem er að gerast annars staðar og fá enga kennslu í þessum fræðum. Það er allsvakalegt ef menn ætla að setja þá ábyrgð á herðar þeirra manna, að ef þeir geri ekki tiltekinn fyrirvara þá missi flokkar þeirra réttinn, þá missi menn rétt sinn. Þetta er röksemdafærsla sem heldur hvorki vatni né vindum. Þetta má ekki vera í umræðunni. Framkvæmd kosninga á Íslandi má ekki standa og falla með því hvort sjálfboðaliðar þekki kosningareglurnar út og inn. Það má aldrei verða þannig.

Það hefur einnig komið fram að Alþingi ber vitaskuld að sinna rannsóknarskyldu sinni, af því að Alþingi er úrskurðaraðili. Gefum okkur til að mynda að dómstólar mundu vinna þannig, að ef inn kæmi kæra þá kæmi dómur. Það skortir alla rannsókn til að fara yfir það sem fram er komið. Hvernig eigum við að taka afstöðu til þess sem fram er komið ef enginn ætlar að fara yfir þetta? Ég lít svo á að við höfum ekki forsendur til þess, það er mitt mat.

Við leggjum því til að yfirkjörstjórnir í öllum kjördæmum gefi skýrslu um framkvæmd kosninganna. Ég held að það sé hægt að taka þetta fyrir og ljúka þessu á örfáum dögum. Sennilega hefði það ekki skipt miklu hvort þingið væri kallað saman í dag eða hvort það hefði verið kallað saman eftir viku. Það hefði ekki breytt miklu.

Við erum ekki að setja neitt í uppnám. Það eina sem lagt hefur verið til er að við tryggjum að allir séu sáttir við niðurstöðu kosninga sem haldnar eru til að kalla eftir vilja hins almenna kjósanda, hins almenna Íslendings, að þær uppfylli tiltekin skilyrði. Þetta er allt og sumt sem lagt er upp með og þess vegna finnst mér sorglegt að meiri hlutinn skuli ekki *taka þátt í þessari umræðu.*

Ég geri fastlega ráð fyrir því og gef mér að meiri hlutinn hér á þingi muni fylgja meiri hluta kjörbréfanefndar. Ég hefði viljað heyra sjónarmið meiri hlutans, rök sem við hugsanlega hefðum kannski getað tekist á um á hinu háa Alþingi. Fyndist mönnum mikið þó að þessi rök kæmu fram? Finnst mönnum það stór krafa þegar sjálft lýðræðið er undir, umræðan um lýðræðið?

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi komið að sjónarmiðum mínum við þessa umræðu. Um leið vil ég segja að hún hefur verið gagnleg. Menn hafa dregið fram mjög sterk rök fyrir því að fara þá leið sem við viljum fara á meðan engin rök hafa komið fram gegn þeirri leið.

[18:50]

**Útbýting þingskjals:**

Frestun á fundum Alþingis, 1. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1.

[18:50]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Við höfum verið að ræða framkvæmd kosninganna sem eru nýafstaðnar. Mig langaði að nefna nokkur atriði sem hafa komið upp í huga minn undir þessari umræðu.

Hér hefur komið fram að opinberar stofnanir og jafnvel sendiráð hafi gefið kjósendum misvísandi og rangar upplýsingar um kosningarnar alveg fram á kjördag. Framboð sem hafði listabókstafinn U var á ýmsum stöðum kynnt með listabókstafinn V. Eftir að það var kært eða farið hafði verið fram á að atkvæði merkt V teldust til flokksins við talningu var ekki orðið við því á öllum stöðum heldur voru þau sums staðar dæmd ógild og annars staðar talin til þessa flokks.

Umboðsmanni eins flokksins, Frjálslynda flokksins, var meinað að koma að talningu, a.m.k. á einum talningarstað. Bókstafir sem ritaðir voru á bakhlið á kjörseðli voru í einu kjördæminu dæmdir ógildir og annars staðar gildir, þó að vilji kjósandans hafi komið skýrt fram í því sem skrifað var á kjörseðilinn. Ég sat eitt sinn í yfirkjörstjórn hér í Reykjavík og minnist þess ekki að ekki hafi verið talin gild atkvæði ef bókstafurinn kom fram einhvers staðar á kjörseðlinum, þó að það væri á bakhliðinni.

Stimplar á utankjörfundaratkvæðum, sem búið var að upplýsa a.m.k. á einhverjum stöðum að væru óþarfir, voru sums staðar taldir nauðsynlegir til þess að seðill væri dæmdur gildur. Annars staðar voru þeir ekki dæmdir ógildir.

Ég verð að segja, herra forseti, að bara þessi upptalning — ég gæti talið upp fleira — minnti mig á kosningar í ungu, vanþróuðu lýðræðisríki þar sem ég var, sem þingmaður frá sögufrægu lýðræðisríki, við kosningaeftirlit. Ég var þar að fylgjast með því að kosningar færu lýðræðislega og eðlilega fram. Þar var allnokkur misbrestur á því hvernig atkvæði voru meðhöndluð og hvernig kosningarnar fóru fram. Fram komu kærur og athugasemdir og kröfur um rannsókn á framkvæmd kosninganna. Eftirlitsmenn, þingmenn frá ýmsum ríkjum, komust að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að fram færi rannsókn og gerðar yrðu athugasemdir á þeim atriðum sem ekki voru talin eðlileg eða gerðar voru athugasemdir við. Farið var yfir kjörgögn og sums staðar var endurtalið. Reyndar komu fram slíkir gallar að endurtaka þurfti kosningarnar á ákveðnum stöðum í ákveðnum kjördæmum. Ég hefði ekki að óreyndu trúað því að eiga eftir að standa í þessum sporum hér á Íslandi.

Við erum ekki að fara fram á endurtekningu kosninganna og við erum ekki að fara fram á að öll atkvæðin verði endurtalin. Við förum fram á þá sanngjörnu leið að menn taki sér nokkra daga og rannsaki framkvæmd kosninganna. Við erum að bjóða upp á ákveðna málamiðlun vegna stöðu mála og óskum eftir því að skýrslur um það verði lagðar fyrir þingið, sem er fullkomlega eðlilegt og heimilt samkvæmt lögum.

Ég teldi mjög óeðlilegt að Alþingi hafnaði beiðni um að slíkar skýrslur kæmu fram í þinginu. Það er í raun vanvirðing við lýðræðið. Ég trúi ekki að meiri hluti Alþingis ætli að synja því að þessi leið verði farin. Ég trúi ekki að það verði ekki orðið við þessari tillögu. Hér er trúverðugleiki lýðræðisins í veði, eins og segir í greinargerð frá minni hluta kjörbréfanefndar.

[Fundarhlé. — 18:56]

[19:16]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson):**

Virðulegi forseti. Ég hafði vænst þess að fulltrúar og hv. þm. sem hafa verið hér í dag að ræða málin yrðu viðstaddir þegar ég hæfi mál mitt, og svo er, þannig að mér er þá ekkert að vanbúnaði.

Út af fyrir sig hefur verið athyglisvert og fróðlegt að fylgjast með þessari umræðu eins og hún hefur gengið fyrir sig í dag og á margan hátt er það rétt sem kom fram m.a. í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að þetta hafi verið efnisleg umræða. Við höfum vissulega verið að fjalla um mál sem skiptir gríðarlega miklu og ég tel þess vegna einsýnt að eðlilegt sé að við ræðum þessi mál og ég kvarta alls ekki undan því og tek alls ekki undir það að um málþóf sé að ræða nema síður sé.

Hins vegar hefur mér fundist það dálítið sérkennilegt engu að síður að hlusta á umræðuna í dag sem með köflum hefur farið fram með þeim hætti að dregin hefur verið upp sú mynd, þó ekki einhlít, að framkvæmd kosninganna hér á landi hafi nánast verið í skötulíki, það hafi allt verið í lamasessi. Einn hv. þm. líkti kosningunum sem nýlega eru afstaðnar við kosningar í ríkjum þar sem margar brotalamir eru fyrir hendi við framkvæmdina, þar sem menn hafa þurft að kalla til utanaðkomandi aðstoð vegna þess að lýðræðislegar hefðir hafa ekki verið til staðar til þess að framkvæma slíkar kosningar. Þetta, virðulegi forseti, finnst mér ekki mjög merkilegur málflutningur.

Í okkar lýðræðislega þjóðfélagi þar sem við höfum áratuga hefð fyrir lýðræðislegum kosningum hefur verið staðið í öllum meginatriðum rétt að málum. Við erum þjóð sem stendur einna fremst í þessum efnum og engin ástæða til að draga það neitt í efa. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, leggja mikla áherslu á það að þó að menn hafi eitthvað við einstök framkvæmdaatriði að athuga í sambandi við þessar alþingiskosningar og það geta menn auðvitað rætt, þá mega menn ekki skilja eftir í umræðunni þá mynd að öll framkvæmdin í grundvallaratriðum hafi verið í lamasessi. Það er ekki þannig. Þetta eru lýðræðislegar kosningar, þar sem lýðræðisleg vinnubrögð voru í heiðri höfð og það er stóra málið sem hér um ræðir.

Kjörbréfanefnd kom saman fyrr í dag til að fara yfir þau mál sem fyrir hana voru lögð. Í fyrsta lagi að fara yfir kjörbréf sem landskjörstjórn hafði gefið út og það gerðum við og fundum ekki að. Í öðru lagi lágu fyrir ágreiningsatkvæði úr þremur kjördæmum sem við skoðuðum sömuleiðis. Hér er um að ræða mat sem við lögðum á það sem fyrir okkur var lagt. Eins og margoft hefur komið fram voru þetta fyrst og fremst ágreiningsatkvæði þar sem um var að ræða að bókstafurinn V hafði verið skrifaður og hafði ekki verið talinn með, enda ekki listi í framboði með listabókstafinn V. Það varð því niðurstaða okkar í meiri hluta kjörbréfanefndar að við gerðum enga athugasemd við úrskurði úr þessum tveimur kjördæmum þar sem þarna var um að ræða ágreining og kemur reyndar fram í áliti okkar í meiri hluta kjörbréfanefndar. Við gerðum engan ágreining við yfirkjörstjórnirnar í þessum viðkomandi kjördæmum og úr því að hv. þm. Jóhann Ásælsson greip hér fram í, þá var það svo að við höfðum ekki til úrskurðar, þ.e. fyrir okkur voru ekki lögð nein önnur álitamál úr öðrum kjördæmum þannig að það var ekki tilefni, aðstæður né forsendur fyrir okkur til að taka afstöðu til mála sem hv. þm. greindi frá í nefndinni einfaldlega vegna þess að þetta var ekki fyrir okkur lagt.

Í þriðja lagi lá fyrir okkur að fjalla um kæru Frjálslynda flokksins. Kæra Frjálslynda flokksins laut að ýmsu því sem flokkurinn og talsmenn hans töldu að hefði farið úrskeiðis við framkvæmd kosninganna. Við litum á efnisatriði málsins og niðurstaða okkar varð sú eins og kemur fram í áliti okkar að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar að, ekki sé ástæða til að fara fram á endurtalningu, og ekki sé ástæða til að fara fram á endurkosningu sem færi þá auðvitað fram samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis. Hið efnislega úrlausnarefni sem við höfðum fyrir framan okkur var þessi kæra Frjálslynda flokksins og óskin um að gera það með þeim hætti sem þar er rakið, þ.e. að atkvæðin verði endurtalin og úrskurðað verði um þau atkvæði sem úrskurðuð voru ógild af yfirkjörstjórninni við talningu o.s.frv. Við tókum afstöðu til þessa. Síðan geta menn auðvitað deilt um hvort niðurstaða

meiri hluta kjörbréfanefndar sé rétt eða röng. Meiri hluti kjörbréfanefndar komst engu að síður að þeirri niðurstöðu að ekki væri á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lágu ástæða til að aðhafast eitthvað frekar um þetta.

Hér hafa menn verið að velta því fyrir sér hvort Alþingi hafi heimild til þess að gera eitthvað. Ýmsar heimildir eru til staðar en við verðum hins vegar aðeins að velta fyrir okkur hvað þar sé hægt að gera. Eins og öllum er ljóst höfum við möguleika á því að óska eftir endurtalningu. En hvernig ætti sú endurtalning að fara fram og á hvaða forsendum ætti sú endurtalning að verða?

Maður gæti hugsað sem svo að yfirkjörstjórnirnar færu í endurtalningu á sínum eigin gjörðum, landskjörstjórnin eða Alþingi með einhverjum hætti gerði það. Og hvernig ætti Alþingi þá að gera það? Ætti Alþingi að skipa til þess sérstakar kjörstjórnir til þess að vinna að því? Segjum sem svo að slík endurtalning færi fram, og hver væri niðurstaðan? Hefði Alþingi þá heimild til þess að láta reikna þetta aftur upp á nýtt? Það er alveg ljóst mál af lögunum að svo er ekki þannig að við yrðum komin í þá aðstöðu sem varð niðurstaða þeirra sérfræðinga sem við höfðum okkur til ráðgjafar, að slík endurtalning hlyti að enda í einhvers konar blindgötu. Vegna þess að ef það væri álit kjörbréfanefndar, meiri hluta kjörbréfanefndar að lokinni endurtalningu, að ástæða væri til að gera breytingar, þá væri ekki annað úrræði til en að kalla eftir endurkosningu og þá færi það auðvitað fram samkvæmt lögum sem gilda um kosningar til Alþingis. Hér er um að ræða mjög afdráttarlausa hluti sem í raun og veru væri verið að stefna inn í ef niðurstaðan væri sú að svo miklu væri *ábótavant við framkvæmd kosninganna að kalla þyrfti eftir* endurtalningu sem síðar væntanlega gæti leitt til uppkosningar eða endurkosningar í landinu. Þess vegna er það svo að hv. þingmenn sem skipa núna minni hluta kjörbréfanefndar koma upp með þá hugmynd sína sem getið er um í 5. gr. laga um þingsköp Alþingis en þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur." Mikilvægt er að menn átti sig á þessu.

Hvaða skýrslur er hér um að ræða?

Fram hefur komið í máli þeirra hv. þingmanna sem hafa talað fyrir hugmyndum minni hluta kjörbréfanefndar að gert er ráð fyrir að þessar skýrslur komi frá yfirkjörstjórninni. En nú vill svo einfaldlega til að þessar skýrslur liggja fyrir. Yfirkjörstjórnir í kjördæmum landsins hafa sent frá sér það álit að hér hafi verið staðið eðlilega að málum og ekki sé ástæða til annars en staðfesta úrslitin eins og þau voru tilkynnt við lok kjörfundar að lokinni talningu.

Virðulegi forseti. Mér sýnist alveg augljóst mál að þær skýrslubeiðnir sem hér er verið að leggja til séu í raun og veru þær skýrslur sem yfirkjörstjórnirnar hafa sent frá sér eða í hverju gætu þær annars falist? Í hverju öðru gæti þetta falist? Hverju öðru gætum við verið að kalla eftir en þeirri niðurstöðu, niðurstöðu um það hvort rétt eða rangt hafi verið að málum staðið? Og það er alveg augljóst mál að yfirkjörstjórnir í kjördæmunum, og þarf varla að hafa um það orð, hefðu augljóslega ekki lýst úrslitum með þeim hætti sem gert var og við hlýddum mörg hver okkar á í beinni útsendngu sjónvarps og útvarps. Það var vitaskuld alveg augljóst mál að yfirkjörstjórnirnar í kjördæmunum færu ekki að lýsa yfir tilteknum niðurstöðum nema þær væru búnar að sannreyna það, komast að því á grundvelli slíkra skýrslna sem síðan eru reyndar sendar til landskjörstjórnar. Það er augljóst mál að þær hefðu ekki lýst yfir úrslitum nema ljóst væri að eðlilega hefði verið að verki staðið.

Virðulegur forseti. Hv. þm. hafa hér verið að kalla eftir röksemdum fyrir því að fara ekki að beiðni minni hluta kjördæmanefndar. Mér finnst alveg augljóst mál, virðulegi forseti, að þegar sé búið að fullnusta þetta og þá er það bara eftir sem Alþingi á að gera, það er alveg klárt mál að Alþingi hefur valdið í þessum efnum. Alþingi á að taka afstöðu til þess sem því ber samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis og lögum um kosningar til Alþingis. Alþingi á að taka afstöðu til lögmætis kjörbréfanna og það er það sem við leggjum til í meiri hluta kjörbréfanefndar að við gerum undanbragðalaust núna á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Virðulegi forseti. Auðvitað geta menn stöðugt, ævinlega og alltaf velt því fyrir sér hvort nægar upplýsingar séu til staðar. Það er okkar mat að svo sé.

Hér hefur talsvert verið talað um aðkomu umboðsmanna flokkanna. Mér finnst að á margan hátt megi draga þann lærdóm af þessari umræðu allri að umboðsmenn flokkanna hafa auðvitað gífurlega mikið hlutverk. Á undanförnum árum hefur verið talað mjög illa um eftirlitsþátt stjórnmálaflokkanna með þingkosningum. Það er að vísu þannig erlendis að þetta er eitt af því fyrsta sem menn skoða þegar t.d. verið er að fara yfir framkvæmd kosninga í ríkjum sem Sameinuðu þjóðirnar eða aðrar opinberar stofnanir kjósa að fylgjast með, það er einmitt þessi þáttur, möguleiki og aðgengi stjórnmálaflokkanna til þess að hafa eftirlit með framkvæmd kosninga. Ég *tek undir það sem menn hafa verið að segja hér að það* skiptir auðvitað miklu máli að það aðgengi sé til staðar og skýtur kannski skökku við vegna þess að ýmsir hafa úr þessum ræðustól haft stór orð um þá óþarfa hnýsni sem eftirlit stjórnmálaflokkanna fæli í sér. Ég er að vísu ekki þeirrar skoðunar. Ég tel þvert á móti að stjórnmálaflokkarnir hafi þarna mjög miklu hlutverki að gegna og það sé ekki hnýsni af þeirra hálfu að fylgjast með. Það er lýðræðislegur réttur og þáttur í hinu lýðræðislega ferli okkar að stjórnmálaflokkarnir hafi þennan möguleika og ég vænti þess, virðulegi forseti, að eitt af því sem við lærum af þessari umræðu í dag sé það að stjórnmálaflokkarnir hafi þennan rétt.

Talað hefur verið um að í einu kjördæmi landsins, Reykjavíkurkjördæmi norður, hafi fulltrúa eins stjórnmálaflokks verið meinað að fylgjast með. Ég hef hér undir höndum bréf, svarbréf frá formanni yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður sem skrifað var 20. maí 2003 til formanns Frjálslynda flokksins þar sem þessu er algerlega hafnað. Engin ástæða er til þess að lengja umræðuna með því að rekja það ítarlega sem fram kemur í bréfi formanns yfirkjörstjórnarinnar en hins vegar er alveg ljóst mál af skrifum formannsins að þessum ásökunum er algerlega hafnað, þeim er algerlega vísað á bug. Það liggur því fyrir a.m.k. í þessu tilviki sem er það eina sem ég hef heyrt um hér í þessari umræðu, að stjórnmálaflokkarnir áttu möguleika á því að fylgjast með talningu og fylgjast með framkvæmd kosninga eins og þeim ber að gera.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessum orðum farið aðeins yfir þau viðhorf sem lágu til grundvallar afstöðu okkar í meiri hluta kjörbréfanefndar. Ég ítreka að ekkert óeðlilegt er við það að menn kunni að greina á um þessa hluti eins og ýmsa aðra. En hins vegar verða menn að gefa sér það a.m.k. sem forsendu að bæði meiri hlutinn og minni hlut-

inn séu að taka afstöðu í þessum málum út frá efnislegum forsendum og ekkert annað liggi til grundvallar. Ég tel mig hafa verið að rökstyðja það og tel reyndar að álit okkar í meiri hlutanum hafi verið rökstuðningur fyrir því hvernig við komumst að okkar niðurstöðu, annars vegar sem lýtur að þessum ágreiningsatkvæðum og hins vegar því sem lýtur að kæru Frjálslynda flokksins. Við komumst að efnislegri niðurstöðu og við teljum að okkur sé ekkert að vanbúnaði þess vegna að fara í það að taka afstöðu til málsins og þannig eigum við að gera það og greiða atkvæði um þá tillögu sem fyrir liggur um að samþykkja þau kjörbréf sem fyrir okkur voru lögð af landskjörstjórn í landinu.

[19:30]

**Frsm. minni hluta kjörbn. (Lúðvík Bergvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég beið talsvert spenntur eftir að hlýða á rök fulltrúa meiri hlutans, hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, hér á Alþingi.

Okkur greinir líka á um það, væntanlega, að mér fundust lítil sem engin efnisleg rök vera sett fram. Það eina sem mér fannst vera hönd á festandi var að kjörstjórnin hefði skilað frá sér einhverjum tilteknum skýrslum um hvernig þetta fór fram. Það liggur algerlega fyrir, ef sú skýrsla er til, að hún er ekki með það efni sem hér er óskað eftir. Og kjarninn í þessu — kannski hefur það ekki komið nægilega skýrt fram og valdið einhverjum misskilningi — er sá að Alþingi rannsaki framkvæmdina, það er lykilatriðið. Hvort einhverjar skýrslur liggi úti í bæ kemur málinu ekkert við því það er Alþingis að kveða upp úr um það hvort kosningin sé gild eða ekki.

Við erum að fara hér fram á skýrslur frá yfirkjörstjórnum um tiltekin atriði til þess að bera það saman hvort framkvæmdin hafi verið samræmd, til þess að bera það saman hvort miklir hnökrar hafi verið á kosningunum. Til þess erum við að kalla á þetta. Við erum ekki að fjalla um það að úti í bæ kunni að vera einhverjir pappírar frá einhverjum mönnum, það er ekki það sem málið snýst um. Þetta verða menn að vera meðvitaðir um í þessari umræðu.

Það er heldur ekki stóra málið í þessu hvort það sé praktískt vandamál hvernig eða hver eigi að endurtelja. Ef Alþingi hefur rétt til þess að ógilda kosningu hefur Alþingi alveg klárlega rétt til þess að grípa til mun minni aðgerða heldur en að ógilda kosningu í heild sinni. Það er alveg kristaltært og við munum klárlega geta fundið út úr því með hvaða hætti við ráðumst í slíkar aðgerðir.

[19:32]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þingmaður tala af mikilli lítilsvirðingu um yfirkjörstjórnirnar í landinu. Þetta eru ekki „skýrslur úti í bæ", þetta eru skýrslur frá því stjórnvaldi sem yfirkjörstjórnirnar eru. Og þetta eru ekki skýrslur sem eru skrifaðar eitthvað út í loftið, þetta eru skýrslur sem yfirkjörstjórnirnar í landinu senda frá sér til landskjörstjórnar til þess að landskjörstjórn geti tekið efnislega afstöðu til útgáfu kjörbréfanna.

Þannig að, virðulegi forseti, mér finnst að menn verði a.m.k. að átta sig á hvað hér er um að ræða. Hér er ekkert um að ræða einhverjar skýrslur eða ritgerðir sem eru skrifaðar eitthvað út í loftið, hér er um að ræða álit stjórnvaldsins, yfirkjörstjórnanna, um það hvernig staðið var að kosningum, hvort verið sé að uppfylla lögformlegar kröfur sem gerðar eru um kosningar í landinu, sem gerðar eru á grundvelli laga um kosningar til Alþingis, og vitaskuld er það það sem þetta mál snýst um. Erum við hér með kosningar sem hafa verið framkvæmdar eins og á að gera samkvæmt lögum? Yfirkjörstjórnirnar eru að senda frá sér álit, og hv. þm. segir einfaldlega að hann vilji fá annað álit þar sem svarað sé tilteknum spurningum sem allar hljóta nú í eðli sínu að lúta að þessu sama, sem sagt því að fá úr því skorið hvort eðlilega hafi verið að málum staðið, og því máli hefur verið svarað í rauninni. Alþingi er síðan á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir að taka sína afstöðu. En hv. þm. skautaði mjög fram hjá því sem er auðvitað praktískt úrlausnarefni en líka grundvallaratriði og það er það hvernig á að standa að málum varðandi þessar uppkosningar eða endurtalningar. Til hvers eiga þær að leiða og hvernig ætla menn að vinna þetta mál á grundvelli þeirra laga sem núna eru í gildi í landinu? Ég vek athygli á því að í t.d. Danmörku, sem menn hafa verið að vitna hér til, eftir að menn fóru af stað með þessa endurtalningu sem þar var, að ég hygg á árinu 1984, varð mönnum það ljóst að þeir höfðu ekki fastara land undir fótum en svo að það var talið nauðsynlegt að setja ný lög til þess að undirbyggja, til að búa til pósitíft ákvæði um það hvernig ætti að fara með ef endurtalningar væri þörf og hennar væri krafist.

[19:35]

**Frsm. minni hluta kjörbn. (Lúðvík Bergvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að einfalda þetta eins og kostur er.

Það liggur fyrir að Alþingi er úrskurðaraðili um gildi kosningar. Alþingi úrskurðar líka um gildi kjörbréfa. Til þess að Alþingi geti kveðið upp þennan úrskurð þarf það að hafa gögn í höndunum. Það dugar okkur ekki að vita af því að einhvers staðar kunni að liggja skýrslur einhvers efnis úti í bæ, og þá á ég við að það er Alþingi sem er úrskurðaraðili. Ef það liggur ekki fyrir alþingismönnum, eigum við þá að byggja okkar úrskurð, okkar niðurstöðu, á gögnum sem liggja annars staðar? Eru þetta hin tæru rök? Er þetta kjarninn í því að menn vilja ekki fara þá leið sem minni hluti kjörbréfanefndar hefur lagt til? Er þetta allt og sumt sem menn ætla að byggja málflutning sinn á, að einhvers staðar kunni að vera einhverjar skýrslur úti í bæ, ekki lagðar fyrir þingið, sem geri það að verkum að þingið sjálft sem úrskurðaraðili geti tekið afstöðu til málsins?

Það væri skrýtinn dómstóll sem byggði niðurstöður sínar á því að gögn í málinu lægju einhvers staðar annars staðar.

[19:36]

**Frsm. meiri hluta (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt aftur að vekja athygli á þessu einkennilega orðfæri hv. þingmanns. Hann talar um að einhvers staðar „kunni að liggja skýrslur" þegar það er auðvitað augljóst mál, og það vita menn og það er hluti af löggjöfinni, að yfirkjörstjórnir senda einfaldlega frá sér skýrslur um framkvæmd kosninganna. Það er ekki þannig að einhvers staðar „kunni" þessar skýrslur að liggja fyrir „einhvers staðar úti í bæ", eins og hv. þm. orðaði það og var þá að tala um landskjörstjórnina í landinu. Það er ekki þannig, virðulegi forseti.

Þessar upplýsingar eru allar til reiðu fyrir okkur þingmenn og það er ekkert vandamál fyrir okkur að nálgast þær ef það er það sem málið snýst um. En það sem liggur fyrir og hefur aldrei verið vandamál er að við höfum alltaf gengið út frá

því og vitað að þessar upplýsingar eru réttar, að að þeim er eðlilega staðið og þær liggja hjá landskjörstjórninni. Þannig er þetta bara einfaldlega.

[19:37]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru brotalamir á framkvæmd kosninganna. Einstök framkvæmdaratriði voru gagnrýni verð og ef ég skildi hv. formann kjörbréfanefndar tók hann undir þetta. Hann varaði okkur engu að síður við því að líkja okkur við þjóðir sem búa ekki við sömu lýðræðishefð og við gerum.

Einmitt þess vegna, vegna þess að við viljum að Ísland rísi undir nafni sem lýðræðisþjóð, erum við að krefjast vandaðra vinnubragða. Ég ætla að nefna eitt atriði hér.

Það hefur komið fram að fjöldi fólks notaði listabókstafinn V til að kjósa Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Það hefur komið fram og við höfum sýnt fram á það í gögnum að upplýsingar um þetta efni eru runnar frá íslenskum stjórnvöldum, dómsmrn. Þess vegna var þetta t.d. á vef SÍNE. Þess vegna tóku yfirkjörstjórnir í fjórum kjördæmum þá afstöðu að telja þessi atkvæði til Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tvö kjördæmi gerðu það hins vegar ekki. Og það eru þau atkvæði sem við fáum hingað til úrskurðar í kjörbréfanefnd og það var þar til álita í dag.

Ég spurði hv. þm., formann nefndarinnar, hvort hann væri þá á því máli að kjördæmin fjögur hefðu úrskurðað ranglega, og hann segir: Þetta álitamál er ekki uppi á borðum hér. Og ég segi: Jú. Ég er að bera þessa spurningu fram formlega. Ég er kjörinn í kjörbréfanefnd, ég er hér með efnislega spurningu og er að óska eftir efnislegu svari. Ég endurtek þessa efnislegu spurningu hér og vænti þess að fá efnislegt svar.

[19:39]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég endurtaka það að það sem fyrir okkur lá í þessum efnum voru ágreiningsatkvæði úr þremur kjördæmum. Og við fórum yfir þau ágreiningsatriði, að sjálfsögðu. Við höfðum forsendur til þess, við höfðum þau gögn í höndunum, einfaldlega vegna þess að þessu hafði verið vísað til okkar.

Hv. þm. var síðan að spyrja mig hér fræðilegrar spurningar um það hver afstaða mín væri til annarra atkvæða sem yfirkjörstjórnirnar höfðu úrskurðað um og ekki höfðu verið kærðar og ekki sendar okkur til úrskurðar. Ég get að sjálfsögðu ekki svarað þeirri spurningu vegna þess að ég hef ekki forsendur fyrir framan mig til að svara henni. Hv. þm. segir að það hafi verið V. Ég hef út af fyrir sig engar forsendur til að svara því og er auðvitað ekki hlutverk okkar að taka afstöðu til þessara hluta á grundvelli slíkra upplýsinga.

Aðalatriðið var það að við fórum yfir þau álitamál sem fyrir okkur voru lögð og við skoðuðum þessa atkvæðaseðla og tókum afstöðu til þeirra á grundvelli þess sem við höfðum í höndunum, sem voru atkvæðaseðlarnir sjálfir. Við höfðum þau gögn í höndunum sem nægðu okkur og þess vegna tókum við þessa afstöðu, og betur verður því ekkert svarað heldur en við gerðum þar. Við tókum efnislega afstöðu til þeirra mála sem fyrir okkur voru lögð og þau álitaefni sem við vorum beðin um að segja skoðun okkar á.

[19:41]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta nú alveg á mörkunum. Við erum að taka afstöðu til álitamála sem fyrir okkur eru lögð. Ég er að leggja spurningu fyrir hv. þingmann og hún er þessi: Er réttmæt sú ákvörðun tveggja yfirkjörstjórna að hafna því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð fái bókstafinn V, að það sé viðurkennt á sama hátt og gerðist í fjórum kjördæmum öðrum? Við erum væntanlega að taka afstöðu til þessa álitamáls. Er það rétt eða er það rangt að hafna bókstafnum V fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð? Þetta er hið efnislega álitamál sem var á borðum okkar í dag.

Ég er að spyrja: Hvað er rétt og hvað er rangt í þessu efni?

[19:42]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum verið að fjalla um þetta mál hér í dag. Eitt af því sem minni hluti kjörbréfanefndar hefur gagnrýnt er að ekki liggi nægilegar upplýsingar fyrir, við getum ekki tekið afstöðu til einstakra mála vegna þess að upplýsingarnar sem við höfum í höndunum gefa okkur ekki nægilegar upplýsingar til þess að það sé hægt með almennilegum hætti.

Hér er annars vegar um það að ræða að við höfum upplýsingar, við höfum kjörseðla úr þessum þremur kjördæmum, og við gátum að sjálfsögðu tekið efnislega afstöðu til þeirra. En síðan kemur hv. þm. — sem í öðru orðinu var að kvarta undan því að við værum að taka hér afstöðu til mála án þess að hafa efnislegar forsendur til þess og án þess að hafa þær upplýsingar sem þyrftu að vera — og fer að reyna að hlýða mér hér yfir um úrskurði í kjörstjórnum þar sem lágu auðvitað fyrir upplýsingar sem ekki voru sendar okkur til úrskurðar. (**ÖJ:** Á hvað forsendum ...?)

Virðulegi forseti. Þetta er alveg furðulegur málflutningur, annars vegar að gagnrýna það að ekki séu nægar upplýsingar til staðar og síðan að segja að það eigi að taka afstöðu til mála sem ekki hafa verið fyrir okkur lögð og engin gögn lögð fyrir okkur um. (**ÞBack:** ... í þinginu?) Það gengur auðvitað ekki að gera það með þessum hætti.

[19:43]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í svari hér áðan upplýsti formaður kjörbréfanefndar að það þyrfti meiri upplýsingar. Við vorum einmitt að kalla eftir því í okkar sameiginlega áliti, stjórnarandstaðan, að fá upplýsingar um það hvernig meðferð atkvæða hefði verið, fá um það greinargerð og úr því skorið. En kæra Frjálslynda flokksins var afgreidd í kjörbréfanefnd með þeim einu rökum að þeir hefðu ákveðið að hafna henni, og var hún þó byggð upp í þremur liðum, og krafan til vara að endurskoða atkvæðagreiðsluna að viðstöddum umboðsmönnum flokkanna. Úrskurður um ógild atkvæði yfirkjörstjórnar við talningu á að leiða til endurskoðunar o.s.frv., sem er nokkurn veginn sama hugsun og kom fram í okkar sameiginlegu tillögu í minni hlutanum, að fá fram rök og skoðun á meðferð gagna og atkvæðum í kosningunum, leggja mat á það og fá um það skýrslu til þess m.a. að menn gætu þá metið hvernig framkvæmdin hefði farið fram.

Þessari málsmeðferð er allri hafnað, og eins þó að það liggi fyrir að í þeim fundargerðum sem maður hefur séð frá yfirkjörstjórnum sé ekki greint frá ástæðum þess að atkvæði eru dæmd ógild, eins og skýrt er þó kveðið á um í 103. gr. laganna, þar sem segir:

„Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.“ Þetta eigum við að fá að sjá og samt er hausnum lamið hér við steininn og sagt: Það er engin ástæða

til að sjá neitt. Svo er komið hér og talað um að upplýsingar vanti.

[19:45]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Meiri hluti kjörbréfanefndar ákvað að hafna ósk Frjálslynda flokksins um að krefjast endurtalningar. En það vill þannig til, virðulegi forseti, að það voru fleiri en meiri hlutinn sem höfnuðu þessu. Það gerði minni hlutinn líka. Minni hlutinn leggur nefnilega til allt aðra málsmeðferð. Hann vill ekki heldur fara í að endurtelja. Hann vill ekki fara að hugmyndum Frjálslynda flokksins. (Gripið fram í.) Hann vill hins vegar fara í það að óska eftir skýrslum, virðulegi forseti. (**LB:** Þú ert að snúa út úr, Einar ...)

(**Aldursforseti** (HÁs): Þögn í salnum.)

Hv. þingmenn þola illa að ég greini efnislega frá þeirra eigin tillögum. Þeirra eigin tillögur ganga út á að kalla eftir skýrslu. Þeir taka ekki efnislega afstöðu til þessarar beiðni Frjálslynda flokksins. Það er mjög athyglisvert og í raun treysta þeir sér ekki til að fara fram á, á grundvelli þessara upplýsinga, þessarar kæru Frjálslynda flokksins, að fram fari endurtalning. Fyrir því eru auðvitað ástæður sem ég út af fyrir sig ætla ekki að gera að umræðuefni.

[19:46]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að lesa örstutt úr því áliti sem minni hlutinn sendi frá sér en þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt ekki sé á þessu stigi gerð krafa um endurtalningu allra atkvæða má vera að slíkt kunni að vera nauðsynlegt við nánari skoðun. Það sem mestu skiptir er að vilji kjósenda nái fram að ganga og öllum vafa um annað sé eytt."

Skýrara getur það ekki verið. Menn vilja eyða þeim vafa sem um er að ræða varðandi vafaatkvæði og utankjörfundaratkvæði. Það gæti svo leitt af sér endurtalningu. Þessi útúrsnúningur, að við höfum ekkert léð á því máls að endurtelja ef að upp kæmi önnur staða er hálfgerð hundalógík, herra þingmaður.

[19:47]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt, að tillaga minni hluta kjörbréfanefndar er ákaflega skýr. Hún er ekki um að krefjast endurtalningar. Hún gengur út á beiðni um skýrslur, skýrslur sem ég hef þegar rakið að liggja fyrir frá yfirkjörstjórnum í landinu. Hún er því algerlega tilefnislaus. Síðan reynir hv. þm. að þvo sér einhverjum kattarþvotti með því að kannski og ef til vill muni þetta leiða til endurtalningar ef ástæða þykir til. Þetta er hins vegar algerlega í óvissunni og hefur ekkert með hina endanlegu niðurstöðu eða tillöguna sjálfa að gera.

Tillöguna getur að líta á bls. 2. Menn geta bara lesið hana yfir og þá er þetta alveg skýrt. Það er skýrt hvað hér er verið að leggja til. Það er einfaldlega verið að leggja til að því verði frestað að taka afstöðu til kjörbréfanna, ekki krefjast endurtalningar, og síðan í framhaldinu að óska eftir því að það verði lagðar fram skýrslur frá yfirkjörstjórnum, skýrslur sem yfirkjörstjórnin mun að sjálfsögðu leggja fram sem hluta af vinnu sinni við að gera upp kosningarnar að kosningunum loknum.

[19:49]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi inna forseta eftir því hvort hæstv. dómsmrh. sé með leyfi frá störfum. Mér finnst að við séum að ræða mál af því tagi og af þeirri stærðargráðu að hann ætti að vera viðstaddur. Fjölmörg framkvæmdaratriði sem tengjast framkvæmd kosninganna og ýmis álitamál þeim skyld hafa verið til umræðu í dag og í kvöld. Mér finnst við hæfi að nýskipaður dómsmrh. heiðri þingið með viðveru sinni. Þessi mál kunna að draga dilk á eftir sér og eiga eftir að verða til umfjöllunar hér með einum eða öðrum hætti, eins og maðurinn kynni að segja, á næstu mánuðum. Ég vil óska eftir því að hæstv. forseti geri dómsmrh. viðvart um að það standi yfir fundur, ef það hefur farið fram hjá hæstv. dómsmrh., og kanni hvort hæstv. ráðherra geti ekki sinnt þingskyldum hér í kvöld.

[19:49]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Það er alveg ljóst að hæstv. dómsmrh. hefur engar skyldur á þessum fundi umfram aðra þingmenn. Þetta mál er í höndum Alþingis en ekki ríkisstjórnar. Þetta mál er algerlega í höndum Alþingis. Hér er um þingsetningarfund að ræða. Það er hins vegar sjálfsagt að upplýsa hæstv. dómsmrh. um að viðveru hans sé óskað hér en ég tel að ráðherrann hafi engar skyldur umfram aðra þingmenn að vera viðstaddur þingfund. En þeirri beiðni skal að sjálfsögðu komið á framfæri.

[19:50]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með þátttöku stjórnarliða í þessari umræðu. Það var óskað eftir því í dag, mjög skýrt og ákveðið, að menn bæru fram rök fyrir þeirri afstöðu sem hefur komið fram í áliti meiri hluta kjörbréfanefndar sem formaður kjörbréfanefndar hefur mælt fyrir.

Hv. formaður kjörbréfanefndar svaraði rökum okkar frá því í umræðunni í dag og ég verð að segja að mér fannst ekkert koma fram í málflutningi hans sem hrakið gæti það sem við höfum lagt fram í umræðunni.

Hv. þm. sagði að skýrslur lægju fyrir og að við værum að biðja um skýrslur sem þegar lægju fyrir. Það sem við erum að fara fram á er að það verði kannað nákvæmlega hvort brögð hafi verið að því að mismunandi hafi verið farið með atkvæði milli kjördæma. Við höfum bent á dæmi þess. Kjörbréfanefndin hefur sjálf lagt til að farið verði öðruvísi með atkvæði í tveimur kjördæmum en gert var í öðrum kjördæmum hvað varðar V-atkvæðin. Þetta er það sem við sitjum uppi með. Við förum fram á að vita nákvæmlega hvernig í þessum málum liggur þannig að það sé hægt að sjá hvort mismunandi meðferð kjörgagna geti hafa haft áhrif á þá niðurstöðu sem hér á að staðfesta. Fyrir því að ekki megi gera rannsókn af því tagi hafa að mínu viti engin frambærileg rök komið. Það er gert ráð fyrir því að slík rannsókn geti farið fram. Hvenær ætti slík rannsókn að fara fram ef ekki þegar svona staða kemur upp?

Mér finnst þetta því miður enn eitt dæmið um að á háttvirtu Alþingi stunda menn það að keyra yfir minni hlutann. Það er ákveðið fyrir fram hvernig stjórnarliðið á að rétta upp hendurnar. Stjórnarliðið fellst á allt saman. Hinir ungu nýju þingmenn eru mættir á staðinn en hafa ekki látið svo lítið að taka þátt í þessari umræðu til að segja frá því hvort þeir ætli að bætast í handauppréttingavélahópinn eða hafa sjálfstæðar

skoðanir og toga meiri hlutann út úr þessu, ég vil segja, niðurlægjandi hlutverki sem þingmönnum meiri hlutans er hvað eftir annað falið hér á hv. Alþingi, að taka einhverri niðurstöðu sem ríkisstjórnin eða meiri hlutinn hefur ákveðið.

Mér finnst þetta dapurleg niðurstaða. Ég tel ekkert vanta upp á að hægt sé að fara yfir þessi álitamál og skoða hvort þau geti haft áhrif. Það er ljóst að það er hægt að taka tillit til þeirra niðurstaðna sem kæmu út úr slíkri rannsókn ef menn vildu. Ég harma það að menn skulu ekki hafa viljað hlusta á þau rök sem hér hafa komið fram. Mér finnst það óvirðing við lýðræðið í landinu að svo skuli vera.

[19:54]

**Frsm. minni hluta kjörbn. (Lúðvík Bergvinsson):**

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsaði mér að tala oftar í þessari umræðu en get ekki orða bundist eftir að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson tók að sér að útskýra tillögu sem við höfum lagt fram þannig að ekki verður við unað.

Kjarninn í því sem hér er lagt til af hálfu minni hlutans er að fram fari rannsókn á því hvort framkvæmd kosninganna hafi verið í lagi. Það má draga þetta upp með þessum hætti. Um það snýst málið. Var framkvæmd kosninganna í lagi? Við erum að kalla eftir upplýsingum um þetta inn í þingið til að geta tekið afstöðu til málsins. Ef það síðan kæmi í ljós í þeirri rannsókn að framkvæmdin hafi verið enn verri en gefið er í skyn í þeirri kæru sem liggur fyrir, sem vel er rökstudd, þá finnst mér einboðið að menn skoðuðu hvort fram ætti að fara endurtalning.

Það er einfaldlega þannig að Alþingi er úrskurðaraðilinn. Það liggur fyrir kæra en það vantar allar rannsóknir og upplýsingar til að geta tekið afstöðu. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson orðaði það sjálfur þannig að það skorti ákveðnar forsendur til að taka afstöðu. Ég vil taka undir það. Þetta er það sem málið snýst um. Þetta er það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson las upp úr greinargerðinni áðan. Við erum að tala um að áður en afstaða er tekin til málsins liggi allar upplýsingar fyrir. Í eðli sínu er málið hvorki stærra né minna en þetta. Það er stórmál hvernig framkvæmd kosninga er háttað.

Við munum kalla eftir upplýsingum um það. Er til of mikils mælst að við fáum þessar upplýsingar fram? Ég ítreka að þær skýrslur sem liggja fyrir hjá yfirkjörstjórn lúta ekki að því sem við höfum óskað eftir. Þær upplýsingar sem lágu fyrir í kjörbréfanefnd, þegar við vorum að taka afstöðu til vafaatkvæða, gáfu ekki til kynna forsendur fyrir því að atkvæðin voru flokkuð á tiltekinn hátt.

Ég vil leyfa mér að taka eitt dæmi. Eitt atkvæði sem fram kom úr Suðurkjördæmi var þannig að það var merkt X við S þannig að afstaða kjósanda kom fram með skýrum hætti. Reyndar hafði verið skrifað í réttan reit: „Niður með Davíð.“ Þetta var skrifað í réttan reit. Það hafði ekki verið skrifað annars staðar, bara í þennan reit. Ég held að við getum fullyrt að vilji kjósandans hafi verið mjög skýr. (**ÁRJ:** Mjög skýr.) Ég held að það sé ekki stórt upp í sig tekið.

(**Aldursforseti** (HÁs): Vilja þingmenn gefa hljóð?)

Virðulegi forseti. Ég kvartaði ekki yfir hávaða.

(**Aldursforseti** (HÁs): Ég kvartaði.)

Það sem ég vildi sagt hafa er að vilji kjósandans kom fram með mjög skýrum hætti. Það er ekki hægt að segja, þó að þetta hafi verið ritað, að atkvæðið hafi verið auðkennt á einhvern hátt þannig að það hefði mátt ganga úr skugga um hver setti þetta fram nema þá að fara í mikla rithandarsýnishornapælingar yfir allt kjördæmið, allt Suðurkjördæmið. Þetta lá vitaskuld fyrir. Þetta atkvæði var dæmt ógilt og engar forsendur fyrir því og engar skýringar. Kjarninn er náttúrlega sá að vilji kjósenda komi fram. Ég held að hann verði vart settur fram á skýrari hátt en þarna var gert. En þetta atkvæði var dæmt ógilt án þess að fyrir því væru nokkrar forsendur.

Virðulegi forseti. Ég dró fram þetta dæmi til að sýna að við finnum ekki forsendurnar og rökin. Við erum að reyna að kalla þau fram. Var framkvæmd kosninganna í eins góðu lagi og gat verið eða var svo ekki? Vegna þess hversu litlu munaði finnst mér að þetta þurfi að vera skýrt og allri óvissu eytt. Þetta er allt og sumt, virðulegi forseti, sem við erum að fara fram á.

[19:59]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins ein spurning sem mig langar að bera fram við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hv. þm. velti í máli sínu upp fræðilegri spurningu um að ef sú kæra eða þessar skýrslur sem hv. þm. hefur verið að kalla eftir leiddu í ljós að ástandið væri, eins og ég held að hann hafi orðað það, verra en fram kemur í kæru Frjálslynda flokksins þá kynni það að leiða til þess að menn yrðu að fara fram á endurtalningu.

Mér fannst að lesa mætti út úr máli hv. þm. að hann teldi að kæra Frjálslynda flokksins, eins og hún liggur fyrir, þau sakarefni sem þar væru nefnd, gæfu ekki tilefni til endurtalningar. Ef svo er, sem óhjákvæmilegt ályktun af orðum hv. þm., þá skil ég vel að þetta hafi orðið niðurstaða minni hluta kjörbréfanefndar. Kjörbréfanefndin leggur sem sagt ekki til, á grundvelli þeirra upplýsinga sem þar liggja fyrir, að krefjast eigi endurtalningar, að það sem þarna sé aðfinnsluvert kalli ekki á frekari aðgerðir af því tagi. Þá sýnist mér að munurinn á milli afstöðu meiri hlutans og minni hlutans sé kannski ekki svo mjög mikill.

[20:00]

**Frsm. minni hluta kjörbn. (Lúðvík Bergvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í áliti okkar að við teljum að hér sé komin fram vandlega rökstudd kæra en það er ekki þannig að um leið og menn setja fram kæru þá falli dómur. Það er ákveðið millistig sem verður að afgreiða, það er rannsóknin sjálf. Vegna þess að kæran er komin fram, vegna þess hversu vel rökstudd hún er, þá erum við tilbúin að taka þessa umræðu upp og ég frábið mér það af jafnvönduðum þingmanni alla jafna og Einari K. Guðfinnssyni að hann sé að leggja okkur þetta í munn og leggja okkur út með þeim hætti sem hann gerir hér.

Kjarninn er einfaldlega þessi: Það eru komnar fram það veigamiklar röksemdir að við teljum ófært að taka afstöðu til stórra spurninga sem liggja fyrir þinginu nema frekari gögn verði lögð fram. Þetta er kjarni málsins. Þetta gera allir úrskurðaraðilar áður en þeir komast að niðurstöðu, það er að rannsaka málið. Það hvílir á þeim rannsóknarskylda. Og það þori ég að fullyrða að sú unga lögmannssveit Sjálfstfl. sem hér hefur tekið sæti á hinu háa Alþingi gæti tekið undir þessi sjónarmið.

[20:02]

**Frsm. meiri hluta kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem liggur núna fyrir og stendur upp úr í þessari umræðu er það að á grundvelli þeirrar kæru sem nú liggur fyrir hefur hv. þm. ekki treyst sér til þess að

lýsa því yfir að eins og hún liggur fyrir gefi hún tilefni til að fara fram á endurtalningu og það finnst mér skipta gríðarlega miklu máli. Það sem hv. þm. sagði áðan þegar hann talaði um að það þyrftu að liggja fyrir alvarlegri hlutir sem skýrslan gæti hugsanlega leitt í ljós, þá finnst mér að málið sé að verða allt miklu skýrara og niðurstaða hv. þm., minni hlutans í kjörbréfanefnd, fer nú loksins að verða sæmilega rökrétt.

[20:03]

**Frsm. minni hluta kjörbn. (Lúðvík Bergvinsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef gert mér grein fyrir því í allan dag að meiri hlutinn er í miklum vanda. Rök fyrir afstöðu þeirra liggja ekki fyrir. En ég held að málstaðnum sé enginn greiði gerður með umræðu eða orðræðu af þessum toga. Við erum einfaldlega að óska eftir því að farið verði ofan í saumana á því hvernig framkvæmd kosninganna var. Við höfum ekki gefið okkur út fyrir það að þó að kæra liggi fyrir, þá séum við tilbúin að kveða upp úrskurð. Við teljum bara að næg rök séu fram komin til þess að rannsókn fari fram. Það er það sem við erum að biðja um. Ég er þannig gerður að ég vil að ákveðnar forsendur og upplýsingar liggi fyrir áður en við tökum afstöðu í jafnstóru máli. En það eru kannski aðrir hv. þingmenn eða kannski reyndar bara einn, sem hefur þurft að verja mjög vondan málstað og er þá vægt til orða tekið, sem hefur haldið því fram að þess þurfi ekki. Þetta er náttúrlega í sjálfu sér mjög merkileg umræða og innlegg til allra úrskurðaraðila í landinu. En ég ætla að vona að þeir fylgi ekki fordæmi hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar þegar þeir kveða upp sinn úrskurð.

[20:04]

**Helgi Hjörvar:**

Herra forseti. Er hæstv. dóms- og kirkjumrh. í salnum? (**Gripið fram í:** Já.) Svo er, já. Þá vil ég byrja á því að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að kalla hæstv. dómsmrh. í salinn því að ég hafði hugsað mér að eiga orðastað við hann og verð að lýsa mig ósammála hæstv. forseta um það að ég hlýt að líta svo á að hér fari umræðan öðrum þræði fram um framkvæmd kosninga og þeir handhafar framkvæmdarvaldsins sem bera ábyrgð á framkvæmdinni, einkanlega dómsmrh. og utanrrh., hljóti að hafa nokkra skyldur í umræðunni þó að ég skilji að hæstv. utanrrh. er löglega forfallaður í umræðunni, bundinn á forsetastóli sjálfur.

Ég verð sem nýliði í þessum sal að lýsa nokkurri undrun á því sem ég verð að kalla málleysi meiri hlutans í þinginu, málleysi stjórnarmeirihlutans. Það má furðu sæta hér á fyrsta degi þingsins við efnislegar og málefnalegar umræður um nýafstaðnar alþingiskosningar, að þá sé ekki nema einn maður af 35 manna stjórnarmeirihluta sem sjái ástæðu til að tjá sig um framkvæmd kosninganna sem þó varðar þingið miklu. Það er engu líkara en stjórnarliðið „nenni" ekki að standa í umræðunni og ég sem nýr þingmaður læri það í fréttatíma sjónvarpsins að svo sé komið að jafnvel forsrh. „nenni" ekki að flytja stefnuræðu á Alþingi þetta vorið.

Ég hlýt að spyrja mig hverju það sæti að menn taki ekki umræðu um grundvallarmál, sem ég hygg að sé ekki umdeilt, að við framkvæmdina má hafa aðfinnslur, við framkvæmd alþingiskosninganna má hafa málefnalegar aðfinnslur ...

(**Aldursforseti** (HÁs): Ég vil biðja hv. þm. að gæta orða sinna. Það er óþarfi að tala til ráðherra og þingmanna með þessum hætti. Þingmenn sinna sínum skyldum og ég tel það ekki vera við hæfi að viðhafa það orðbragð um störf þingmanna og ráðherra. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hvaða orðbragð er það?) (**Gripið fram í:** Hvaða orðbragð er verið að víta?) Ég er ekki að víta. Hv. þm. sagði að viðkomandi þingmenn og ráðherrar „nenntu" ekki að ... (Gripið fram í.) Ég tel það ekki við hæfi að viðhafa það orðbragð hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Er ekki málfrelsi hér?)

Herra forseti. Ég verð að mótmæla þessum orðum hæstv. forsetans. Ég var boðaður til þings í dag og mér var gerð grein fyrir því að hér færi fram í kvöld umræða um stefnuræðu forsrh. Ég las mér til í þingsköpum um að mér skyldi afhent þremur sólarhringum fyrir flutning stefnuræða forsrh. en hef enga séð og heyri það síðan í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins að það verði ekki flutt nein stefnuræða. Lái mér hver sem vill, herra forseti, þó að ég lýsi undrun minni á vinnubrögðum ef þau eru með þessum hætti í þessum sal og að það eigi nokkurt erindi hér í ræðustólinn.

En aftur að efni málsins sem eru álit meiri og minni hluta kjörbréfanefndar sem hér liggja fyrir. Ég hlýt að hvetja stjórnarliða til að taka þátt í þessari umræðu vegna þess að ég get út af fyrir sig deilt þeim sjónarmiðum með Einari K. Guðfinnssyni að ég tel ekki ástæðu til að ætla að hér hafi verið neinar slíkar brotalamir á framkvæmd kosninganna að miklum úrslitum muni ráða. Hér mun hvorki stjórnin standa né falla með þeim atriðum sem kunna að hafa farið úrskeiðis í framkvæmd kosninganna né önnur slík örlagarík atriði verða. Trúlega mun það engin áhrif hafa á niðurstöðu kjörs þeirra þingmanna sem hér sitja. En það er mikilvægt að allir séu vissir um þetta og það er málefnalegt sjónarmið að óska eftir því að það sé kannað til hlítar. Og ég get ekki skilið að meiri hlutanum í þinginu liggi svo á að komast í sumarfrí að það geti ekki beðið einhverja daga og að vel verði gengið úr skugga um að við sem hér sitjum séum tryggilega til þess rétt kjörin og öllum vafa um það eytt.

Ég held að því hafi ekki verið haldið fram að meiri vanhöld hafi verið á framkvæmd kosninga nú en áður hafi verið en ég held að fram hafi komið í umræðum mörg þau atriði sem betur máttu fara. Hér hefur verið upplýst að framkvæmdarvaldið upplýsti ranglega um listabókstaf tiltekins framboðs. Hér hefur verið upplýst um það að úrskurðað hafi verið með einum hætti um atkvæði greitt V í fjórum kjördæmum og með öðrum hætti í tveimur kjördæmum. Getur löggjafarþingið bara ákveðið að hvort tveggja sé gilt? Geta menn bæði staðið og setið? (Gripið fram í.) Hljóta menn ekki að þurfa að taka hér af skarið og úrskurða annaðhvort að atkvæði greidd V séu gild á landinu öllu eða ógild? Eða á staða kjósenda að ráðast af hendingu um það í hvaða kjördæmi þeir eru? (**Gripið fram í:** Heyr.)

Hér hafa sömuleiðis komið fram rökstuddar aðfinnslur við framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu og ég vil sérstaklega nota tækifærið til þess að hvetja hæstv. utanrrh. til að fara vandlega yfir þau mál í sínu ráðuneyti því að þau orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði hér um þá framkvæmd alla áðan áttu margt til síns máls.

Ég vil líka segja vegna hinna mörgu ógildu atkvæða í mínu kjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi norður, að ég tel ástæðu til þess að ætla að fyrir þeim mikla fjölda sé fyrst og fremst ein ástæða. Hún er sú að kjörseðill er afhentur samanbrotinn. Nú er það svo, herra forseti, að það eru ekki allir kjósendur sem átta sig á því að inni í seðlinum eru listar framboðanna og þar rennur mér nokkuð blóðið til skyldunnar, herra forseti, því að það vill svo til að ég sé nánast ekki

neitt sjálfur. Ég get ekki kosið sjálfur hjálparlaust, þ.e. ég þarf hjálpargögn við að krossa í kjörseðillinn minn. Það vill svo vel til að ég er vel upplýstur um það vegna þess að ég var framkvæmdarstjóri Blindrafélagsins áður og þekki þau úrræði sem til staðar eru. Það er alveg ljóst að fjöldi sérstaklega eldri kjósenda áttar sig ekki á því að opna seðilinn og áritar hann í góðri trú með krossi og þeim bókstaf sem þeir hafa fylgt kannski áratugum saman í hverjum kosningum á fætur öðrum. Og víðast hvar hygg ég að þarna hafi menn úrskurðað svo að hér komi vilji kjósandans skýrt og vel fram. X-D eða X-S eða hvað sem hann nú hefur merkt utan á kjörseðilinn en í Reykjavíkurkjördæmi norður hafi þessir seðlar verið úrskurðaðir ógildir. Mér finnst það, herra forseti, ekki vera boðleg framkvæmd á kosningu ef tugir atkvæða í mínu kjördæmi hafa verið úrskurðaðir ógildir þó að skýrlega stæði á þeim kross og listabókstafur og að í flestum ef ekki öllum öðrum kjördæmum hefðu þessi atkvæði verið talin gild. Og vegna orða hv. þm. Einar K. Guðfinnssonar hér áðan um að skýrslur væru fyrirliggjandi vil ég segja að ég tel að það sé ekki fyrirliggjandi hvers vegna atkvæðin voru úrskurðuð ógild, það liggi ekki fyrir í þeim bókunum sem fram hafa verið lagðar og að sérstaklega þurfi að kanna hvort sú skýring sem ég hef hér vitnað til eigi við rök að rök að styðjast. Ég tel að þingið ætti að hlutast til um að þessi atkvæði væru dæmd gild og þessum kjósendum sýnd sú virðing að þeirra augljósi vilji nái fram að ganga í kosningunum.

Allt um það, herra forseti. Mér sýnist hér allt á eina bókina lært. Hér á einfaldlega að keyra fram vilja stjórnarmeirihlutans og hafa helst ekki nema einn stjórnarþingmann í umræðunum. En ég vil leyfa mér, herra forseti, að beina þeim spurningum til hæstv. dómsmrh., í þeirri von að við getum haft eitthvert gagn af þessari umræðu, hvort hann telji að í umræðunni hér eða undanfarna daga hafi komið fram rökstuddar, efnislegar aðfinnslur við framkvæmd kosninganna einkum hvað varðar framkvæmd þeirra í utankjörfundaratkvæðagreiðslum hjá sýslumannsembættunum. Í öðru lagi, ef svo er, hvort hæstv. dómsmrh. hafi hugsað sér að vinna á kjörtímabilinu að endurbótum er varða framkvæmd kosninganna þannig að við stöndum ekki í þessum sömu sporum að fjórum árum liðnum því mikilsverðast er trúlega að læra af því sem dregið hefur verið fram í dagsljósið. Í þriðja lagi hvort hæstv. dómsmrh. sjái tilefni til þess að endurskoða kosningalöggjöfina, m.a. með tilliti til þess sem bent hefur verið á að orka kann tvímælis, að þingið sjálft úrskurði um kjör sitt og sömuleiðis að þar sé til að mynda ekki að finna neinar leiðbeiningar um endurtalningu. Og í fjórða lagi — og það finnst mér nú kannski mest um vert og legði mesta áherslu á við hæstv. dómsmrh. að hann svaraði í dag vegna þess að mér finnst það varða efni máls — er sú ábending sem kom frá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni um að eftir að kjörbréf hefðu verið samþykkt, þá væri út af fyrir sig heimilt að eyða kjörgögnum. En fyrir liggur kæra vegna kosninganna og ég vil þess vegna spyrja hæstv. dómsmrh. um það beint og óska eftir því að hann svari því hér hvort hann muni beita sér fyrir því að kjörgögnum úr þessum kosningum verði ekki eytt fyrr en kærumál hafa verið leidd til lykta.

[20:15]

**Kristján L. Möller:**

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta ítreka og taka undir þær spurningar sem hv. þm. Helgi Hjörvar lagði fram til hæstv. nýskipaðs dómsmrh. Ég endurtek þær og óska eftir því að hæstv. dóms- og kirkjumrh. svari þeim spurningum hér til þess að við getum þá a.m.k. haft það út úr því frá stjórnarmeirihlutanum eftir þær umræður sem hér hafa orðið í dag að það sé full ástæða til að skoða ýmislegt í framkvæmd kosninganna. Kem ég kannski betur að því síðar.

Hér hefur komið fram frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem skrifa undir það nál. og flytja þá tillögu sem hér er m.a. verið að ræða að þetta sé tilboð okkar til stjórnarinnar, tillaga til málamiðlunar, sáttaleið, og það er það sem mér finnst mjög alvarlegt mál, hvernig ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar að þegja það í hel. Nýliðarnir sitja hér sem betur fer, hv. þm., og fylgjast með en aðrir eru, eins og vant er, á hálfgerðum handahlaupum frá þessari umræðu og taka ekki þátt í henni ef frá er skilinn hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem er talsmaður kjörbréfanefndar og hefur tekið þátt í umræðunni.

Mér þótti mjög athyglisvert að hlusta á þingsetningardegi á ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hvernig hann lýsti því hvernig atkvæði sem merkt voru V voru meðhöndluð í fjórum kjördæmum af sex. Í tveimur kjördæmum eru þessi atkvæði ekki tekin gild en í fjórum kjördæmum af sex er listabókstafurinn V á utankjörfundaratkvæði, stimplaður eða skrifaður, tekinn gildur. Hér er það meiri hluti kjörbréfanefndar sem tekur sig svo til eftir kæru og fellir þann úrskurð að ógilda þessi atkvæði, fulltrúar stjórnarmeirihlutans, Sjálfstfl. og þess ég kalla stundum litla Sjálfstfl., Framsfl. Þetta atriði er í raun og veru nóg til þess að taka þessa umræðu upp og spyrja: Á hvaða vegferð erum við hér gagnvart kosningum? Þetta er mjög alvarlegt mál.

Segjum nú sem svo að það hefði kannski munað bara tveimur atkvæðum í einhverju kjördæmi og hér væru tvö V-atkvæði sem væru dæmd ógild í einu kjördæmi en tekin gild í öðru. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Og það er þetta auðvitað sem er æskilegt að hæstv. dóms- og kirkjumrh. tjái sig um á eftir og láti þá í ljósi skoðun sína á því hvort hann telji ekki að hér séu komnar fram brotalamir sem vert sé að taka til endurskoðunar og skoða, og að dóms- og kirkjumrn. eigi þá að gefa út leiðbeinandi fyrirmæli til kjörstjórna um hvernig skuli meðhöndla þessi atkvæði.

Herra forseti. Það kemur stundum fyrir að hv. Alþingi sendir alþingismenn Íslendinga út í lönd til að hjálpa til við framkvæmd kosninga og sjá til þess að þar fari allt löglega fram. Getur verið, herra forseti, að við þurfum að fá aðstoð erlendis frá við næstu alþingiskosningar? Ég bara spyr. (Gripið fram í.) Þetta er mjög alvarlegt mál vegna þess að þetta er auðvitað aðalþátturinn í lýðræðinu, kosningar, og þær verða að vera hafnar yfir það að það séu einhver deiluatriði. Nú vil ég taka það skýrt fram, herra forseti, að ég tel að þessi leið sem hér er verið að tala um eða þau atkvæði sem hafa verið dæmd ógild breyti kannski ekki miklu um niðurstöðu kosninganna. En ákaflega er það mikilvægt að þau eyði tortryggni, sem er, og það að við skulum hér jafnvel vera að ræða um framkvæmd kosninga, hvernig atkvæði eru meðhöndluð og þetta sem hér gerðist, er tortryggilegt fyrir utan það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti með auglýsingar hjá SÍNE og öðrum. Ég hafði ekki heyrt þetta áður. Ég verð að viðurkenna það. Mér þykir mjög undarlegt að þetta skuli hafa gerst. Þetta er auðvitað mismunun, þetta er framkvæmd sem er ekki hægt að una við.

Jafnframt kemur flatt upp á mann þegar hv. þm. Helgi Hjörvar lýsir því fyrir okkur úr ræðustól á Alþingi á þingsetningardegi hvernig atkvæði voru meðhöndluð eftir því hvort þau voru greidd sunnan eða norðan Hringbrautar eða

hvað þetta heitir hér, hvernig Reykjavík er skipt niður, að atkvæði séu meðhöndluð á annan hátt í Reykjavík suður en Reykjavík norður. Halló, halló, á hvaða vegferð erum við? Við teljum okkur vera mikið lýðræðisríki og, eins og hér hefur komið fram, við erum tölvuvædd þjóð og vitum ekki af neinum nýjungum í þeim efnum án þess að við séum komin með þær daginn eftir. Samt getum við ekki framkvæmt kosningarnar skammarlaust. Þetta er alveg með ólíkindum. Og það er eiginlega alveg með ólíkindum að við skulum fara af stað í alþingiskosningar þar sem menn verða þess áskynja að hjá nokkrum sýslumönnum, umboðsmönnum dómsvalds á Íslandi, neiti þeir að taka við atkvæðum í viðkomandi kjördæmi og segja að það verði að senda það á einhvern annan stað í kjördæminu til að senda það jafnvel aftur til baka. Erum við ekki á árinu 2003, herra forseti, og hvernig má það vera að svona framkvæmd geti átt sér stað og verið með svona klúðri? Auðvitað er þetta ekkert annað en klúður.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að í upphafi þings í dag þegar allir þingmenn hlakka til og mikil eftirvænting er yfir því að sitja hér og ganga til messu, ganga til þingsetningar og vera hér á þessum virðulega degi, setur þessi dagur mjög niður að mínu mati við að þurfa að takast á um þessi atriði. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hefði talið það oddvitum ríkisstjórnarflokkanna til mikils hróss, sama hvort það er sitjandi hæstv. forsrh. eða væntanlegur hæstv. forsrh., ef þeir hefðu tekið í spottann og lagt til í þingflokkum sínum að tillaga stjórnarandstæðinganna yrði samþykkt til að taka af allan vafa um það sem við erum hér að takast á um í stað þess að setja þennan ljóta blett á þingsetningardaginn.

Ég veit ekki hvort ég á að segja það, herra forseti, en það var á augnabliki í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem kom í mig hálfgerð Flórídatilfinning. Það rifjuðust aftur upp fyrir mér forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og það klúður sem varð í einu fylki þess, Flórída, við talningu atkvæða þar sem menn rifust endalaust um það hvort einhverjar talningavélar eða einhverjar götunarvélar væru í lagi eða ekki í lagi. Þetta er alveg með ólíkindum. Og ég veit ekki hvort ég á að voga mér að nefna það en þetta minnir mann auðvitað á talningardag í prófkjöri Sjálfstfl. í Norðvesturkjördæmi í Borgarnesi, það klúður sem þar var. Við erum jú að fjalla um leynilegar kosningar og þær eiga að vera hafnar yfir allt sem heitir einhver deiluatriði og ef það koma upp deiluatriði eins og í þessu tilfelli milli stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna — sem á náttúrlega ekki að vera — á auðvitað að vera sá bragur á að við segjum: Allt í lagi. Það er sjálfsagt að skoða þetta atriði. Förum í gegnum þetta. Tökum okkur þann tíma sem þarf, skoðum þetta og kíkjum á niðurstöðuna. Það kæmi kannski ekkert annað út úr því en það að við höfum sofið á verðinum, gleymt okkur, dómsmrn., fyrrv. hæstv. dómsmrh. og ráðuneyti hennar, við að gefa út leiðbeinandi fyrirmæli til kjörstjórna um þetta.

Reyndar er í kosningalögunum kveðið á um það að sé enginn vafi á því að vilji kjósanda komi fram eigi að dæma það atkvæði gilt jafnvel þó að það sé skrifað á bakhlið kjörseðils eins og hér hefur verið kveðið á um. Það er vilji kjósandans að kjósa þann listabókstaf og þá á að taka það atkvæði gilt eins og gert var í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæminu, sennilega Reykjavík suður. Og það á ekki heldur að þurfa í raun og veru að senda leiðbeiningar til sýslumanna um það að þeir eigi að taka við utankjörstaðaratkvæðum á sínum stað í sínu kjördæmi og senda þau með öðrum kjörgögnum. Það á heldur ekki að þurfa að taka það fram, ef það er rétt að vanti einhvers staðar stimpil sýslumannsembættis eða umboðsmanns sýslumanns í utankjörfundaratkvæðagreiðslu aftan á umslag eigi ekki að gera það atkvæði ógilt á neinn hátt. Stimpill inni á fylgiblaði og undirritun fulltrúa sýslumanns er stimplun um það að atkvæði er greitt og eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um úr einu kjördæmi er þess ekki krafist að stimpill sé aftan á. Það er hins vegar gert ef kjósandi tekur atkvæði sitt og sendir það sjálfur til þess að viðtakandi kjörstjórn geti þá séð hvaðan atkvæðið kemur og hvar hefur verið kosið. En ég vona að það sé ekki þannig að atkvæði hafi verið gerð ógild í einhverju kjördæmi, utankjörstaðaratkvæði, vegna þess að stimpil hafi vantað aftan á vegna þess að hvergi í kosningalögum er þess krafist að stimpill sé aftan á umslögum. Það er nægjanlegt að hann sé á fylgiblaðinu en það er sannarlega rétt að gera atkvæðið ógilt ef undirritun kjósanda eða fulltrúa sýslumanns er ekki á fylgiblaðinu. Annað getur ekki gert þann seðil ógildan nema þá að skilað sé auðu eða skrifaðar einhverjar sögur eða eitthvað annað á kjörseðilinn.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan og er kannski aðalatriðið í því sem ég vildi segja hér, ég tel að það hefði verið mikill myndarbragur á því á fyrsta degi þings ef hv. oddvitar ríkisstjórnarflokkanna hefðu sagt í upphafi: Hér er deilumál milli aðila. Það er sjálfsagt að kanna þetta, fara þá leið sem hér er lögð til, að það sé kallað eftir skýrslum frá yfirkjörstjórnum þar sem farið er yfir þessi mál og þeir látnir búa til lista um það hvernig farið hefur verið með t.d. atkvæðaseðla sem voru dæmdir ógildir eða hins vegar, eins og ég hef hér verið að geta um, um V á kjörseðlum eða skrifað á bakhlið seðilsins. Ef þetta er svona mismunandi milli kjördæma er full ástæða til að fá það uppgefið frá kjörstjórnum, og Alþingi geti þá skoðað það vegna þess að a.m.k. það verðum við að sjálfsögðu að fá út úr þessari umræðu að svona mistök endurtaki sig ekki. Það er grundvallaratriðið. Og það er auðvitað grundvallaratriði að þetta verði gert hér og nú og ég ítreka það sem mér finnst mikill myndarbragur á að hér leggja fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, fulltrúar minni hlutans, til sáttaleið sem mér finnst hálfpartinn hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafa verið að hártoga og gera lítið úr. Mér finnst það miður og hvet til þess, herra forseti, að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., oddvitar ríkisstjórnarflokkanna, segi bara: Við skulum taka þetta mál sem hér hefur sett þennan ljóta blett á þingsetningardaginn, skoðum það og könnum það og við skulum hefja það yfir allan vafa að þetta geti einhverju breytt um úrslit kosninganna. A.m.k. verður það að vera þannig að við lærum af þessu og ég ítreka þær spurningar sem hv. þm. Helgi Hjörvar lagði fyrir hæstv. dómsmrh., ég vil taka undir þær og hvetja til þess að hæstv. dóms- og kirkjumrh. nýskipaður segi álit sitt á þeirri umræðu og því sem hér hefur legið fyrir og hvort ekki væri ástæða til þess að skoða þetta mál frekar.

[20:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég óskaði eftir viðveru hæstv. dómsmrh. eða taldi a.m.k. ástæðu til að honum yrði gert viðvart um það, skyldi það hafa farið fram hjá hæstv. ráðherra, að hér færi fram mikil umræða um framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí sl. og ýmis álitamál sem þeirri framkvæmd tengjast, auk þess sem Alþingi hefur í höndunum tiltekin ákvörðunaratriði sem varða lögmæti kosningarinnar sjálfrar og er í höndum Alþingis sjálfs að afgreiða. Ég var ekki að óska eftir við-

veru hæstv. dómsmrh. — bara til að róa hæstv. forseta — vegna þess að ég væri þeirrar trúar að hæstv. dómsmrh. hefði sem þingmaður einhverjar skyldur umfram aðra þingmenn eða hans álit skipti meira máli en annarra þingmanna þegar kemur að því að fjalla um lögmæti kjörbréfanna samkvæmt ákvæðum þingskapa. Þar er mér alveg ljóst að hv. þm. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n., sem það mun heita nú, er sem hver annar af okkur 63 sem hér höfum atkvæðisrétt. Hitt er ljóst, eða var a.m.k. síðast þegar ég vissi, að hæstv. dómsmrh. er dómsmrh. Er það ekki alveg á hreinu? Og hann er þar af leiðandi handhafi framkvæmdarvalds og það hlýtur að vera dómsmrh. á hverjum tíma að svara fyrir um það hvernig framkvæmdarvaldið leysir verkefni sín af hendi.

Það er nú einu sinni svo að í landinu situr, eða á að *heita samkvæmt stjórnskipun, þingbundin ríkisstjórn* sem á að svara fyrir gerðir sínar gagnvart Alþingi. Alþingi hefur eftirlitsskyldum að gegna varðandi það hvernig með þá hluti er farið af hálfu handhafa framkvæmdarvaldsins.

Það er algerlega ljóst, finnst mér, að sú umræða sem fram hefur farið í dag og fjöldamargt sem komið hefur fram gefur ærið tilefni til að hæstv. dómsmrh. og reyndar einnig hæstv. utanrrh. fari rækilega yfir það í ráðuneytum sínum hvernig hér hefur til tekist. Ég hvet þessa hæstv. ráðherra, sem svo vel vill til að báðir hlýða á mál mitt, til að taka þessi orð alvarlega. Það er miklu betra fyrir hæstv. ráðherra sjálfa að hafa að eigin frumkvæði knúið á um að farið væri yfir þessi mál fremur en að menn verði að knýja það fram með öðrum hætti. Til þess eru auðvitað færar leiðir eins og kunnugt er.

Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. hefur komið hér til umræðunnar. Ég hvet hann til þess að fara yfir hana og lesa, hafi hann ekki hlýtt á hana alla í dag. Sömuleiðis hvet ég hæstv. utanrrh. til að fara yfir þá þætti sem að utanrrn. og utanríkisþjónustunni snúa í þessum efnum.

Ég vil beina því til hæstv. ráðherra — ég geri svo sem ekki kröfur um að þeir svari hér spurningum lítt undirbúið um þessi vandasömu mál — hvort þess megi vænta, burt séð frá lyktum málsins hér og nú sem við ræðum eða deilum um í dag, um það hvort samþykkja skuli tillögu minni hluta kjörbréfanefndar eða ekki og loka málinu hér, að þeir í ráðuneytum sínum eða dómsmrn. með upplýsingum eða á grundvelli upplýsinga og aðstoðar frá utanrrn. setji saman rækilega skýrslu eða greinargerð um framkvæmd kosninganna þar sem öll þau álitamál sem hér hafa verið tíunduð og örugglega fjöldamörg önnur, sem munu koma fram í dagsljósið eigi menn kost á því að vekja athygli á ýmsum hlutum, þar sem farið verði rækilega yfir þetta og dregnir af því lærdómar og eftir atvikum jafnvel lagðar til úrbætur, annars vegar á framkvæmdinni og hins vegar á lögunum sjálfum, sem yrði þá verkefni Alþingis að breyta.

Ég tel, herra forseti, að tillaga fulltrúa minni hlutans í kjörbréfanefnd sé vel ígrunduð og rökstudd. Það er alveg ótvírætt að valdið liggur hjá Alþingi. Ég vil ganga lengra og segja að skyldan liggur hjá Alþingi, að gera það sem í þess valdi stendur til að eyða óvissu um lögmæti kosninga og niðurstöðu þeirra. Það er engin leið að lesa ákvæði stjórnarskrárinnar, kosningalaga og þingskapalaga öðruvísi en þannig að þar sé ekki bara vald heldur líka skylda. Það er treyst á að Alþingi sjálft sjái til að óvissu sé eytt eftir því sem kostur er og þá tekið á vafaatriðum. Það getur gengið svo langt, eins og ótvírætt má sjá með lestri 5. gr. þingskapa, að Alþingi ákveði að ógilda kosningu og láta hana fara fram að nýju.

Ef þvílíkir meinbugir eru á framkvæmdinni eða svo mikil óvissa ríkir um að rétt niðurstaða hafi fengist er ljóst að sú skylda hvílir á herðum Alþingis að meta hvort kjósa skuli aftur. Það er ekki eins og það væri heimsendir eða það væri í fyrsta skipti í mannskynssögunni. Hefur það ekki gerst aftur og aftur að menn hafa orðið að endurtaka kosningu, t.d. í sveitarstjórnum, nú síðast í Borgarnesi? Félmrh. sem er æðsti dómari í þeim efnum úrskurðaði þá að þeir skyldu kjósa aftur í Borgarnesi, við litla hrifningu margra þar á bæ. En það var gert. Lýðræðið kostar sitt en það verður að fá að hafa sinn gang.

Þess vegna held ég að málsvörn meiri hlutans — þó að ég virði að vísu dugnað hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar gagnvart því að standa hér aleinn, meira og minna berskjaldaður rökum í málsvörninni fyrir meiri hlutann — sé ekki sterk andspænis þeirri miklu ábyrgð og þeim ríku skyldum sem Alþingi hlýtur að hafa á herðum sínum við þessar aðstæður.

Herra forseti. Það er alveg óumdeilanlegt að það hlýtur að vera a.m.k. eitt sem við þingmenn eigum öll sameiginlegt við þessar aðstæður því það er í þágu okkar allra að eyða óvissu ef það er hægt. Það er engum til gagns, sérstaklega ekki meiri hlutanum, að loka þessu á feysknum forsendum þannig að menn verði með hálfgert óbragð í munninum gagnvart því að þeir hafi ekki sinnt skyldum sínum og vandað sig við svona aðstæður.

Ég leyfi mér því að hvetja meiri hlutann, í ljósi þess að það hallar að kveldi bráðum, til að sofa á þessu í nótt. Það mun ekki eiga að ganga til atkvæða hér fyrr en á morgun. Ég hvet meiri hlutann til að sofa á þessu í nótt og velta fyrir sér hvort það sé ekki einmitt meiri hlutanum fyrir bestu að komast að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að samþykkja tillögu minni hlutans. Það yrði enginn héraðsbrestur þó að þingið gerði hlé á störfum sínum í nokkra daga.

Reyndar hefur þingið ekki hafið störf í formlegum skilningi og getur það ekki fyrr en kjörbréfin hafa verið afgreidd. Það er alls óvíst að það þyrfti að gera hlé nema fram undir lok vikunnar. Það má nota þann tíma vel. Þeir sem ekki hafa annað að gera geta spókað sig úti í góða veðrinu. Hæstv. forsrh. getur samið stefnuræðuna, sem hann hefur ekki gert enn. Við hittumst svo hér aftur öðru hvorum megin við næstu helgi til að ljúka þessu með sómasamlegum hætti, herra forseti.

[20:38]

**Bryndís Hlöðversdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú er þessi dagur að kvöldi kominn og hann hefur farið svolítið öðruvísi en við gerðum ráð fyrir og svolítið mikið öðruvísi en hv. þingmenn höfðu undirbúið sig fyrir. Skipulag þessa dags hefur meira og minna verið án samráðs við stjórnarandstöðuna.

Ég vil hins vegar spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé ráð að kalla saman formenn þingflokka til að ræða fyrirkomulag morgundagsins. Sú sem hér stendur á að heita formaður í einum þeirra þingflokka sem hér sitja. Ég hef ekki hugmynd, herra forseti, hvernig standa skal að málum á morgun. Mér er það ekki ljóst hvort hér fara fram umræður um stefnuræðu hæstv. forsrh. annað kvöld. Ég held að það sé ekki hægt að ljúka þessum degi fyrr en það liggur ljóst fyrir, herra forseti, hvernig menn hyggjast hafa daginn á morgun. Ég vil a.m.k. geta gefið mínum þingflokki skilaboð um hvort menn og konur eigi að undirbúa sig undir stefnuræðu annað kvöld eða ekki. Mér virðist þetta ekki liggja ljóst fyrir, herra forseti. Ég óska því eftir því að í kvöld verði skotið á fundi

með formönnum þingflokka þar sem við verðum upplýst um hvað fyrirhugað er að gera af hálfu hæstv. ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á hinu háa Alþingi á morgun.

[20:40]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Forseti hefur ekki haft ráðrúm til að tala við mjög marga í dag. En ég skil ábendingar hv. þm. vel og finnst sjálfsagt að þegar þessum fundi verður frestað skjóti menn saman til fundar og reyni að átta sig á því hvernig störfum verði hagað á morgun.

[20:41]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að taka undir orð hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, ósk hennar um að gert verði örstutt hlé og fundað með okkur þingflokksformönnunum um hvernig morgundagurinn eigi að vera þannig að við getum upplýst okkar fólk um framhaldið. Ég tel það eðlilegt. Þessi fór eins og hann fór. Ég tel eðlilegt að við fáum að vita hvernig morgundeginum verður háttað og við getum komið þeim skilaboðum til okkar fólks þegar við hittum það á eftir.

[20:41]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Ég tel sjálfsagt, eins og ég sagði áður, að skotið verði saman fundi að loknum þessum fundi.

[20:42]

**Kristján L. Möller:**

Herra forseti. Ég kem upp til að ítreka þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. dómsmrh. og þær spurningar sem hv. þm. Helgi Hjörvar lagði einnig fram. Menn verða kannski bara að sætta sig við þögn hæstv. dómsmrh. Við höfum bara notið þess þá að sjá hann í sæti sínu frá því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon óskaði eftir nærveru hans í fundarsal.

En óneitanlega hafa verið lagðar fram hér nokkrar spurningar til hæstv. dómsmrh. Hér hafa verið ítrekaðar óskir eftir svörum og áliti hans á þeirri umræðu og því sem hér hefur átt sér stað, um það hvort íslenska kerfið, dómsmálaráðuneytið og aðrir sem eiga að undirbúa og fara með framkvæmd kosninga, hafi eitthvað lært, séð einhverja vankanta í kosningunum við framkvæmd og talningu, úrskurði um atkvæði í alþingiskosningunum 10. maí sl. Þetta er ákaflega mikilvægt, herra forseti, að heyra nýskipaðan dóms- og kirkjumálaráðherra fjalla um þetta, æðsta yfirmann dómsmála á landinu. Eða verða skilaboðin þögn? Það væri þá svo sem eftir öðru.

Herra forseti. Við höfum rætt hérna svolítið um tæknina og hv. þm. Ögmundur Jónasson orðaði það svo ágætlega að við lifðum á tækniöld. Hér eru skilaboð, gögn og fleira send með leifturhraða, þess vegna héðan og í nýja sendiráðið í Japan á tveimur sekúndum eða einni sekúndu. Það er þannig með tæknina hér á Íslandi líka að kjósendur fylgjast með þeirri umræðu sem á sér stað á Íslandi á hinu háa Alþingi í dag í gegnum netið. Það eru kjósendur sem geta sent SMS-skilaboð til þingmanna til að minna þá á eitt tiltekið atriði varðandi deilumál í kaupstað einum við bæjarstjórnarkosningar þar sem Sjálfstfl. óskaði daginn eftir eftir endurtalningu atkvæða og kjörstjórn varð við þeirri ósk. Úrslit kosninganna sem sagt, þegar búið var að telja um nóttina, voru þau að Sjálfstfl. hafði fengið þrjá fulltrúa og hinn gamli góði, virðulegi Alþfl. hafði fengið tvo en annar fulltrúi þess flokks var aðeins inni á einum fjórða úr atkvæði.

Þetta fannst sjálfstæðismönnum í þessu viðkomandi byggðarlagi ekki nógu gott og vildu freista þess að skoða hvort ekki lægi einhvers staðar fiskur undir steini, ef svo má að orði komast, hvort ekki væri einhvers staðar atkvæðaseðill sem kjörstjórn hefði yfirsést. Allur sá mikli hópur sem þar sat inni og var að telja, fulltrúar allra flokka, var ágætasta fólk. Jú, það var að sjálfsögðu orðið við ósk Sjálfstfl. um endurtalningu atkvæða. Sjálfsagt mál, partur af lýðræðinu. Sjálfsagt að fara í gegnum það hvort munurinn væri virkilega svona lítill. Og menn hittust daginn eftir og opnuðu hin innsigluðu kjörgögn sem sýslumaður hafði geymt um nóttina og hófust handa við endurtalningu. Og viti menn. Hvað gerðist? Fyrst kom einn atkvæðaseðill úr þeim bunka sem kjörstjórnin hafði flokkað sem auða seðla og inni á lista Sjálfstfl. neðarlega á listanum, ekki uppi þar sem D-ið var, þar sem listabókstafurinn var, þar sem flestallir krossa við, heldur neðarlega á listanum var lítill daufur kross fyrir framan eitt nafn eins frambjóðandans og atkvæðið var að sjálfsögðu gilt. Það var tekið gilt. Og það var haldið áfram að endurskoða hin töldu atkvæði, úrskurðuðu atkvæði kjörstjórnar, og það kom annar atkvæðaseðill úr flokki auðra seðla og þar var líka lítill kross sem einhver hafði krossað framan við nafn eins frambjóðanda og þar með hafði Sjálfstfl. fengið tvö atkvæði í viðbót í þessum bæjarstjórnarkosningum og unnið sinn fjórða mann, fékk fjórða manninn daginn eftir og Alþfl. missti einn vegna þess að þessir tveir atkvæðaseðlar fundust við endurtalningu.

Herra forseti. Nú kann það að vera að sumum þingmönnum finnist þessi dæmisaga kannski ekkert merkileg en mér finnst ágætt að nefna hana hér og segja frá henni vegna þess að við endurtalningu kom þetta í ljós og lýðræðið sigraði, ef svo má að orði komast. Það var endurtalið eftir tvísýnar kosningar. Niðurstaðan varð þessi og allir sættu sig við hana.

Ég er aðeins að spekúlera í því, herra forseti, hvað gerst hefði ef menn hefðu jafnvel bara neitað að viðurkenna þetta eftir endurtalningu eða neitað talningu og svo hefðu menn kannski skoðað þessi gögn einhvern tíma seinna vegna þess að þetta fór svona. Ég held því að það sé ákaflega mikilvægt, herra forseti, að taka þetta dæmi málinu til stuðnings. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, spurningar til dóms- og kirkjumrh. og ítreka áskorun mína til oddvita ríkisstjórnarflokkanna að sofa kannski vel á þessu í nótt, mæta hér galvaskir til þings á morgun og taka þátt í að samþykkja þá tillögu sem minni hlutinn hefur lagt fram og þing verði svo kallað saman þegar þessar skýrslur eru komnar og farið yfir þetta mál. Ólíkt yrði meiri bragur á því og mundi breyta þeirri leiðindaumræðu sem hér hefur verið í dag um framkvæmd kosninga, sem er umræða sem enginn vildi óska sér að þurfa að taka þátt í. Ef oddvitar ríkisstjórnarflokkanna beittu sér fyrir þessum atriðum hygg ég að menn ynnu marga punkta að loknum kosningum og gætu brosað breitt eftir það.

[20:49]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Herra forseti. Í máli mínu í dag beindi ég þeirri spurningu til hæstv. forseta sem þá var einn í salnum en núna er hæstv. dómsmrh. hér einnig og spurningin átti m.a. við hæstv. ráðherra, hvort hægt væri að tryggja það að kjörgögnum yrði ekki eytt til þess að hægt væri að fá að skoða þau. Það er m.a. vegna þess að svo kann að vera að einstaklingar í landinu vilji láta reyna á öll þau réttarúrræði sem þeir telja að þeim séu fær til þess að fá að skoða m.a. kjörgögn og ég minni á að

það eru upplýsingalögin. Það er alveg spurning hvort menn eigi ekki rétt á því í gegnum upplýsingalögin að krefjast þess að fá að sjá opinber gögn. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort ekki sé alveg öruggt að hann muni sjá til þess að gögnum verði ekki eytt þannig að ef einhver vildi nota sér upplýsingalögin og krefjast þess að fá að skoða þessi gögn, þetta eru jú opinber gögn, þá lægi það alla vega fyrir að gögnin væru til staðar og eins það að einstaklingar í landinu gætu notað réttarúrræði sín til fulls. Þetta er spurningin og ég óska eftir því að hæstv. dómsmrh. svari henni.

[20:51]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Í 104. gr. kosningalaganna segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Þá skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Kjörseðlana skal geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 120. gr., enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Að því búnu skal eyða kjörseðlunum og skrá yfirlýsingu um það í gerðabók yfirkjörstjórnar."

Ég mun að sjálfsögðu eins og aðrir fara að þessum lögum.

[20:52]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Á að skilja þetta svar svo að hæstv. dómsmrh. muni beita sér fyrir því að gögnunum verði eytt þegar eftir að Alþingi hefur afgreitt kjörbréf?

[20:52]

**Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki í þeirri lagagrein sem ég las hér orðrétt upp úr lögunum að dómsmrh. hafi nokkuð um þetta mál að segja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi frestað kl. 20:55.

---

# ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

þriðjudaginn 27. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
 a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
 b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
 c. Félagsmálanefnd, 9 manna.
 d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
 e. Heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna.
 f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
 g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna.
 h. Menntamálanefnd, 9 manna.
 i. Samgöngunefnd, 9 manna.
 j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
 k. Umhverfisnefnd, 9 manna.
 l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
4. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.
 a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
 b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
 c. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
 d. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
 e. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
 f. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
 g. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
 h. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
 i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.
5. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

## *Rannsókn kjörbréfa, frh. umræðu.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Tillaga minni hluta kjörbn. á þskj. II [um að fresta afgreiðslu kjörbréfa] felld með 30:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EMS, GAK, ISG, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH.

**nei:** GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, HÁs.

8 þm. (GÁS, JGunn, JBjart, KolH, TIO, ÞKG, ÖJ, EOK) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:34]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Þessi tillaga kveður á um það að fresta því að kveða upp úr um kjörbréf þingmanna og lögmæti alþingiskosninganna en kalla eftir sérstökum skýrslum frá yfirkjörstjórnum allra kjördæma um meðferð kjörgagna og framkvæmd kosninganna. Nú er það svo að yfirkjörstjórnir allra kjördæmanna hafa sent frá sér skýrslur um framkvæmd kosninganna. Sama liggur fyrir frá landskjörstjórn. Kjörbréfanefnd sem Alþingi hefur kosið til þess að fara yfir kjörbréfin og álitamál sem fyrir hana hafa verið lögð hefur unnið sitt starf. Allar upplýsingar sem við þurfum til þess að taka ákvörðun um þetta mál liggja núna fyrir. Þess vegna er tilefnislaust að samþykkja þessa tillögu og ég segi því nei.

[13:36]

**Jóhann Ársælsson:**

Hæstv. forseti. Atkvæðisréttur kjósenda, það er að sanngjörn, réttlát og samræmd meðferð atkvæða verði ekki vefengd með gildum rökum, er grunnforsenda þess að Alþingi ræki þá skyldu sína að verja og viðhalda grundvelli lýðræðisins. Fyrir liggja trúverðugar upplýsingar um að umtalsverður fjöldi atkvæða hafi verið úrskurðaður með mismunandi hætti við talningar í hinum einstöku kjördæmum. Atkvæði merkt V virðast sums staðar hafa verið talin með, annars staðar ekki o.s.frv. Verði tillaga minni hlutans samþykkt sinnir Alþingi mikilvægri og eðlilegri rannsóknarskyldu sinni á þeim misfellum sem virðast hafa verið á framkvæmd síðustu kosninga áður en úrskurður um gildi kosninganna og kjörbréf er upp kveðinn. Ég segi já.

[13:38]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Virðulegi forseti. Leidd hafa verið mjög skýr rök að því að misbrestur hafi orðið á við framkvæmd þessara kosninga. Það liggur líka fyrir að lítill munur var á því hvort menn náðu inn sem þingmenn eða ekki. Því liggur fyrir mjög verulegur vafi á því hvort þeir þingmenn sem hér sitja séu allir löglega kosnir. Það er því mikilvægt að slíkum vafa verði eytt. Það er algert lykilatriði. Þess vegna leggjum við til að fram fari rannsókn á þeim ásökunum sem fram hafa komið sem eyði þeim vafa sem uppi er, því að ef þessi þjóð ætlar að vera í forustu í lýðræðismálum, þá verður hún að vera svo stór og svo sterk að hún geti tekið til í eigin ranni þegar svona misbrestur á framkvæmd kosninga kemur upp. Því segi ég já, virðulegi forseti.

[13:40]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Tillaga minni hluta kjörbréfanefndar um að Alþingi láti fara fram rannsókn í samræmi við ákvæði stjórnarskrár og laga um þingsköp Alþingis er vel rökstudd. Hún er vel ígrunduð og hún er sanngjörn og það kom rækilega fram við umræðurnar í gær að ærin efni eru til þess að fara ofan í saumana á fjölmörgum atriðum sem betur hefðu mátt fara við framkvæmd þessara kosninga. Þegar svo við bætist að það er jafnmjótt á mununum og raun ber vitni þá verður vandséð hvers vegna menn ætla að leggjast gegn því að Alþingi axli þá ábyrgð og sinni þeirri skyldu sinni að reyna að eyða óvissu um lögmæti kosninga.

Það liggur að vísu fyrir að ríkisstjórninni er greinilega mikið í mun að ljúka þessu þinghaldi og koma þinginu heim og flýtir sér svo við það að það má ekki einu sinni vera að því að semja stefnuræðu til að ræða hér með hefðbundnum hætti. En það verður mönnum til lítils sóma að kasta þannig til höndunum við ábyrgðarstörf af því tagi að reyna að eyða óvissu um lögmæti kosninga. Þess vegna trúi ég því ekki fyrr en ég tek á að þessi tillaga verði ekki samþykkt, herra forseti. Ég segi já.

[13:43]

**Lúðvík Bergvinsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Nú má segja sem svo að þingið hafi kveðið upp sinn dóm um lögmæti kosninganna. Sú tillaga sem hér var lögð fram áðan fól í sér að rannsakaðar yrðu frekar þær ásakanir sem fram hafa komið um framkvæmd kosninganna en þingið varð ekki við því. Þar af leiðandi hefur þingið samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar samþykkt og viðurkennt lögmæti kosninganna.

Sú atkvæðagreiðsla sem fer núna fram er aðeins um kjörbréfin og ég vil því segja fyrir hönd þingmanna Samfylkingarinnar að við munum styðja og samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir um kjörbréfin.

[13:44]

**Guðjón A. Kristjánsson** *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Með vísan til málflutnings okkar og málatilbúnaðar varðandi afgreiðslu kjörbréfa hafa þingmenn Frjálslynda flokksins ákveðið að sitja hjá við afgreiðslu málsins og við greiðum því ekki atkvæði.

Tillaga meiri hluta kjörbn. á þskj. 1 [um samþykkt allra kjörbréfa] samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, GÁS, JGunn, JBjart, KolH, TIO, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég ætla að gera grein fyrir atkvæði mínu. Ég hef ekkert við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar að athuga en ég ætla að gera grein fyrir því af hverju við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum styðja þessa tillögu meiri hluta kjörbréfanefndar að fallinni tillögu minni hlutans sem við að sjálfsögðu hörmum, að ekki var fallist á þá rannsókn á framkvæmd og lögmæti kosningarinnar sem þar var lögð til. Þar með eru tæmd þau úrræði sem þingmenn hafa til þess að rannsaka í tengslum við afgreiðslu kjörbréfa lögmæti kosningarinnar og er ekkert annað eftir en greiða atkvæði um kjörbréfin sem slík og við styðjum þau. Þar með er þó alls ekki sagt að þessu máli sé lokið og ég hef enga trú á öðru en þeir ágallar sem komu fram við framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí sl. eigi eftir að hafa það í för með sér að þessi mál verði könnuð, rannsökuð og væntanlega lögum breytt og ýmsar ráðstafanir gerðar til að betrumbæta framkvæmd alþingiskosninga bæði innan lands og erlendis. Ég trúi því ekki að menn ætli að sætta sig við fingurbrjóta af því tagi sem fjölmargir voru hér til umræðu í gær. Á því verður að taka, herra forseti.

Kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna voru þar með samþykkt:

*Aðalmenn:*

Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.
Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.

Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
Tómas Ingi Olrich, 6. þm. Norðaust.
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk.
Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.
Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.
Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.

*Varamenn:*
Herdís Á. Sæmundardóttir, 1. vþm. Framsfl. í NV.
Eydís Líndal Finnbogadóttir, 2. vþm. Framsfl. í NV.
Steinunn Kristín Pétursdóttir, 1. vþm. Frjálsl. fl. í NV.
Pétur Bjarnason, 2. vþm. Frjálsl. fl. í NV.
Gísli S. Einarsson, 1. vþm. Samf. í NV.
Sigríður Ragnarsdóttir, 2. vþm. Samf. í NV.
Guðjón Guðmundsson, 1. vþm. Sjálfstfl. í NV.
Adolf H. Berndsen, 2. vþm. Sjálfstfl. í NV.
Jóhanna Erla Pálmadóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í NV.
Árni Steinar Jóhannsson, 1. vþm. Vinstri gr. í NV.
Þórarinn E. Sveinsson, 1. vþm. Framsfl. í NA.
Katrín Ásgrímsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í NA.
Svanhvít Aradóttir, 3. vþm. Framsfl. í NA.
Ólafur Níels Eiríksson, 4. vþm. Framsfl. í NA.
Lára Stefánsdóttir, 1. vþm. Samf. í NA.
Örlygur Hnefill Jónsson, 2. vþm. Samf. í NA.
Arnbjörg Sveinsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í NA.
Sigríður Ingvarsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í NA.
Hlynur Hallsson, 1. vþm. Vinstri gr. í NA.
Bjarkey Gunnarsdóttir, 2. vþm. Vinstri gr. í NA.
Ísólfur Gylfi Pálmason, 1. vþm. Framsfl. í SU.
Eygló Þóra Harðardóttir, 2. vþm. Framsfl. í SU.
Grétar Mar Jónsson, 1. vþm. Frjálsl. fl. í SU.
Brynja Magnúsdóttir, 1. vþm. Samf. í SU.
Önundur S. Björnsson, 2. vþm. Samf. í SU.
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, 3. vþm. Samf. í SU.
Gerður Pétursdóttir, 4. vþm. Samf. í SU.
Kjartan Ólafsson, 1. vþm. Sjálfstfl. í SU.
Böðvar Jónsson, 2. vþm. Sjálfstfl. í SU.
Helga Þorbergsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í SU.
Páll Magnússon, 1. vþm. Framsfl. í SV.
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, 1. vþm. Frjálsl. fl. í SV.
Ásgeir Friðgeirsson, 1. vþm. Samf. í SV.
Valdimar L. Friðriksson, 2. vþm. Samf. í SV.
Jón Kr. Óskarsson, 3. vþm. Samf. í SV.
Sandra Franks, 4. vþm. Samf. í SV.
Sigurrós Þorgrímsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í SV.
Þórdís Sigurðardóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í SV.
Bryndís Haraldsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í SV.
Hildur Ragnars, 4. vþm. Sjálfstfl. í SV.
Almar Grímsson, 5. vþm. Sjálfstfl. í SV.
Björn Ingi Hrafnsson, 1. vþm. Framsfl. í RS.
Einar Karl Haraldsson, 1. vþm. Samf. í RS.
Kristrún Heimisdóttir, 2. vþm. Samf. í RS.
Jakob Frímann Magnússon, 3. vþm. Samf. í RS.
Bryndís Nielsen, 4. vþm. Samf. í RS.
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í RS.
Guðrún Inga Ingólfsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í RS.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í RS.
Kolbrún Baldursdóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í RS.
Auður Björk Guðmundsdóttir, 5. vþm. Sjálfstfl. í RS.
Álfheiður Ingadóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í RS.
Guðjón Ólafur Jónsson, 1. vþm. Framsfl. í RN.
Sæunn Stefánsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í RN.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 1. vþm. Samf. í RN.
Ellert Schram, 2. vþm. Samf. í RN.
Eiríkur Bergmann Einarsson, 3. vþm. Samf. í RN.
Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, 4. vþm. Samf. í RN.
Ásta Möller, 1. vþm. Sjálfstfl. í RN.
Katrín Fjeldsted, 2. vþm. Sjálfstfl. í RN.
Ingvi Hrafn Óskarsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í RN.
Soffía Kristín Þórðardóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í RN.
Atli Gíslason, 1. vþm. Vinstri-gr. í RN.

### *Drengskaparheit unnin.*

[13:47]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**
Samkvæmt 2. gr. þingskapa ber þeim alþingismönnum sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Af hinum 18 nýkjörnu

þingmönnum hafa fimm áður setið á Alþingi sem varamenn og báðir varaþingmennirnir sem nú sitja á Alþingi hafa gert það einnig. 13 nýir þingmenn undirrita því drengskaparheit á þessum fundi en þeir eru þingmennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson, Árni Magnússon, Birgir Ármannsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Benediktsson, Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Gunnar Örlygsson, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Ég vil biðja skrifstofustjóra að færa þingmönnum heitstafinn til undirritunar.

[Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s., Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n., Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s., Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust., Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest., Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust., Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk., Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest., Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n., Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest., Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk., Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n., og Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:53]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Þeir hv. þingmenn sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn hafa undirritað drengskaparheit og vil ég bjóða þá alla sérstaklega velkomna hingað til Alþingis.

## *Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.*

[13:55]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist ein tilnefning um hv. 2. þm. Norðausturkjördæmis, Halldór Blöndal. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist og er því hv. 2. þm. Norðausturkjördæmis, Halldór Blöndal, einn í kjöri. Þar sem aðeins er einn í kjöri er það ætlun forseta að láta kosninguna fara fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og venja er á undangengnum þingum. Ef ekki eru gerðar athugasemdir við það að sá háttur sé á kosningunni fer atkvæðagreiðslan fram með þeim hætti. Kerfið er þannig stillt að jafna má við leynilega atkvæðagreiðslu. Töflurnar á veggjunum hérna munu aðeins sýna hverjir hafa neytt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar. Þeir sem kjósa Halldór Blöndal ýti á já-hnappinn en þeir sem skila vilja auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt og eins kviknar aðeins gult ljós á veggtöflunni.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., hlaut 31 atkvæði, 24 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[13:57]

**Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):**

Samkvæmt þessu er hv. 2. þm. Norðausturkjördæmis, Halldór Blöndal, rétt kjörinn forseti Alþingis.

Um leið og ég þakka þingmönnum umburðarlyndi í minn garð þennan stutta tíma vil ég óska hæstv. forseta til hamingju með kosninguna og óska honum allra heilla í starfi sem ég veit að verður, enda vanur maður og bið hann að taka við fundarstjórn.

## *Ávarp forseta.*

[13:57]

**Forseti (Halldór Blöndal):**

Hv. alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Halldóri Ásgrímssyni utanrrh., hlý orð í minn garð. Ég þakka hv. alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig á ný forseta Alþingis. Ég met það traust mikils.

Ég býð nýja alþingismenn velkomna til starfa á Alþingi. Þeir eru 18 að þessu sinni eða rúmlega fjórðungur þingheims.

Ég óska ríkisstjórn velfarnaðar í störfum og vona að samstarf hennar og Alþingis megi verða gott og landi og þjóð til blessunar.

Það er eitt af hlutverkum forseta Alþingis að standa vörð um Alþingishúsið sem skipar háan sess í hugum Íslendinga. Öll viljum við að það fái að njóta sín sem ein af helstu gersemum íslensku þjóðarinnar. Þess var því vandlega gætt þegar Skálinn var reistur að hann félli vel að þessu gamla og virðulega húsi.

Í sumar verða gerðar endurbætur á 1. hæð Alþingishússins. Framkvæmdirnar hefjast í næsta mánuði og miða þær að því að færa forsal hússins í sem næst upprunalegt horf. Gert er ráð fyrir að því verki ljúki fyrir þingbyrjun í haust. Þá hyggst ég beita mér fyrir því að endurbætur verði gerðar á 2. hæð þinghússins á næsta ári. Í sumar verður jafnframt unnið við utanhússviðgerðir á suðurhlið þinghússins en stefnt er að því að gera við allt húsið að utan á næstu tveimur til þremur árum. Þess má geta að aldrei hefur verið gert við steinveggi þinghússins frá því að lokið var byggingu þess árið 1881.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að fela mér að gegna störfum forseta og vonast til að mér auðnist að eiga gott samstarf við þingmenn.

## *Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.*

[13:59]

**Forseti (Halldór Blöndal):**

Hefst þá kosning 6 varaforseta samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
2. varaforseti: Jónína Bjartmarz, 8. þm. Reykv. s.,
3. varaforseti: Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
4. varaforseti: Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,

5. varaforseti: Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.,
6. varaforseti: Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.

[14:00]

**Forseti (Halldór Blöndal):**
Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforseta um fundarstörf og önnur verkefni forsætisnefndar.

***Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.***
Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu fastanefndir svo skipaðar:

**1. Allsherjarnefnd:**
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Birgir Ármannsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Gunnar Örlygsson (C),
Bjarni Benediktsson (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B).

**2. Efnahags- og viðskiptanefnd:**
Pétur H. Blöndal (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Birgir Ármannsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ögmundur Jónasson (C),
Gunnar Birgisson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B).

**3. Félagsmálanefnd:**
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Sigurjón Þórðarson (C),
Pétur H. Blöndal (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B).

**4. Fjárlaganefnd:**
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Magnús Stefánsson (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Jón Bjarnason (C),
Drífa Hjartardóttir (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B).

**5. Heilbrigðis- og trygginganefnd:**
Drífa Hjartardóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Pétur H. Blöndal (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Þuríður Backman (C),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).

**6. Iðnaðarnefnd:**
Bjarni Benediktsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigurjón Þórðarson (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B).

**7. Landbúnaðarnefnd:**
Drífa Hjartardóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Magnús Stefánsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Þuríður Backman (C),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B).

**8. Menntamálanefnd:**
Gunnar Birgisson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Guðjón Hjörleifsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Mörður Árnason (B).

**9. Samgöngunefnd:**
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Guðjón Hjörleifsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Jóhann Ársælsson (B).

**10. Sjávarútvegsnefnd:**
Árni R. Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),

Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Magnús Þór Hafsteinsson (C),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Jón Gunnarsson (B).

**11. Umhverfisnefnd:**
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Árni R. Árnason (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Gunnar Birgisson (A),
Mörður Árnason (B).

**12. Utanríkismálanefnd:**
*Aðalmenn:*
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Árni R. Árnason (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Steingrímur J. Sigfússon (C),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Magnús Stefánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B).

*Varamenn:*
Drífa Hjartardóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Gunnar Birgisson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B).

***Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.***

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni listar (ýmist tveir eða þrír) með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu alþjóðanefndir svo skipaðar:

**Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:**
*Aðalmenn:*
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Hjálmar Árnason (A).

*Varamenn:*
Bjarni Benediktsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B).
Magnús Stefánsson (A).

**Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:**
*Aðalmenn:*
Sólveig Pétursdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

*Varamenn:*
Árni R. Árnason (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Birkir J. Jónsson (A).

**Íslandsdeild NATO-þingsins:**
*Aðalmenn:*
Árni R. Árnason (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Magnús Stefánsson (A).

*Varamenn:*
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

**Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:**
*Aðalmenn:*
Pétur H. Blöndal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

*Varamenn:*
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A).

**Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:**
*Aðalmenn:*
Bjarni Benediktsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Guðjón Hjörleifsson (A).

*Varamenn:*
Drífa Hjartardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A).

**Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:**
*Aðalmenn:*
Gunnar Birgisson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B).

*Varamenn:*
Birgir Ármannsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B).

**Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:**
*Aðalmenn:*
Birgir Ármannsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Magnús Þór Hafsteinsson (C).

*Varamenn:*
Gunnar Birgisson (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Helgi Hjörvar (B),
Sigurjón Þórðarson (C).

**Íslandsdeild Norðurlandaráðs:**
*Aðalmenn:*
Drífa Hjartardóttir (A),
Rannveig Guðmundsóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Steingrímur J. Sigfússon (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A).

*Varamenn:*
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Mörður Árnason (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Pétur H. Blöndal (A).

**Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál:**
*Aðalmenn:*
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Magnús Sefánsson (A).

*Varamenn:*
Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).
Dagný Jónsdóttir (A).

### *Afbrigði um dagskrármál.*

[14:11]

**Forseti (Halldór Blöndal):**
Leita þarf afbrigða frá þingsköpum þar sem samkomulag er milli þingflokka um annan ræðutíma í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra í kvöld en kveðið er á um í 2. mgr. 73. gr. þingskapa, þ.e. að umferðir verði þrjár, 12 mínútur, 6 mínútur og 5 mínútur en forsætisráðherra hafi 20 mínútur til framsögu. Skoðast afbrigðin samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði um ræðutíma í umræðum um stefnuræðu forsrh. samþ. án atkvgr.

### *Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.*

[14:12]

**Forseti (Halldór Blöndal):**
Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. þingskapa skal nú hlutað um sæti þingmanna. En þar sem gert er ráð fyrir því að þing standi eigi nema fram á þetta kvöld, þá leita ég afbrigða frá þingsköpum um að ekki verði dregið um sæti að þessu sinni en þingmenn haldi þeim sætum sem þeir hafa nú, þ.e. ef ekki eru athugasemdir við það. (**MÁ:** Það er athugasemd við það.) Það eru athugasemdir við það. Þá verður hlutað um sæti.

Sætaúthlutun fer þannig fram að þingmenn verða kvaddir hingað að forsetaborði með nafnakalli og draga sér sæti. Hlutað verður um hver dregur fyrstur. Upp kemur talan 17.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:
1. sæti er sæti forseta.
2. sæti er sæti varamanns.
3. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
4. sæti hlaut Sigurjón Þórðarson.
5. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
6. sæti hlaut Kristján L. Möller.
7. sæti hlaut Jónína Bjartmarz.
8. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
9. sæti hlaut Anna Kristín Gunnarsdóttir.
10. sæti hlaut Þuríður Backman.
11. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
12. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
13. sæti hlaut Jón Bjarnason.
14. sæti er sæti varamanns.
15. sæti hlaut Mörður Árnason.
16. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
17. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
18. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
19. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
20. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
21. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
22. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
23. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
24. sæti hlaut Magnús Þór Hafsteinsson.
25. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
26. sæti hlaut Björgvin G. Sigurðsson.
27. sæti hlaut Guðlaugur Þór Þórðarson.
28. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
29. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
30. sæti hlaut Halldór Blöndal.
31. sæti er sæti varamanns.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
34. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
35. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
36. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
37. sæti hlaut Guðjón Hjörleifsson.
38. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
39. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.

40. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
41. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
42. sæti hlaut Sigurður Kári Kristjánsson.
43. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
44. sæti hlaut Birkir J. Jónsson.
45. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
46. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
47. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
48. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
49. sæti hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson.
50. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
51. sæti hlaut Dagný Jónsdóttir.
52. sæti hlaut Árni R. Árnason.
53. sæti hlaut Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
54. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
55. sæti hlaut Gunnar Örlygsson.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
59. sæti er sæti umhverfisráðherra.
60. sæti er sæti samgönguráðherra.
61. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
66. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
67. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
68. sæti er sæti menntamálaráðherra.
69. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
70. sæti er sæti varamanns.
71. sæti er sæti varamanns.

Fundi slitið kl. 14:27.

---

## 2. FUNDUR

þriðjudaginn 27. maí,
kl. 4 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

2. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Menningarsjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 79 18. maí 1993, um Menningarsjóð.

3. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands.

5. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5 gr. laga nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar.

6. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122 30. júní 2000.

7. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

8. Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

9. Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

10. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

11. Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

12. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

13. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

14. Kosning þriggja alþingismanna í Þingvallanefnd, frá þinglokum til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

[16:02]

**Útbýting þingskjals:**

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, 2. mál, þáltill. SJS og KolH, þskj. 2.

### *Tilkynning um stjórnir þingflokka.*

[16:02]

**Forseti (Halldór Blöndal):**

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um stjórnir þingflokka:

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Einar K. Guðfinnsson formaður, Sigríður A. Þórðardóttir varaformaður, Drífa Hjartardóttir ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Bryndís Hlöðversdóttir formaður, Kristján L. Möller varaformaður, Ágúst Ólafur Ágústsson ritari.

Þingflokkur framsóknarmanna: Hjálmar Árnason formaður, Magnús Stefánsson varaformaður, Dagný Jónsdóttir ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Ögmundur Jónasson formaður, Þuríður Backman varaformaður, Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins: Guðjón A. Kristjánsson formaður, Magnús Þór Hafsteinsson varaformaður, Sigurjón Þórðarson ritari.

### *Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.*

[16:02]

**Forseti (Halldór Blöndal):**

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Allsherjarnefnd: Þorgerður K. Gunnarsdóttir formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

Efnahags- og viðskiptanefnd: Pétur H. Blöndal formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Félagsmálanefnd: Hjálmar Árnason formaður og Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður.

Fjárlaganefnd: Magnús Stefánsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Heilbrigðis- og trygginganefnd: Jónína Bjartmarz formaður og Drífa Hjartardóttir varaformaður.

Iðnaðarnefnd: Kristinn H. Gunnarsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Landbúnaðarnefnd: Drífa Hjartardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Menntamálanefnd: Gunnar Birgisson formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Samgöngunefnd: Guðmundur Hallvarðsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Sjávarútvegsnefnd: Árni R. Árnason formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Umhverfisnefnd: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Utanríkismálanefnd: Sólveig Pétursdóttir formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

### *Tilkynning um kosningu embættismanna alþjóðanefnda.*

[16:03]

**Forseti (Halldór Blöndal):**

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kjör embættismanna eftirtalinna alþjóðanefnda:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Einar K. Guðfinnsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Sólveig Pétursdóttir formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Íslandsdeild NATO-þingsins: Árni R. Árnason formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Pétur H. Blöndal formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins: Bjarni Benediktsson formaður og Guðjón Hjörleifsson varaformaður.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Gunnar Birgisson formaður og Birkir J. Jónsson varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Birgir Ármannsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Jónína Bjartmarz formaður og Drífa Hjartardóttir varaformaður.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

[Fundarhlé. — 16:04]

### *Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.*

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Hervör Lilja Þorvaldsdóttir héraðsdómari (A),
Elsa Þorkelsdóttir (B),
Gestur Jónsson hrl. (A),
Gísli Baldur Garðarsson (A),
Ástráður Haraldsson hrl. (C).

*Varamenn:*
Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur (A),
Guðríður Þorsteinsdóttir (B),
Sólveig Guðmundsdóttir (A),
Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður (A),
Hlöðver Kjartansson (C).

### *Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Menningarsjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 79 18. maí 1993, um Menningarsjóð.*

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Bessí Jóhannsdóttir (A),
Jakob Frímann Magnússon (B),
Kári Bjarnason handritavörður (A).

*Varamenn:*
Katrín Fjeldsted (A),
Eiríkur Bergmann Einarsson (B),
Inga Steinunn Ólafsdóttir framkvæmdastjóri (A).

***Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Sigurður B. Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Einar Karl Haraldsson (B),
Jón Sveinsson lögmaður (A),
Ellert B. Schram (B),
Adolf H. Berndsen framkvæmdastjóri (A).

*Varamenn:*
Sigríður Arnbjarnardóttir (A),
Ásgeir Magnússon (B),
Þuríður Jónsdóttir lögmaður (A),
Brynja Magnúsdóttir (B),
Bryndís Haraldsdóttir (A).

***Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Ólafur G. Einarsson fyrrv. alþm. (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B),
Helgi S. Guðmundsson framkvæmdastjóri (A),
Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor (A),
Sigríður Stefánsdóttir sviðsstjóri (B),
Ragnar Arnalds, fyrrv. alþm. (C),
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri (A).

*Varamenn:*
Erna Gísladóttir framkvæmdastjóri (A),
Jón Þór Sturluson (B),
Sigfús I. Sigfússon MBA (A),
Hilmar Gunnlaugsson lögmaður (A),
Kristrún Heimisdóttir (B),
Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri (C),
Birna M. Olgeirsdóttir (A).

***Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5 gr. laga nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Margrét S. Einarsdóttir forstöðumaður (A),
Karl V. Matthíasson (B),
Kristinn H. Gunnarsson alþm. (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Guðrún Inga Ingólfsdóttir hagfræðingur (A).

*Varamenn:*
Svala Árnadóttir skrifstofumaður (A),
Signý Jóhannesdóttir (B),
Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri (A),
Bryndís Friðgeirsdóttir (B),
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (A).

***Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122 30. júní 2000.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Páll Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra (A),
Anna K. Jónsdóttir (A),
Ingvar Sverrisson (B),
Sigurður Ingi Jónsson markaðsstjóri (C),
Andri Óttarsson (A).

*Varamenn:*
Laufey Jóhannsdóttir (A),
Lára Stefánsdóttir (B),
Pétur Gunnarsson ráðgjafi (A),
Rúnar Freyr Gíslason (A),
Andrés Jónsson (B),
Kjartan Eggertsson skólastjóri (C),
Rúna Malmquist (A).

***Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992, um Viðlagatryggingu Íslands.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Hrafnkell A. Jónsson Egilsstöðum (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Herdís Sæmundardóttir kennari (A).

*Varamenn:*
Sölvi Sólbergsson tæknifræðingur (A),
Torfi Áskelsson bæjarfulltrúi (B),
Helga Sigrún Harðardóttir (A).

***Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Ríkharður Másson sýslumaður (A),
Guðný Ársælsdóttir (B),
Sigurjón Rafnsson aðstoðarkaupfélagsstjóri (A),
Ólafur K. Ólafsson sýslumaður (A).
Jens Kristmannsson (C).

*Varamenn:*
Jónas Guðmundsson sýslumaður (A),
Ingibjörg Hafstað (B),
Gísli V. Halldórsson innkaupastjóri (A),
Björn Jóhannesson hdl. (A),
Jóhanna Karlsdóttir skólafulltrúi (C).

***Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Jón Kr. Sólnes lögfræðingur (A),
Inga Þöll Þórgnýsdóttir (B),
Jóhann Sigurjónsson konrektor (A),
Lárus Bjarnason sýslumaður (A),
Páll Hlöðvesson skipatæknifræðingur (C).

*Varamenn:*
Inger Linda Jónsdóttir sýslumaður (A),
Sigurjón Bjarnason (B),
Jóhann Hansson bæjarfulltrúi (A),
Berglind Svavarsdóttir (A),
Guðmundur W. Stefánsson skógarbóndi (C).

***Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Karl Gauti Hjaltason sýslumaður (A),
Sigurjón Erlingsson (B),
Þórir Haraldsson lögfræðingur (A),
Ellert Eiríksson fyrrv. bæjarstjóri (A),
Þorsteinn Árnason vélfræðingur (C).

*Varamenn:*
Finnbogi Björnsson framkvæmdastjóri (A),
Unnar Þór Böðvarsson (B),
Gylfi Guðmundsson skólastjóri (A) ,
Halldóra Bergljót Jónsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Sigurður Ingi Andrésson (C).

***Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Bjarni S. Ásgeirsson lögfræðingur (A),
Guðmundur Benediktsson lögfræðingur (B),
Sigríður Jósefsdóttir saksóknari (A),
Ástríður Sólrún Grímsdóttir sýslumaður (A),
Birgir Stefánsson kennari (C).

*Varamenn:*
Jón Atli Kristjánsson hagfræðingur (A),
Hörður Zóphaníasson (B),
Ágúst Karlsson aðstoðarskólameistari (A),
Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur (A),
Valdimar Jónsson yfirlögregluþjónn (C).

***Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Sveinn Sveinsson lögfræðingur (A),
Katrín Theódórsdóttir hdl. (B),
Kristján H. Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður (A),

Haraldur Blöndal lögfræðingur (A),
Sveinn Aðalsteinsson viðskiptafræðingur (C).

*Varamenn:*
Brynjar Þ. Níelsson hrl. (A),
Stefán Jóhann Stefánsson hagfræðingur (B),
Þuríður Jónsdóttir lögmaður (A),
Erna Hjaltested hdl. (A),
Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur (C).

***Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Þórunn Guðmundsdóttir hrl. (A),
Árni Páll Árnason (B),
Fanný Gunnarsdóttir kennari (A),
Bragi Steinarsson saksóknari (A),
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. (C).

*Varamenn:*
Erla Svanhvít Árnadóttir lögfræðingur (A),
Páll Halldórsson (B),
Guðmundur Geir Sigurðsson þjónustustjóri (A),
Kristín Edwald lögfræðingur (A),
Björgvin E. V. Arngrímsson (C).

***Kosning þriggja alþingismanna í Þingvallanefnd, frá þinglokum til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Björn Bjarnason ráðherra (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Guðni Ágústsson ráðherra (A).

Fundi slitið kl. 16:26.

---

## 3. FUNDUR

þriðjudaginn 27. maí,
kl. 7.50 síðdegis.

**Dagskrá:**
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

***Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.***

[19:51]

**Forseti (Halldór Blöndal):**
Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mín. til framsögu en aðrir þingflokkar en flokkur forsætisráðherra 12 mín. í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir 6 mín. og í hinni þriðju 5 mín. hver þingflokkur.

Röð flokkanna í öllum umferðum er þessi: Sjálfstæðisflokkur, Samfylkingin, Framsóknarflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn verða fyrir Sjálfstæðisflokk Davíð Oddsson forsætisráðherra í fyrstu umferð, Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk., í annarri umferð og Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest., í þriðju umferð.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 5. þm. Reykv. n., í annarri umferð, og Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest., í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Árni Magnússon félagsmálaráðherra í fyrstu umferð, í annarri umferð Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust., og í þriðju umferð Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust., í fyrstu umferð, í annarri umferð Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n., og í þriðju umferð Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk., og Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest., í fyrstu umferð, í annarri umferð Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest., og Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest., í þriðju umferð.

[19:53]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**
Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í upphafi máls míns vil ég óska nýkjörnum forseta Alþingis til hamingju með kjör hans í hið virðulega embætti. Miklu varðar fyrir störfin hér í þingsölum að fundarstjórn sé röggsöm og örugg. Ég vil einnig leyfa mér að bjóða þingmenn alla velkomna til starfa, einkum þá þingmenn sem nú taka sæti í fyrsta sinn hér á Alþingi.

Áður en ég hef meginmál mitt vil ég vitna, með leyfi forseta, í orð mín við sama tækifæri fyrir fjórum árum, en sagði ég þá svo: „Sjálfur hef ég reyndar haft efasemdir um þá túlkun að rétt sé að flytja stefnuræðu á þessum sérstöku vorþingum eftir kosningar.

Reynslan frá árunum fyrir 1991 sýnir að stjórnarmyndunarviðræður tóku oftast svo langan tíma að forsrh. var iðulega aðeins starfandi ráðherra á þessum fyrstu 10 vikum. Meginverkefnið nú er að gera Alþingi starfhæft, kjósa því stjórn og ganga frá nefndakjöri og öðrum lögmætum skyldum.“

Með hliðsjón af hinum tilvitnuðu orðum mínum lít ég svo til að við séum við þetta tækifæri að fjalla um stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar og mun halda mig við það efnislega.

Herra forseti. Kosningabaráttan í vor var allhörð. Við því mátti búast að tekist yrði á um menn og málefni, en fyrir það er ekki að synja að ýmislegt í þeirri baráttu var ekki endilega til vegsauka þeim sem hvað harðast gengu fram í persónulegum árásum. Það er von mín að það megi draga þann lærdóm af kosningabaráttunni að affærasælast sé að halda sig við málefni, deila hart um þau og takast á um skoðanir og sannfæringu. Þannig fullnægjum við stjórnmálamenn skyldum okkar gagnvart lýðræðinu og þjóðinni. Á grundvelli málefnalegrar kosningabaráttu getur þjóðin best valið þá til þess trausts að fara með vald Alþingis.

Ríkisstjórnarflokkarnir gengu óbundnir til kosninga líkt og hefð er fyrir hér á landi. Samstarf þessara flokka gekk vel á liðnu kjörtímabili og úrslit þingkosninganna gáfu efni til þess að flokkarnir tveir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, byrjuðu á því að kanna hvort grundvöllur væri fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarfi.

Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var mynduð á Bessastöðum þann 23. maí sl. Endurnýjað samstarf þessara flokka er til marks um að gott traust ríkir á milli flokkanna og að þeim hafi á síðasta kjörtímabili tekist að vinna meginstefnumálum sínum framgang.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er nú sem endranær ekki tæmandi talning á þeim verkefnum sem ríkisstjórnin mun ráðast í á næsta kjörtímabili. Stefnuyfirlýsingin er fyrst og síðast almenn markmiðslýsing og málefnalegur grunnur að samstarfi ríkisstjórnarflokkanna. Ég hef ekki mikla trú á löngum og nákvæmlega útfærðum stefnuyfirlýsingum. Að mínu viti bera slík plögg þess helst vitni að menn treysti illa hver öðrum og vilji hafa allt niðurneglt áður en siglt er af stað. Aðalatriðið er að kjósendur gátu í aðdraganda kosninga gert sér ljósa grein fyrir þeim áherslum og þeim málum sem þessir flokkar hugðust setja á oddinn ef þeir hefðu til þess þingstyrk að taka sæti í ríkisstjórn.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Undanfarin átta ár hafa einkennst af bjartsýni, framförum og bættum hag þjóðarinnar. Öflugt atvinnulíf hefur lagt grunninn að blómlegu mannlífi og sókn á flestum sviðum þjóðlífsins. Styrk stjórn landsmála hefur leitt af sér lengsta samfellda skeið vaxandi kaupmáttar og hagsældar í Íslandssögunni og tekist hefur að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Á grundvelli þessa og í ljósi hins mikla hagvaxtar sem fram undan er skapast þjóðinni nú ótal tækifæri til að sækja fram til aukinnar velmegunar og enn betri lífskjara.

Slík framþróun er forsenda þess að tryggja megi næga atvinnu, stöðugt verðlag, efla velferðarkerfið og treysta stoðir þess. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks vill enn bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu og auka skilvirkni í einstökum þáttum þess. Haldið verður áfram uppbyggingu í menntakerfinu með það að markmiði að Íslendingar skipi sér enn sem fyrr á bekk meðal fremstu þjóða heims.

Áhersla verður lögð á samheldni þjóðarinnar, víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins og samvinnu dreifbýlis og þéttbýlis um efnahagslegan stöðugleika svo markmið um frekari framfarir, uppbyggingu atvinnulífs, bættar samgöngur, menntun og öryggi borgaranna náist. Staða fjölskyldunnar í samfélaginu verður styrkt og fjölgað tækifærum foreldra til að samræma starf og fjölskyldulíf í anda þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar sem m.a. birtist í lögum um fæðingarorlof. Með aðgerðum sínum á kjörtímabilinu hyggst ríkisstjórnin leggja grunn að frekari velferð þjóðarinnar til framtíðar."

Þessi eru meginmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Miklu skiptir að þingheimur skynji þennan meginþráð sem bindur saman samstarfsgrunn ríkisstjórnarinnar. Í einstökum málaflokkum eru markmið hennar þessi, með leyfi hæstv. forseta:

Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með því skapast skilyrði til enn frekari vaxtar þjóðartekna og aukins kaupmáttar almennings. Jafnframt er stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins. Ríkisfjármál munu gegna lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum og nauðsynlegt er að stefnumótun verði sveigjanleg með tilliti til þróunar efnahagsmála. Umbótum í ríkisrekstri verði haldið áfram til þess að draga úr kostnaði og verklag við fjárlagagerð þróað áfram til þess að styrkja afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga. Mikilvægt er í þessu samhengi að horft verði til lengri tíma en eins árs í senn.

Að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum. Á kjörtímabilinu verður m.a. tekjuskattsprósenta á einstaklinga lækkuð um allt að 4%, eignarskattur felldur niður, erfðafjárskattur samræmdur og lækkaður og virðisaukaskattskerfið tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings. Enn fremur er ætlunin að auka möguleika almennings á skattfrjálsum viðbótarlífeyrissparnaði. Skattalækkanir verði nánar ákveðnar í tengslum við gerð kjarasamninga.

Að stuðla að því að stjórnkerfið endurspegli breyttar aðstæður í þjóðfélaginu. Einkum verði horft til þess hvernig best má nýta kosti upplýsingasamfélagsins og rafrænnar stjórnsýslu til að tryggja jafnt aðgengi borgaranna að nauðsynlegum upplýsingum og þjónustu. Haldið verður áfram að styrkja lögregluna í landinu, m.a. með því að auka sýnilega löggæslu. Öryggi borgaranna verður að hafa forgang. Vinna þarf að auknu umferðaröryggi, bæði í dreifbýli og þéttbýli, m.a. með gerð mislægra gatnamóta og lýsingu vega.

Að tryggja að öflug samkeppni ríki á sem flestum sviðum atvinnulífsins til hagsbóta fyrir neytendur. Boðinn verði út rekstur á vegum ríkisstofnana þar sem því verður komið við en jafnframt verði aðgengi og þjónusta tryggð. Sjálfstæði eftirlitsstofnana hins opinbera þarf að vera ótvírætt og tryggja þarf að starfsemi þeirra verði ekki óþarflega íþyngjandi. Á undanförnum árum hefur verið unnið að sölu á eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Fylgt verði eftir heimild Alþingis um sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands og þess gætt að sala fyrirtækisins fari fram þegar markaðsaðstæður eru hagstæðar og þannig tryggt að ríkissjóður fái sanngjarnt verð fyrir eign sína. Tryggt verður að núverandi þjónusta Landssíma Íslands við almenning á þessu sviði skerðist ekki.

Að auka beinan stuðning við barnafjölskyldur með hækkun barnabóta og frítekjumarks þeirra og áfram verði dregið úr tekjutengingu þeirra. Áfram verði stutt dyggilega við íþrótta- og æskulýðsstarf.

Að styrkja rannsókna- og þróunarstarf, m.a með því að auðvelda fyrirtækjum að leggja fé til þess og örva þannig frumkvöðlastarfsemi. Í samræmi við ný lög um Vísinda- og

tæknirráð verði unnið að markvissri uppbyggingu rannsóknastarfsemi og nýsköpun á sem flestum sviðum.

Að hvetja fyrirtæki og opinberar stofnanir til að vinna að jafnréttismálum. Gengist verði fyrir rannsóknum á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og áfram unnið að því að jafna launamun kynjanna.

Að byggja áfram á núverandi aflamarkskerfi með hóflegu veiðigjaldi við stjórn fiskveiða. Stjórnkerfi fiskveiðanna hefur verið í stöðugri endurskoðun til þess að sem víðtækust sátt megi skapast um þessa undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Áhersla verði áfram lögð á betri árangur við uppbyggingu fiskstofna og líffræðilega stjórn veiðanna. Þróunar- og rannsóknastarfi verður haldið áfram til að auka verðmæti sjávarfangs. Leitast verður við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða, til dæmis með því að kanna kosti þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila, að nýta tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar þeirra, takmarka framsal aflaheimilda innan fiskveiðiársins, auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrarbáta með línu. Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá.

Að íslenskum landbúnaði verði skapað það starfsumhverfi að hann geti séð neytendum fyrir hollum og öruggum búvörum á hagstæðum kjörum. Greininni verði sköpuð skilyrði til að nýta styrkleika sína til að takast á við aukna samkeppni, m.a. með hliðsjón af væntanlegum samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þetta verði t.d. gert með lækkun gjalda á búvöruframleiðslu, eflingu mennta- og rannsóknastofnana í landbúnaði og stuðningi við nýsköpun og nýliðun í sveitum. Þannig verði möguleikar landbúnaðarins til frekari sóknar nýttir til fulls, auk þess sem brýnt er að styrkja lífeyrisréttindi bænda og rétt þeirra til sjúkrabóta.

Að nýta sóknarfæri ferðaþjónustunnar eins og kostur er. Greininni verði sköpuð sambærileg rekstrarskilyrði og í samkeppnislöndunum. Ferðamálaráð vinni náið með aðilum í greininni að markaðsstarfi og framþróun með það að markmiði að þjónusta við ferðamenn verði heilsársatvinnugrein og skapi þannig fleiri örugg og vel launuð störf.

Að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar. Sérstök áhersla verði lögð á fjarnám til þess að sem flestir geti stundað nám í sinni heimabyggð. Unnið verði að uppbyggingu byggðakjarna í samræmi við byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var á Alþingi á síðasta kjörtímabili. Haldið verði áfram stuðningi við atvinnuþróun á landsbyggðinni og áhersla lögð á að hagsmunir landsins felast í markvissu samstarfi höfuðborgarinnar og höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og gagnkvæmum skilningi.

Að lokið verði við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þannig að heildstætt yfirlit fáist yfir nýtingarmöguleika landsmanna á þeim miklu verðmætum sem felast í beislun orku. Orkulindir hvers landsvæðis verði nýttar af skynsemi til að byggja upp atvinnu og efla mannlíf. Áhersla verði lögð á að saman fari nýting orkulindanna og náttúruvernd. Stefnt skal að frekari áföngum í vetnisvæðingu þjóðarinnar og að í framtíðinni byggist orkunotkun landsmanna á endurnýtanlegum orkugjöfum og verði þannig sjálfbær.

Að standa vörð um íslenska tungu, sögu og þjóðmenningu. Sköpuð verði frekari vaxtarskilyrði fyrir blómlegt menningarlíf. Öflugt listalíf verði aðgengilegt öllum landsmönnum og menningarstarfsemi búin viðeigandi aðstaða, til dæmis með byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík og jafnframt menningarhúsum á landsbyggðinni. Stutt verði við kynningu á íslenskri menningu og listafólki á erlendri grund.

Að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags. Háskólanám verði eflt og fjarnám þróað í samvinnu við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi. Öflugt símenntunarkerfi verði þróað áfram í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og sérstök áhersla verði lögð á sókn á sviði starfs- og verkmenntunar. Lánasjóður íslenskra námsmanna gegni áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms. Hugað verði að því að lækka endurgreiðslubyrði námslána og lög um sjóðinn endurskoðuð.

Að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki. Leigumarkaður íbúðarhúsnæðis verði efldur.

Að allir landsmenn hafi greiðan og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð aldri, búsetu og efnahag. Nauðsynlegt er að verja fjármunum sem best og nýta kosti breyttra rekstrarforma og þjónustusamninga um einstaka þætti þar sem það á við til að tryggja góða þjónustu, án þess að dregið verði úr rétti allra til að nota heilbrigðisþjónustu. Efla þarf heilsugæsluna sem hornstein heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Áfram verði unnið að aukinni þjónustu við geðfatlaða. Sérstaklega þarf að huga að börnum og unglingum með geðraskanir og þroskafrávik. Treysta þarf stuðning við fatlaða og geðsjúka, m.a. með auknu framboði á skammtímavistun og annarri stoðþjónustu. Langveikum verði gert kleift að takast á við veikindi sín með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi.

Að almannatryggingakerfið verði endurskoðað og einfaldað og sérstaklega verði skoðað samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðina. Könnuð verði hagkvæmni þess að fela lífeyrissjóðunum að sjá um greiðslu elli- og örorkulífeyris almannatrygginga. Dregið verði úr skerðingum á bótum öryrkja vegna atvinnutekna og örorkulífeyrir yngri öryrkja verði hækkaður sérstaklega. Áhersla verði lögð á að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa. Heimaþjónusta við aldraða verði aukin og unnið að því að allir geti búið sem lengst á eigin heimili. Mikilvægt er að samþætta þjónustu ríkis og sveitarfélaga við aldraða til að þjónustan nýtist sem best. Haldið verði áfram uppbyggingu hjúkrunar- og dvalarheimila.

Að markvisst verði unnið í baráttunni gegn fíkniefnavandanum. Mótuð verði heildstæð forvarnastefna í samvinnu við lögreglu, skólayfirvöld, íþróttafélög og foreldra. Hafnað er hvers kyns eftirgjöf gagnvart fíkniefnum, innflutningi þeirra, dreifingu og notkun. Meðferðarúrræðum verði fjölgað og rík áhersla lögð á forvarnir.

Að Ísland haldi stöðu sinni sem forustuþjóð í umhverfismálum, m.a. í baráttunni gegn mengun hafsins. Fylgt verði eftir áformum um nýjan þjóðgarð norðan Vatnajökuls og skipulag hálendisins tekið til endurskoðunar. Unnið verði að því að auka ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja í umhverfismálum.

Að tryggja stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Ísland verði áfram virkur þátttakandi í samstarfi við aðrar þjóðir á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Sameinuðu þjóðanna. Varnarsamstarfið við Bandaríkin verði þungamiðja öryggisstefnu þjóð-

arinnar hér eftir sem hingað til, ekki síst í ljósi þeirrar ógnar sem heimsbyggðinni stafar af hryðjuverkum. Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Fylgst verði grannt með samrunaferlinu í Evrópu og áhrifum þess á íslenska hagsmuni. Samstarfið innan Norðurlandaráðs er Íslendingum mikilvægt og sem fyrr verður lögð rækt við samstarf norrænna vina- og bræðraþjóða.

Að standa áfram vörð um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á alþjóðavettvangi, t.d. með því að auka þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga á erlendum mörkuðum. Áhersla verður lögð á eflingu íslensku friðargæslunnar og starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar. Ísland skipi sér framarlega í flokki þeirra þjóða sem berjast fyrir mannréttindum.

Herra forseti. Á árinu 2004 minnast Íslendingar tveggja merkra atburða í sögu þjóðarinnar. Hinn 1. febrúar það ár verða liðin 100 ár frá því að Íslendingar fengu heimastjórn og fyrsti íslenski ráðherrann tók til starfa. Hinn 17. júní sama ár fagnar þjóðin því að 60 ár eru liðin frá stofnun lýðveldisins. Þessir merkisviðburðir í sögu þjóðarinnar minna á mikilvægi þess að hlúa að menningu hennar og sögu hennar og jafnframt á þau miklu afrek sem undangengnar kynslóðir hafa unnið í þágu íslenskrar þjóðar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:12]

**Össur Skarphéðinsson:**

Góðir Íslendingar. Góðir tilheyrendur. Alþingi Íslendinga er vettvangur hugmyndalegrar baráttu. Hér takast menn á á grundvelli pólitískra hugmynda, en ekki persónulegs ágreinings. Það er okkur öllum hollt að hafa í huga, ekki síst í upphafi nýs kjörtímabils, og þess vegna er það gleðiefni að forsrh. skuli draga þann lærdóm af kosningabaráttunni að betra sé að vera málefnalegur en beita persónulegum árásum. Ég segi bara: Guð láti gott á vita.

Nú taka sæti hér á Alþingi margir nýir alþingismenn og sjálfum finnst mér gleðiefni að jafnt meðal stjórnarandstöðu og stjórnarflokkanna virðast vera óvanalega mörg gæðingsefni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sum þeirra eiga eftir að láta að sér kveða í forustu sinna flokka, jafnt sem landstjórna í framtíðinni. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að óska þeim öllum heilla í starfi sínu.

Fyrr í þessum mánuði varð Samfylkingin þriggja ára. Það er ekki hár aldur á stjórnmálaflokki sem náði þó þeim sögulega árangri í liðnum kosningum að fá yfir 30% fylgi. Það er grunnur sem við munum sannarlega byggja á til áframhaldandi sóknar í íslenskum stjórnmálum. Aldrei fyrr hafa jafnaðarmenn átt jafnmarga fulltrúa á þingi sem nú. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að flytja þeim öllum sem studdu Samfylkinguna í nýliðnum kosningum einlægar þakkir. Við munum ekki bregðast ykkur. Við munum ekki gleyma okkar erindi. Verkefni Samfylkingarinnar í stjórnarandstöðu er að veita ríkisstjórninni öflugt, en málefnalegt aðhald. Og af ræðu hæstv. forsrh. virðist sannarlega ekki vera vanþörf á því. Ræða forsrh., sem í reynd var upplestur á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sýnir ótvírætt að þessi ríkisstjórn hefur hvorki kraftinn né metnaðinn til þess að innleiða ferskleikann og nýjungarnar sem íslenskt samfélag er í svo brýnni þörf fyrir á nýbyrjaðri öld. Þreytumerkin, doðinn og deyfðin stafa af hverju orði.

Stefnuyfirlýsing stjórnarinnar finnst mér í reynd vera sáttmáli um að fresta framtíðinni. Þar er ekkert markvert að finna um það sem skiptir þó framtíð okkar og framtíð barnanna okkar mestu máli. Þar er engin Evrópustefna. Þar er metnaðarleysi í menntamálum. Þar er hugmyndaleysi í jafnréttismálum. Þar er uppgjöf í velferðarmálum. Engin framtíðarsýn í umhverfismálum. Þar eru engar hugmyndir um þróun hins unga lýðræðis á Íslandi. Og þar er varðstaða um ranglæti í sjávarútvegi.

Í þessum málaflokkum er í reynd allt óbreytt. Það eina sem breytist er að það verður skipt um nokkra ráðherra. Þetta er í reynd það sem þessi ríkisstjórn snýst um: um stólaskipti, um valdakapal. Meira að segja hið virðulega embætti forseta Alþingis er smækkað niður í það að verða skiptimynt í valdatafli. Myndin sem er sýnd í Stjórnarráðinu er um hugsjónalausa valdabaráttu á sama tíma og samfélagið þarfnast framtíðarsýnar.

Góðir Íslendingar. Samfylkingin hefur skýra framtíðarsýn. Sú framtíðarsýn byggist á því að auka lífsgæði Íslendinga með því að gera fjárfestingar í menntun að forgangsverkefni, með því að stytta vinnutímann, með því að efla heilbrigðiskerfið, með því að bæta umhverfi barnafjölskyldna í landinu og með því að leggja til atlögu við hina nýju fátækt sem er arfleifð ríkisstjórnarflokkanna, með því að hlúa að okkar íslensku rótum um leið og við opnum dyr landsins fyrir alþjóðavæðingunni og með því að segja það hiklaust að við Íslendingar eigum heima í Evrópu.

Í stjórnmálum þarf valkosti. Það er ekki hægt að hugsa sér skýrari valkosti en stefnu Samfylkingarinnar annars vegar og stefnu stjórnarflokksins hins vegar. Við getum rakið það frá málaflokki til málaflokks. Samfylkingin vill gjörbreyta kvótakerfinu og uppræta ranglætið sem 80% þjóðarinnar svíður undan. Stjórnarflokkurinn stendur vörð um ranglætið. Hann gætir kvótaforréttinda hinna fáu eins og sjáaldurs auga síns og hann hafnar öllum grundvallarbreytingum. Samfylkingin vill láta reyna á aðild að Evrópusambandinu til að lækka matarverð, til að lækka vexti, til að efla stöðugleika til langs tíma og til að tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. En stjórnarflokkurinn vill óbreytt ástand í Evrópumálum.

Samfylkingin hefur lagt fram ítarlegar hugmyndir um að efla framhaldsskólastigið, fjárfesta í nútímalegu námsefni og netvæðingu, lækka útskriftaraldur um eitt ár og berjast með oddi og egg gegn þeirri sóun æskunnar sem birtist í brottfallinu, sem er einn svartasti bletturinn á menntakerfi okkar Íslendinga. En í yfirlýsingu stjórnarflokksins er vandi framhaldsskólans nánast gleymdur.

Samfylkingin vill treysta lýðræðið með því að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur, efla sjálfstæði Alþingis með því að ráðherrar segi tímabundið af sér þingmennsku, stokka upp stjórnkerfið og búa til eitt atvinnuvegaráðuneyti, og taka upp það nýmæli sem ég held að margir þingmenn séu sammála um eftir nýafstaðna kosningabaráttu, sem er að gera landið að einu kjördæmi. Þetta eru lýðræðishugmyndir okkar í Samfylkingunni en stjórnarflokkurinn hefur engar hugmyndir, hann hefur engar tillögur.

Í kosningabaráttunni lagði Samfylkingin fram útfærðar tillögur sem miðuðu að því að útrýma hinni nýju fátækt sem skattbreytingar stjórnarflokksins áttu mestan þátt í að varð til í kringum 1997. En í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki minnst einu orði á fátækt enda er það eflaust tómur misskilningur hjá Samfylkingunni að það sé nokkur fátækt til á Íslandi. Það hefur hæstv. forsrh. verið svo elskulegur að upplýsa við þó nokkur tækifæri.

Samfylkingin vill bæta hag barnafjölskyldna, millitekjufólks og þeirra sem draga fram lífið af bótum eða mjög lágum tekjum með því að hækka skattfrelsismörkin, hækka barnabætur með tímasettum áföngum, lækka matarskattinn um helming, lækka virðisaukaskatt á barnavörum og með því að koma á afkomutryggingu til þess að sjá um þá sem verst eru settir í þessu samfélagi.

En hvað ætlar stjórnarflokkurinn að gera? Hann ætlar að lækka skatta með þeim hætti að þeir sem hafa langhæstar tekjur og eiga langmest fá líka langmestar skattalækkanir. Það er raunar athyglisvert, herra forseti, að þetta eru einu tillögurnar sem eru útfærðar svo nokkru nemi í stefnuyfirlýsingunni. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að óska þingmönnum Sjálfstfl. sérstaklega til hamingju vegna þess að hver og ein einasta hugmynd í skattamálum er frá þeim komin. Þetta eru reyndar tillögurnar sem formaður Framsfl. sagði korteri fyrir kosningar að væru bæði ótrúverðugar og ábyrgðarlausar en nú sporðrennir Framsfl. þeim eins og nýbakaðri bollu úr næsta kaupfélagi.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er ekki hægt að ræða fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar án þess að fara örfáum orðum um sorglegt hlutskipti Framsfl. Það var hönd hins merka leiðtoga Framsfl., Jónasar frá Hriflu, sem skrifaði stefnuskrá bæði flokksins og líka fyrsta flokks íslenskrar alþýðu. Það var Jónas sem kom heim frá hinum róttæku vefurum í Englandi með vígorðið á vörunum sem mótaði allt starf félagshyggjumannanna innan Framsfl. og bergmálaði millum veggja flokksins alla síðustu öld: Allt er betra en íhaldið. Og það var allt betra en íhaldið þangað til fyrir átta árum þegar herleiðing Framsfl. hófst og flokkurinn gekk í björg þess sama íhalds og Jónas frá Hriflu og allir forustumenn Framsóknar í næstum heila öld höfðu varað við.

Nú heitir það miklu fremur: Allt er best með íhaldinu. Og nú er Framsókn endanlega búin að gleyma tilgangi og meiningu síns upphaflega ferðalags — eða eins og segir í ljóði Steins Steinarrs:

Einn dag fyrir átta árum
með eimskipi tók ég far.
Nú man ég því miður ekki
hver meining þess ferðalags var.

Ljóðið heitir Ferðasaga og það hefði allt eins getað verið ort í orðastað þess Framsfl. sem þróaðist hér á mölinni eftir að Steingrími Hermannssyni sleppti. Síðan þá hefur Framsókn gleymt uppruna sínum, gleymt Jónasi frá Hriflu, gleymt því að flokkurinn lagði af stað til þess að berjast fyrir fátækt fólk, til að berjast fyrir félagshyggju og jöfnuði, en ekki til að verða pólitísk líftrygging Sjálfstfl.

Og svo hef ég verið hér síðan
og sofið og vakað og dreymt.
En eins og ég sagði áðan,
er erindið löngu gleymt.

Orð skáldsins, orð Steins Steinarrs, gætu hafa verið ort í dag um flokkinn sem nú er endanlega búinn að gleyma erindi sínu.

Góðir Íslendingar. Samfylkingin mun aldrei gleyma sínu erindi. Hún er til fyrir alla þá sem vilja ábyrgð manns á manni, alla þá sem vilja samfélag byggt á samhjálp og samvinnu, alla þá sem segja: Ég á að gæta bróður míns.

Okkar erindi er að auka réttlæti og jafna lífskjör í framtíðarlandi fyrir alla Íslendinga. Og því munum við aldrei gleyma. — Góðar stundir.

[20:21]

**Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar felur í sér metnaðarfull áform á mörgum sviðum til hagsbóta fyrir íslenska þjóð. Hún snertir velflest viðfangsefni þjóðarinnar og um leið og hún gerir ráð fyrir áframhaldandi framförum kemur það fram með skýrum hætti að standa á vörð um stöðugleika í efnahagslífinu.

Húsnæðismál eru hornsteinn velferðar hverrar fjölskyldu, það eru gömul sannindi og ný. Mikið framfaraspor var stigið í húsnæðismálum þegar Íbúðalánasjóður tók til starfa árið 1999. Með stofnun sjóðsins var mörkuð ný sýn í húsnæðismálum. Horfið var frá lokuðu og flóknu félagslegu íbúðakerfi sem takmarkaði valfrelsi og frumkvæði fólks til að koma sér þaki yfir höfuðið.

Viðbótarlánin voru tekin upp samhliða stofnun Íbúðalánasjóðs. Þau gera tekjuminna fólki kleift að velja sjálft hvar og hvernig það vill búa. Þau hafa þjónað fjölskyldum landsins vel. Um átta þúsund fjölskyldur hafa nýtt sér viðbótarlán til íbúðarkaupa síðan þau voru tekin upp og eru það ríflega tvö þúsund fleiri en voru í gamla félagslega eignaríbúðakerfinu þegar það var lagt af.

Forveri minn, Páll Pétursson, lagði ekki einasta grunn að viðbótarlánum heldur var áhersla lögð á að efla leigumarkaðinn með sérstöku átaki sem stofnað var til árið 2001 í samvinnu við sveitarfélög, Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóði. Það heimilar lánveitingar til rúmlega 2.200 leiguíbúða á fjögurra ára tímabili. Nauðsynlegt er einnig að tryggja framboð leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þess að húsnæðiskerfi landsins taki ávallt mið af þörfum og kröfum íbúanna hverju sinni. Því er talið rétt að gera breytingar á því sem feli það í sér að heimildir Íbúðalánasjóðs til veitingar lána aukist þannig að honum verði gert kleift að lána allt að 90% af verðgildi íbúðarhúsnæðis eins og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum. Þannig verði fleirum gert kleift að komast í sitt eigið húsnæði. Jafnframt mun slík breyting lækka greiðslubyrði fjölmargra heimila sem ella hefðu þurft að fjármagna hluta af andvirði íbúðar með styttri lánum og á óhagstæðari vaxtakjörum.

Við þessar breytingar er m.a. rétt að hafa eftirfarandi í huga:

Að þær geri heildarfjármögnun íbúðarkaupa mögulega hjá Íbúðalánasjóði,

að ávallt verði tryggðir lægstu mögulegu markaðsvextir íbúðarlána,

að skapaðar verði aðstæður fyrir aukinni innkomu erlendra fjárfesta og

að stöðugleika verði viðhaldið til lengri tíma.

Mikilvægt er að halda áfram vinnu við eflingu leigumarkaðar í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið. Það er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á fjölgun leiguíbúða á félagslegum forsendum svo að tryggt sé að allir íbúar landsins njóti góðs af því húsnæðiskerfi sem hér er í gildi.

Svo að tilætluðum árangri verði náð verður við endurskoðun núverandi húsnæðislöggjafar að skoða alla þætti málsins gaumgæfilega og kanna hvernig útfærslunni verði best háttað. Rétt er að slík vinna hefjist nú þegar með það að markmiði að tillögur um breytingar geti legið fyrir á komandi hausti. Við slíka endurskoðun er nauðsynlegt að kanna hvort ekki sé eðlilegt að breytingar, sem lagðar verða

til, taki gildi í áföngum til að tryggja eðlilega aðlögun að því fjármálaumhverfi sem við búum við.

Þá mun ég beita mér fyrir því að nú í upphafi kjörtímabils verði gerð könnun á húsnæðismarkaðnum í því skyni að fá fram heildaryfirlit yfir stöðuna og undirbúa frekari stefnumótun. Ég vil nýsköpun í húsnæðismálum, bæði fyrir unga og aldna. Áhersla verður einnig lögð á að taka út stöðu eldri borgara á húsnæðismarkaði og móta nýjar tillögur um fyrirkomulag þeirra mála.

Ég tel einnig mikilvægt að stoðkerfin, vaxtabætur og húsaleigubætur, verði metin og kannaður möguleiki á meiri samræmingu á framkvæmd þeirra.

Herra forseti. Það náðist mikill áfangi í atvinnumálum landsmanna þegar niðurstaða fékkst í uppbyggingu stóriðju og virkjana á Austurlandi. Ljóst er að verkefni þetta mun hafa gríðarleg áhrif á atvinnulíf landsmanna og auka hagvöxt í landinu öllu þegar til lengri tíma er litið. Atvinnuleysi hefur aukist talsvert síðustu missirin þótt nú sé að rofa til. Seinni hluta vetrar kynnti ríkisstjórnin tillögur um að flýta ýmsum framkvæmdum með það að markmiði að fjölga störfum og draga úr atvinnuleysinu þar til jákvæðra áhrifa af framkvæmdum á Austurlandi fer að gæta á atvinnustigið.

Atvinnuleysi er samt enn of hátt, eða 3,9% í apríl, og vel þarf að fylgjast með þróun þeirra mála á næstunni, ekki síst því að langtímaatvinnuleysi hefur aukist í vetur en skoða þarf ástæður þess og leiðir til að draga úr því. Eins veldur atvinnuleysi meðal ungs fólks, einkum þess sem hefur litla skólagöngu að baki, áhyggjum. Við þurfum að leita leiða til að draga úr atvinnuleysi ungs fólks, m.a. með því að skoða samspil atvinnulífs og skólakerfis og fyrir því vil ég beita mér.

Í vetur voru kynntir sérstakir styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði til verkefna á vegum svæðisvinnumiðlana sem miða að því að fjölga störfum í landinu. Mikið hefur verið sótt í þá undanfarið og mun ég í framhaldinu skoða hvort hægt verði að efla slík úrræði enn frekar, m.a. með ákveðna hópa atvinnulausra í huga. Ég hef sem félagsmálaráðherra fullan hug á því að mótuð verði heildarstefna í vinnumálum í samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og að við slíka stefnumótun verði tekið mið af því sem nágrannalönd okkar eru að gera á þessu sviði.

Ágætu tilheyrendur. Félagsmálaráðuneytið hefur lagt áherslu á að styrkja þjónustu við fatlaða og hefur á undanförnum árum verið gert sérstakt átak í búsetumálum þeirra. Ljóst er hins vegar að þörf fyrir aukna þjónustu er mikil, einkum á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi, og mun ráðuneytið áfram vinna að þróun á uppbyggingu málaflokksins á þessum stöðum sem annars staðar.

Á Evrópuári fatlaðra, sem nú stendur yfir, mun ráðuneytið leitast við að skoða nýja möguleika varðandi þjónustu og skipulag málaflokksins með það að markmiði að auka enn lífsgæði fatlaðra. Helstu verkefni ársins eru undir yfirskriftinni Samfélag fyrir alla.

Í haust er stefnt að því að hefja heildarendurskoðun á almennu skipulagi og þjónustu við fatlaða á Íslandi. Lagt verður mat á það sem vel hefur gengið og það sem enn frekar mætti styrkja. Reynt verður að skilgreina framtíðarsýn þjónustunnar og leggja fram vel skilgreinda áætlun um það hvernig staðið skuli að verki, m.a. varðandi frekari þátttöku sveitarfélaganna í rekstri þjónustunnar. Innan þessarar framtíðarsýnar munum við leggja áherslu á þátttöku fatlaðra í samfélaginu ásamt búsetu- og atvinnumálum.

Það er stefnt að því að styrkja þjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra og við munum í samstarfi við önnur ráðuneyti leggja áherslu á að fatlaðir verði virkir þátttakendur í upplýsingasamfélagi framtíðarinnar með því að tryggja aðgengi þeirra að því. Það þarf að auka tölvulæsi og þróa þarf sérstök úrræði sem tengjast upplýsingasamfélaginu.

Við viljum ráðast í átak sem miðar að því að styrkja jákvæð viðhorf almennings til fötlunar og auka skilning þar að lútandi. Slík vinna þarf m.a. að fara fram innan leikskóla, grunnskóla og á hinum almenna vinnumarkaði.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að gera landið allt að raunhæfum valkosti fólks til búsetu, atvinnu og menntunar. Áherslu þarf að leggja á eflingu atvinnulífs, menntun íbúa og styrkingu samfélaga. Efling sveitarstjórnarstigsins er ein mikilvægasta leiðin til að ná markmiðum um fjölgun íbúa og styrkingu samfélaga. Til að árangur náist í slíkum málum er þýðingarmikið að stækka sveitarfélög og gera þau þannig hæfari til að taka að sér aukin og krefjandi verkefni.

Ávallt þarf verkaskipting ríkis og sveitarfélaga að vera skýr til að tryggja skilvirka og markvissa stjórnsýslu og hámarkshagkvæmni við lausn verkefna ríkis og sveitarfélaga. Á sama hátt er mikilvægt að tekjustofnar sveitarfélaganna séu í samræmi við lögbundin og eðlileg verkefni þeirra og að áfram verði lögð áhersla á markviss og eðlileg samskipti þessara tveggja.

Málefni unglinga í vímuefnavanda hafa verið til umræðu í vetur sem oft áður. Ljóst er að við þurfum áfram að vinna að því að bæta þjónustu í málaflokknum, skapa ný rými til meðferðar, auka ráðgjöf og styrkja fjölskyldur í vanda. Í því sambandi þurfa félagsmála-, heilbrigðis- og fræðsluyfirvöld að taka höndum saman og vinna enn frekar að því að samþætta þjónustu við þennan hóp. Að því verður áfram unnið í félmrn.

Í kosningabaráttunni voru jafnréttismál kvenna og karla töluvert til umræðu. Á síðasta kjörtímabili var stórt skref stigið í jafnréttisátt með nýjum lögum frá Alþingi um fæðingar- og foreldraorlof. Enn er þó margt óunnið á þessu sviði. Forgangsmál á komandi kjörtímabili er að eyða mun á launum karla og kvenna. Á komandi vetri geri ég ráð fyrir að lögð verði fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum. Þar verður gerð grein fyrir fyriræltlunum á þessu sviði.

Innflytjendum á Íslandi hefur fjölgað mjög á allra síðustu árum. Árið 1997 voru rúmlega 5.500 útlendingar með búsetu hér á landi. Í árslok 2002 voru þeir orðnir rúmlega 10.000 Það er ljóst að taka verður þjónustu við innflytjendur til endurskoðunar. Þetta er sérstaklega aðkallandi í ljósi þess að samsetning hópsins hefur breyst. Áður var algengast að einstaklingar kæmu til landsins með skammtímadvöl í huga. Nú er algengast að hingað flytji til varanlegrar dvalar fjölskyldur með börn. Ábyrgð okkar er því meiri en áður og þar af leiðandi þarf að samræma aðgerðir til að auðvelda þessum nýju löndum okkar aðlögun að aðstæðum sem í mörgum tilvikum eru ólíkar lífsskilyrðum í fæðingarlandinu.

Herra forseti. Verkefnin eru ótalmörg og af nógu er að taka. Sú ríkisstjórn sem nú hefur tekið til starfa ætlar sér stóra hluti fyrir land og þjóð. Á vettvangi félmrn. eru viðfangsefnin fjölmörg og spennandi og ég vænti góðs samstarfs um þau á hinu háa Alþingi.

[20:32]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ég vil byrja á því að óska nýkjörnum alþingismönnum til hamingju og bjóða þá

velkomna hingað til starfa og hinum sem láta af þingmennsku við þessar kosningar og við sjáum á bak þökkum við samstarfið og óskum alls góðs á nýjum vegum. Ég vil einnig óska nýkjörinni ríkisstjórn og nýjum ráðherrum í fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar til hamingju og velfarnaðar í starfi.

Reyndar er það nú svo að það er ekki svo mikið nýtt á ferðinni. Til marks um það er að öll athygli við þessi stjórnarskipti er á stólaskiptunum, er á mönnuninni, ekki á málefnunum. Á því hefur enginn minnsta áhuga. Og skyldi það nú ekki vera vegna þess að hér er á ferðinni sama gamla þreytta ríkisstjórnin með sömu stefnuna, sömu flötu nýfrjálshyggju- og hægri stefnuna þar sem alger fylgispekt og undirgefni við Kanann er leiðarljós í utanríkismálum og þess vegna er það að það eina sem þykir spennandi og áhugavert er hvaða kennitölur verða í hvaða stólum? Sjálfstfl. ræður ferðinni. Það er hans stefna sem hér er verið að framkvæma, t.d. í skattamálum, og það eina sem er í raun og veru að gerast er það að verið er að verðlauna Framsfl. en þó fyrst og fremst Halldór Ásgrímsson persónulega fyrir dygga þjónustu. Nú er komið að því eftir átta ára trúmennsku að ráðsmaðurinn fær að leysa af á búinu um stundarsakir. (Gripið fram í.) Það sögulega er, hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem er hér með lífsmarki úti í salnum, að Framsfl. er að jafna fylgispektarmetið við íhaldið sem gömlu kratarnir, forverar Samfylkingarinnar, áttu áður. Það er hið sögulega. Og vel að merkja, herra forseti, hvar er brosmildi, söngelski stjórnarandstöðuflokkurinn sem auglýsti sig inn að hjarta þjóðarinnar í kosningabaráttunni? Hvað er orðið um hann? Góða flokkinn sem ætlaði að bæta úr öllu sem vondi flokkurinn, Framsfl. í ríkisstjórn, hafði gert og klúðrað, t.d. í húsnæðismálum? Hvað varð um þennan léttlynda stjórnarandstöðuflokk? Gufaði hann upp kosninganóttina? Aflíkamnaðist hann? Hvar týndist hann?

Það var einu sinni auglýst eftir Framsfl. hér í þessum ræðustól. Það er kannski kominn tími á það aftur. Þá var auglýst eftir Framsfl. Þá týndist hann úr stjórnarandstöðunni vorið 1995. Fór að heiman frá sér á kosninganótt íklæddur gráum selskinnsjakka. Og svo skaut höfðinu upp undan íhaldssænginni og þar hefur hann kúrt síðan í átta ár. Og nú endurtekur sagan sig. Við týnum allt í einu brosmildum, söngelskum, glaðværum stjórnarandstöðuflokki sem auglýsti allt hið góða sem hann ætlaði að gera ef hann kæmist til einhverra minnstu áhrifa í þjóðfélaginu. En hann er ekki týndur. Hann er hérna. Hann er hérna í salnum. Það er bara búið að taka niður brosgrímuna. Það er búið að afhýða flettiskiltin. Það er búið að djúpfrysta félagshyggjuna og stjórnarandstöðuna í fjögur ár, kokgleypa skattastefnu íhaldsins og þar með er þetta komið. Hann er kominn í leitirnar. Hann er hérna, gamli Framsfl., þessi brúnaþungi, á sínum stað. En Sjálfstfl. getur brosað. Hann hefur þetta allt í hendi sér. Og forsrh. skákar mönnum út og suður. Hann skipar menn sendiherra. Hann kýs forseta Alþingis úti í bæ eins og um hans einkamál væri að ræða. Þetta er allt saman misskilningur að Halldór Ásgrímsson utanrrh. ráði því hver er sendiherra í París. Þaðan af síður hafa Frakkar nokkuð með það að segja hvort sá einstaklingur sem Íslendingar tilnefna er tekinn gildur. Davíð Oddsson er búinn að ákveða þetta.

Og ég verð að segja grínlaust, herra forseti, þótt það sé kannski tilgangslaust að ætlast til þess, ég fer fram á það að menn kalli það tillögur sínar um hver verði forseti Alþingis mörg ár fram í tímann þegar þeir boða það úti í bæ áður en Alþingi hefur svo mikið sem hafið störf. Ég mælist til þess að menn sýni a.m.k. þessari stofnun þá virðingu að menn kalli það tillögur sínar um það hver eigi að vera forseti Alþingis.

Reyndar getur maður þá bara alveg eins spurt: Af hverju er þetta ekki klárað? Hvers vegna fengum við engar upplýsingar um það hverjir verða seðlabankastjórar næstu árin? Er ekki ein eða jafnvel tvær stöður þar á lager, á „hold" eins og sagt er á útlensku? Er ekki bara best að klára þetta? Eða er svona erfitt að finna nýjan Finn, herra forseti?

Nei, án gamans, það kann að vera æskilegt markmið í sjálfu sér að einfalda stjórnsýsluna. En ég held að það sé ekki í þágu lýðræðisins að fækka ráðuneytunum niður í eitt og leggja þar á ofan Alþingi undir það ráðuneyti, en það stefnir í það að óbreyttu, herra forseti.

Svo verð ég að segja, herra forseti, um stjórnarsáttmálann og ræðu þá sem hér var flutt að hún er einhver sú snautlegasta sem ég man eftir og hef ég þá hlustað á þær nokkuð margar. Reyndar var engin ræða flutt hér. Þetta var „ekki-ræða" eins og fréttirnar eftir klukkan fimm á daginn. Og við biðum, þingmenn, undanfarna daga eftir ræðunni sem samkvæmt landslögum á að koma til okkar sem trúnaðarmál þremur sólarhringum áður en hún er flutt. Svo var það upplýst seint og um síðir að það yrði engin ræða. Það yrði engin ræða, heldur mundi forsrh. lesa upp þetta kver, þennan ritling sem ekkert er. Er einhver snautlegasti stjórnarsáttmáli sem lengi hefur sést. Reyndar stóð hæstv. forsrh. ekki við það því hann hafði talsverðan inngang að upplestrinum, enda hafði hann nógan tíma því þessar 20 mínútur dugðu miklu meira en í að lesa ritið, þannig að hann gat haft hér talsverðan inngang. Og þar gat hann ekki setið á sér að pilla á stjórnarandstöðuna og var þar með auðvitað farinn að brjóta þær hefðir sem hér eiga að ríkja, að þingmenn sem taka þátt í umræðunum hafi áður lesið ræðu forsrh.

Í þessu litla riti er með ótrúlega fátæklegum hætti fjallað um mörg mikilsverðustu mál samtímans. Byggðamál eru nánast ekki nefnd. Umhverfismál eru með aumkunarverðum hætti höfð þarna á blaði, ein mikilvægustu framtíðarmál Íslendinga og mannkynsins alls, og það er í takt við það að þau eru skiptimynt í stólaskiptakapli ríkisstjórnarinnar.

Efnahagsmál og kjarasamningar eru tengdir þannig saman að háskalegt hlýtur að teljast. Í reynd er atvinnurekendum réttur óútfylltur víxill sem þeir geta lagt fram í kjarasamningum, neitað öllum kauphækkunum og sent reikninginn á ríkissjóð. Það er búið að búa út þann gaffal. Og þannig mætti um fleira ræða, herra forseti, í þessu riti.

Það hefði verið fróðlegt að fara hér líka aðeins yfir yfirbragð þeirrar kosningabaráttu sem er að baki, fara yfir peningaausturinn, yfir auglýsingamennskuna og skoðanakannanirnar og spyrja þeirrar spurningar: Ætla stjórnmálaflokkar sem vilja láta taka sig alvarlega og telja sig vestræna lýðræðisflokka áfram að þverskallast við og koma Íslandi í siðaðra manna tölu hvað það varðar að hér ríki einhver lög og einhverjar reglur um fjármál og stjórnmálastarfsemi? Ísland er að verða að viðundri í hinum vestræna heimi hvað þetta snertir, að hér skuli engar leikreglur, engin lög vera við lýði og við stöndum frammi fyrir stjórnlausri þróun eins og við sáum núna í síðustu kosningabaráttu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð fékk ekki þá útkomu í þessum kosningum sem við höfðum vonast eftir. En það skal enginn gera þau mistök að halda að það hafi nokkur áhrif á einbeittan vilja okkar til að halda áfram að byggja upp og efla og styrkja þessa hreyfingu, baráttutæki vinstri manna og umhverfisverndarsinna í landinu. Stjórnarandstaðan gerði

veruleg mistök á síðasta kjörtímabili og sérstaklega í aðdraganda kosninganna að stilla ekki betur saman strengi. Tilboði okkar um að stjórnarandstaðan stillti upp hreinni víglínu og segði „við viljum fella þessa ríkisstjórn og svo ætlum við að taka við“ var því miður ekki sinnt af Samfylkingunni. Og Samfylkingin á enn langt í land, því miður. Það upplifum við t.d. nú í samskiptum hér innan stjórnarandstöðunnar þar sem gömlum hefðum um það að stjórnarandstaðan leggi saman krafta sína og jafni á milli sín, a.m.k. í einhverjum mæli, sætum í stjórnum, nefndum og ráðum er hafnað, þannig að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn máttu búa við þau samskipti við Samfylkinguna nú á undirbúningsdögum þessa þings.

Þetta sýnir kannski, herra forseti, hversu satt hið fornkveðna er „að ótrúlega lítið hjarta getur verið í stórum búki“. Eða kannski ætti ég frekar að segja að þetta sanni það hversu stærðin er afstætt hugtak.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ísland er gott land og við erum gæfusöm þjóð að fá að búa hér, nýta, nota en þó fyrst og síðast gæta þessa fallega lands. Við eigum nánast einstæða möguleika á því að byggja hér upp farsælt og friðsælt velferðarsamfélag, búa í friði við okkar nágranna, bræðraþjóð okkar Færeyinga, Grænlendinga, hin Norðurlöndin, Evrópu og Norður-Ameríku.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur markað sér skýra sérstöðu í íslenskum stjórnmálum. Við leggjum áherslu á vinstri stefnu, á jöfnuð og jafnrétti, kvenfrelsi, umhverfisvernd og friðarstefnu. Við höfum fullan hug á því að snúa vörn í sókn í umhverfismálum. Umhverfismál á Íslandi verða að komast úr þeim farvegi að vera stanslaus varnarbarátta gagnvart ásókn afla sem vilja leggja allt landið undir og gera það að leikvelli þess vegna erlendra auðhringa. Til marks um það er tillaga okkar, eina þingmálið sem hér hefur verið flutt, um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Við getum á margan hátt vel við okkar hlut unað í þessari kosningabaráttu. Eitt það allra ánægjulegasta í okkar starfi er að mjög margt ungt fólk gekk til liðs við okkur í baráttunni og á undanförnum missirum. Ég er því bjartsýnn á baráttuna fram undan. Það er spennandi tilhugsun að takast á við hin stóru mál framtíðarinnar með vaxandi kynslóð ungra stjórnmálamanna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð þarf svo sannarlega ekki að kvarta undan því að þau mál sem við helgum okkur veki ekki áhuga ungs fólks. Baráttan fyrir verndun umhverfis og sjálfbærri þróun. Baráttan gegn heimsvaldastefnu og drottnun auðhringa og hervalds. Baráttan fyrir mannréttindum og friði í heiminum. Ef eitthvað ýtir við ungu fólki í dag þá eru það þessi mál og önnur slík stór sem við erum að berjast fyrir.

Ég óska landsmönnum ánægjulegs sumars. Gæfan veri með okkur öllum. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:44]

**Magnús Þór Hafsteinsson:**

Gott kvöld, góðir landsmenn. Hann er frekar snubbóttur kaflinn í stefnuræðu forsrh. þar sem minnst er á fiskveiðistjórnarmálin. Það er landslýð ljóst að engar breytingar sem skipta máli verða gerðar í tilhögun þeirra mála. Sú ríkisstjórn sem nú tekur við, er reyndar sama stjórn og fór frá, ætlar ekki að hlusta í neinu á rödd þjóðarinnar sem sagði skýrt í nýlokinni kosningabaráttu að breyting yrði að verða á þessum málum.

Ríkisstjórnin skellir skollaeyrum við því að yfir 80% þjóðarinnar eru óánægð með fiskveiðistjórnina enda hefur þessi stjórn alls ekki skilað þeim árangri sem vænst var til. Hún hefur alið á úlfúð og valdið klofningi og deilum meðal þjóðarinnar. Allt tal stjórnarliða um að sátt hefði náðst um þennan mikilvæga málaflokk dæmdist dautt og ómerkt í kosningabaráttunni þegar fiskveiðistjórnarkerfið varð allt í einu að umfangsmesta kosningamálinu á lokapretti baráttunnar.

Sáttablekkingin mikla sem fleytti Sjálfstfl. og Framsfl. í gegnum kosningarnar árið 1999 dugði ekki til notkunar í annað sinn, enda er þjóðinni nú ljóst að þróunin í sjávarútvegsmálunum er helstefna fyrir byggðirnar í landinu. Stöðugt fleiri fá sig fullsadda af að horfa upp á aflaheimildir, þ.e. nýtingarréttinn á helstu auðlind landsmanna, safnast á hendur stöðugt færri aðila sem eru að mynda nýja valdaklíku í landinu, valdaklíku sem á sama tíma verður forhertari í að beita skoðanakúgun sinni eins og dæmin sönnuðu á sjómannadaginn á Akureyri fyrir rétt tæpu ári og eins og sjá mátti merki um þegar ákveðnir útvegsmenn og sendlar þeirra blönduðu sér í kosningabaráttuna nú á vordögum með bréfaskriftum og niðrandi ummælum um ákveðna frambjóðendur.

Í nýútgefinni stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hæstv. forsrh. las hér upp áðan má lesa að stjórnkerfi fiskveiðanna hafi verið í stöðugri endurskoðun til að skapast mætti sem víðtækust sátt um þessa undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Ég spyr: Skyldi það nú vera tilefni til sátta þegar ungir athafnamenn sem vilja hefja útgerð til að afla sjálfum sér og byggðum sínum farborða verða að reiða af hendi okurverð fyrir aflaheimildir til þeirra sem ráða yfir þeim? Er það eitthvert réttlæti þegar leiguverð á þorskkvóta er hátt í 200 kr. kílóið? Er það eitthvert réttlæti þegar svokallað varanlegt kvótakíló af þorski er selt á yfir þúsund krónur? Finnst einhver glóra í því að fólk sem vill hefja trilluútgerð með svokölluðum dagabátum verður kannski að greiða hátt í 50 milljónir til að komast yfir slíkan bát og hefja róðra sem síðan takmarkast við 21 dag á ári? Er einhver sanngirni í því að leiguverð á þorskkvóta hefur hækkað úr rúmlega 40% af aflaverðmæti árið 2000 í tæp 70% af aflaverðmætti í fyrra?

Hvering þætti ykkur, hv. þingheimur og góðir landsmenn, að þurfa að greiða 70% af öllum ykkar tekjum beint í vasann á einhverjum óþekktum aðila sem hefði yfir að ráða heimild frá ríkinu til að skammta ykkur vinnuna og lifibrauðið?

Ég segi nei. Þetta er ekkert réttlæti og við getum ekki haldið svona áfram. Þetta er ekkert annað en arðrán af verstu gerð. Sjómenn sem vilja hefja útgerð og ættu að hafa alla burði til að geta orðið góðir útgerðarmenn, máttarstólpar í heimabyggðum sínum, eiga enga möguleika til að komast inn í greinina. Reyni þeir það eru þeir mergsognir með miskunnarlausri kvótaleigu eða botnlausum skuldum vegna kaupa á kvótum. Þetta kallar síðan á hættuna á að menn fari að flokka aflann áður en farið er að landi, að fiski sé hent til stórtjóns fyrir þjóðfélagið og fiskveiðistjórnina.

Þetta kerfi ætlar ríkisstjórnin að verja með kjafti og klóm. Hún ætlar að hanga áfram á kvótastýringu í bolfiskveiðunum þrátt fyrir að árangursleysið blasi við, ekki bara hér heldur í gervöllu Norður-Atlantshafi. Kvótastýring í blönduðum bolfiskveiðum hefur hvergi gengið upp. Frændur okkar í Færeyjum voru svo gæfusamir að átta sig á þessu áður en þeir misstu auðlindina í hendurnar á verðbréfavíxlurum og valdafíklum í atvinnulífinu. Þar eru fiskstofnar sífellt að styrkjast á meðan allt er í lágmarki hér. Þar notast menn við

fiskveiðistjórn sem byggir á takmörkuðum tíma til sóknar á fiskimiðin og stjórn á því hvaða veiðarfæri megi nota á ákveðnum tímum á fyrir fram ákveðnum svæðum. Evrópusambandið er að taka upp sóknarmark í bolfiskveiðum enda eru menn þar orðnir dauðuppgefnir á kvótaruglinu með tilheyrandi svindli og svínaríi í formi brottkasts og sóunar.

En áfram berja menn hausnum við steininn hér á Íslandi. Hér skal hangið á kvótakerfinu og helst reynt að auka veiðiskylduna svo það megi nú endanlega drepa þrælpínda og mergsogna leiguliðana. Þeir eru hvort eð er flestir farnir á hausinn svo það er kannski farið að minnka um tekjumöguleikana með kvótaleigu. Sennilega er þess ekki langt að bíða að farið verði fram á að hið svokallaða kvótaþak verði hækkað í 20% sem þýðir að eitt fyrirtæki geti átt fimmtung af öllum aflaheimildum á Íslandsmiðum. Það mun takast ef veiðiskyldan verður aukin því að þá ná þeir sem hafa aflaheimildirnar í dag að múra sjálfa sig inni með alla kvótana og þeir vonast þá til að öðlast frið svo að þeir geti haldið áfram að sameinast og hagræða eins og kallað er, að þjappa völdum á færri hendur, því að það er nú einu sinni svo að nýtingarrétturinn á fremstu auðlind þessarar þjóðar er sjálfkrafa ávísun á völd og áhrif.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þetta er mikil synd og ég harma það að ríkisstjórnarflokkana skuli skorta hugrekki til að horfast í augu við staðreyndir, að þá skuli skorta hugrekki til að leita nýrra leiða. Ég harma þetta því að árangurinn í uppbyggingu fiskstofnanna lætur á sér standa. Ég harma þetta af því að ég veit að áframhaldandi kvótakerfi mun leiða þjáningar yfir fólk í sjávarplássum allt í kringum landið sem misst hefur réttinn til að nýta fremstu náttúruauðlind sína.

Það er sláandi að sjá hvernig atvinnurétturinn, sjálft frelsið til athafna er drepið niður í sjávarbyggðunum okkar. Aflaheimildir eru að sogast á örfáa staði en eftir liggja byggðir í sárum. Fólk er flutt á brott eða það situr í verðlausum eignum sínum sem það losnar ekki við því að búið er að ræna nýtingarréttinum frá byggðunum. Fólk fær ekki að afla sér tekna þó að það fegið vildi og þótt það viti að vænlegt sé að róa til fiskjar á miðin skammt undan byggðinni.

Trúa stjórnarliðar því virkilega að það sé einhver lausn að ætla að fara að búa til aukna byggðakvóta sem síðan verða bornir út í pottum til hinna og þessara gæðinga í sjávarþorpunum vítt og breitt um landið? Hræða sporin ekki í þessu efni, þar sem við höfum séð heilu byggðarlögin loga í illdeilum og erjum í kjölfar slíkra úthlutana stjórnmálamanna? Illdeilur og sundrung eru einmitt það sem byggðir þessa lands mega minnst við nú um stundir, nógur er nú vandinn samt.

Nei, við verðum að endurreisa byggðirnar. Það er mikil þversögn fólgin í því að nú um stundir þegar samgöngur eru alltaf að batna, samgöngutækin eru alltaf að verða betri og öruggari, fjarskipti alltaf að batna, nú síðast með tilkomu gervihnatta og internets, að þá skuli einmitt unnið með þeim hætti af hálfu stjórnvalda að ýmsir hafa kallað það eyðibyggðastefnu.

Þetta er gert með því að meina fólkinu í landinu að nýta sína fremstu auðlind, og það verður ekki ráðin bót á þessu fyrr en okkur tekst að snúa af villu vegar í þessum efnum. Við verðum að færa sjávarbyggðunum aftur nýtingarréttinn á auðlindinni. Þá munu hjól atvinnulífsins aftur komast í gang og mannlíf blómstra á þessum stöðum.

Góðir Íslendingar. Fyrir hönd Frjálslynda flokksins vil ég óska ykkur gæfuríks og góðs sumars.

[20:52]

**Sigurjón Þórðarson:**

Góðir landsmenn. Við höfum nú hlýtt á stefnuræðu forsrh. Það sem einkennir hana helst er að hún er samtíningur af óljósum markmiðum í hinum og þessum málaflokkum en fáar útfærslur á því hvernig á að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar. Það eina sem hefur verið útfært nákvæmlega eru hrókeringar ráðherra en stólaskiptin eru þrælhugsuð langt fram í tímann og fléttast inn í ólíklegustu hlutir, svo sem starf sendiherra í París.

Auðvitað er í sjálfu sér góðra gjalda vert að hugsa vel um sig og sína. En á sama tíma er varla að finna stafkrók í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um það hvernig eigi að rétta hlut þeirra sem minna mega sín í samfélaginu. Félagsmálayfirvöld, mæðrastyrksnefnd og fleiri hafa að undanförnu margoft lýst því yfir að sífellt fleiri neyðist til að leita sér aðstoðar til framfærslu.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er víða að finna það markmið að varðveita eigi stöðugleikann. Ég vil að það komi skýrt fram hér og nú að það ríkir enginn stöðugleiki víða á landsbyggðinni. Fólki hefur stórfækkað á landsbyggðinni í valdatíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins. Meginástæður fækkunarinnar eru algjört skeytingarleysi í byggðamálum.

Því miður er ekki að sjá neinar metnaðarfullar áætlanir til að breyta þessu í stefnuræðu forsrh. Kaflinn um byggðamál endar að vísu eitthvað á þá leið að auka þurfi gagnkvæman skilning höfuðborgar og landsbyggðar. Ríkisstjórnin ætti að gaumgæfa þessi orð sjálf og taka tillit til þeirra og reyna að skilja aðstæður fólks sem býr á landsbyggðinni, en málefnum landsbyggðarinnar hefur lítt verið sinnt síðasta áratuginn.

Ekki örlar á nýrri hugsun í byggðamálum. En í nýlegri skýrslu nefndar á vegum landbrn. er lagt til að notuð verði mörg hundruð milljónir króna af skattfé almennings til þess eins að greiða fyrir lokun sláturhúsa í byggðarlögum sem standa höllum fæti. Vel að merkja, hér er verið að leggja til að lagður verði steinn í götu þess að eðlileg og sanngjörn markaðslögmál ráði landbúnaðar- og byggðamálum.

Frjálslyndi flokkurinn berst fyrir lýðræðislegum endurbótum. Í dag komu stjórnarflokkarnir í veg fyrir að frestað yrði að afgreiða kosningarnar 10. maí og aflað yrði skýrslna um framkvæmd kosninganna í samræmi við lög, þrátt fyrir að staðfest sé að misbrestur hafi verið á framkvæmd kosninganna og meðferð atkvæðaseðla hafi ekki verið með sama hætti alls staðar á landinu.

Aðstöðumunur íslenskra stjórnmálaflokka er gífurlegur. Frjálslyndi flokkurinn náði ákaflega góðri kosningu þrátt fyrir þröngan fjárhag og að stórútgerðarfyrirtæki hefðu tekið með beinum hætti þátt í kosningabaráttunni og beint spjótum sínum gegn málstað Frjálslynda flokksins.

Við í Frjálslynda flokknum höfum opið bókhald. Allir geta séð hvaðan við fáum fjármagn og hvernig við verjum því. Sömu sögu er ekki að segja um flokkana sem mynda ríkisstjórn Íslands. Það er sorgleg staðreynd að íslensku þjóðinni er stjórnað af flokkum sem leyna bókhaldi sínu. Menn gera jafnvel ráð fyrir að kosningabarátta Framsfl. hafi kostað á annað hundrað milljónir króna. Hver greiddi þessa háu upphæð til að fríska upp á þreytta ímynd Framsfl. með auglýsingum? Við vitum það ekki vegna þessa feluleiks með bókhaldið. Er það kannski einhver kvótaþegi sem vill fá að viðhalda óbreyttu, ranglátu kvótakerfi kvótaflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl.?

Íslenskir fjölmiðlar hafa ekki beint kastljósi sínu í ríkum mæli að leynireikningum stjórnmálaflokkanna og er það miður. Það kæmi því alls ekki á óvart að við kæmumst í heimsfréttirnar og erlendir fjölmiðlar muni brátt fjalla um hvernig íslenskir stjórnmálaflokkar leyna bókhaldi sínu og að ekkert eftirlit sé með fjármálum stjórnmálaflokka. Staðreyndin er að leyndin býður upp á spillingu.

Góðir landsmenn. Við í Frjálslynda flokknum heitum því að standa vörð um almannahagsmuni og veita stjórnarflokkunum strangt aðhald á komandi kjörtímabili. Ég skora á ykkur, landsmenn, að fylgjast gaumgæfilega með framvindu mála á komandi kjörtímabili.

[20:57]

**Drífa Hjartardóttir:**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er vor í lofti og bjart yfir íslenskri þjóð þegar þing kemur nú saman að afloknum kosningum. Vorverk eru alls staðar í fullum gangi og sáð er fræjum í frjóan jarðveg. Það gerir einnig ríkisstjórnin en fjórða kjörtímabil ríkisstjórnar undir forustu Davíðs Oddssonar er nú að hefjast.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar liggur fyrir og mikilvægustu kosningaloforðum flokkanna er þar haldið til haga, sem er afar mikilvægt því að við orð skal standa. Almenningur í landinu getur treyst því að skattar verði lækkaðir, að eignarskattur verði felldur niður, að erfðafjárskattur verði samræmdur og lækkaður og að virðisaukaskattskerfið verði tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings.

Herra forseti. Mikilvægum markmiðum er náð eins og beinum stuðningi við barnafjölskyldur með hækkun barnabóta og frítekjumarks til þeirra og að dregið verði enn frekar úr tekjutengingum barnabóta. Afar mikilvægur kafli er um að endurskoða skuli almannatryggingakerfið, það einfaldað og þá verði sérstaklega skoðað samspil þess við skattakerfið og lífeyrissjóðina. Dregið verði úr skerðingum á bótum öryrkja vegna atvinnutekna og öryrkjalífeyrir yngri öryrkja verði hækkaður sérstaklega. Heimaþjónusta við aldraða verður aukin og unnið að því að allir geti búið sem lengst á eigin heimili.

Herra forseti. Sú staðreynd blasir við að íslenska þjóðin er að eldast og hlutfallslega færri verða á vinnumarkaði í framtíðinni en nú er. Árið 2000 voru rúmlega 10% þjóðarinnar 67 ára eða eldri en verða samkvæmt spá Hagstofunnar 20% árið 2050. Við þessu þarf að bregðast í tíma, læra af reynslu annarra þjóða og nýta okkur þá sérstöðu sem við höfum hér á landi og lýtur að atvinnuþátttöku eldra fólks. Það er því mikilvægt að almannatryggingalögunum verði breytt á þann veg að fólk hafi skýran ávinning af því að fresta töku lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, eigi það þess kost og kjósi það.

Heilbrigðiskerfið okkar er með því besta í heimi og framlög ríkissjóðs til heilbrigðismála nema 100 milljörðum kr. á ári og eru hlutfallslega hæst á Íslandi meðal ríkja OECD.

Herra forseti. Mikil áhersla er lögð á samheldni þjóðarinnar í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og á að víðtækt samráð verði haft við aðila vinnumarkaðarins. Samvinna dreifbýlis og þéttbýlis er nauðsynleg. Hún verður styrkt enn betur með því að halda áfram stuðningi við atvinnuþróun á landsbyggðinni. Áhersla er lögð á að hagsmunir landsins felast í markvissu samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar. Bætt lífsgæði eru liður í eflingu atvinnuþróunar. Það sem ræður búsetu fólks er örugg atvinna, góðar samgöngur, möguleikar til menntunar, góð heilsugæsla og gott umhverfi. Við ætlum að treysta undirstöðu byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar. Sérstök áhersla verður lögð áfram á fjarnám og símenntun til að sem flestir geti stundað nám í heimabyggð sinni og bætt við sig menntun meðfram vinnu.

Herra forseti. Gífurlegt átak stendur fyrir dyrum í samgöngumálum landsins með þeirri ákvörðun að veita 4,6 milljarða aukalega til vegamála á næstu missirum. Með þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið um að flýta vegaframkvæmdum má segja að í það minnsta þrjár flugur hafi verið slegnar í einu höggi, vegir landsins verða bættir mun fyrr en ella hefði orðið, atvinna efld á réttum tíma og búið í haginn til að síðar verði unnt að beita ríkisfjármálum til mótvægis þegar mestu framkvæmdir sem Íslendingar hafa farið út í standa yfir.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að íslenskum landbúnaði verði skapað það starfsumhverfi að hann geti séð neytendum fyrir hollum og öruggum búvörum á hagstæðum kjörum. Mikilvægt er að hafa í huga að landbúnaður, þjónusta við landbúnað og úrvinnsla landbúnaðarafurða hafa verið mikilvægir þættir í atvinnu landsmanna. Flestir þéttbýliskjarnar á landinu byggja á þjónustu við landbúnað og matvælaiðnaði. Við eigum að nýta til fulls þá möguleika sem felast í íslenskum landbúnaði til bættra lífskjara fyrir það fólk sem við greinina starfar, bæði þá sem framleiða vöruna og þá sem eru í matvælaiðnaði. Hagsmunir beggja fara saman. Það er því nauðsynlegt að skilyrði verði sköpuð til að landbúnaðurinn geti nýtt styrkleika sinn til að takast á við aukna samkeppni.

Góðir áheyrendur. Við höfum heyrt úrtöluraddir stjórnarandstöðunnar hér í kvöld. Bölsýnistal sem er með ólíkindum hjá þjóð sem býr við einhver bestu lífskjör í víðri veröld. Það má að sjálfsögðu gera betur en gert hefur verið og það ætlar þessi ríkisstjórn sér að gera. Það er holur hljómur í málflutningi stjórnarandstöðunnar. Og við að hlusta á ræður hér í kvöld þá kom mér í hug vísukorn eftir Jónas Hallgrímsson:

Feikna þvaður fram hann bar, –
fallega þó hann vefur.
Lagamaður víst hann var,
varði tófu refur.

Góðir áheyrendur. Sóknarfærin eru mörg og fjölbreytt og blasa við okkur á öllum sviðum. Framtíðin er björt. Nýtum tækifærin saman. — Góðar stundir.

[21:03]

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:**

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Kosningunum er lokið og úrslit ráðin. Þjóðin hefur sagt sitt og veitt þingmönnum lýðræðislegt umboð til að fara með stjórn landsmála á næsta kjörtímabili. Nú er það Alþingis að ráða fram úr þeim fjölmörgu málum sem krefjast úrlausnar á komandi árum því þjóðin kaus sér þingmenn en hvorki ráðherra né ríkisstjórn. Valdið er nú hjá Alþingi. Þessu valdi fylgir mikil ábyrgð sem þingmenn allir verða að axla, hvort sem þeir tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu.

Eftir góðan kosningasigur mætir Samfylkingin til þings fjölmenn, öflug og endurnýjuð, staðráðin í að láta um sig muna í þing- og stjórnmálastarfi á því kjörtímabili sem nú fer í hönd. Við munum ótrauð takast á við verkefni dagsins í öflugum flokki sem byggir á manngildishugsjón hinnar sígildu jafnaðarstefnu og jafnréttishugmyndum nýrra tíma. Þingmenn gömlu valdaflokkanna á Alþingi, Sjálfstfl. og

Framsfl., hafa ákveðið eina ferðina enn að starfa saman á kjörtímabilinu og standa saman að ríkisstjórn. Áhöld eru um hvort þetta var það sem þjóðin vildi, hvort þetta voru skilaboðin sem hún sendi þingmönnum. En meiri hluti þeirra hefur kosið að túlka þau á þennan veg. Það sem meira er, þeir hafa kosið að túlka þau á þann veg að þjóðin vilji litlar sem engar breytingar. Þetta endurspeglast í þeirri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem við ræðum hér í kvöld.

Stefnuyfirlýsingin er almennt orðuð viljayfirlýsing og flestir sem um hana hafa fjallað eru sammála um að hún sé fáorð, tilþrifalítil og þar sé lítið um nýjar hugmyndir sem hönd sé á festandi.

Forsrh. reynir hér í kvöld að leggja það út á betri veg og segir að þetta sé til marks um það traust sem ríki í stjórnarsamstarfinu, um það sé óþarfi að hafa mörg orð. Í þessari röksemdafærslu gleymir hann því grundvallaratriði lýðræðisins að valdið er komið frá kjósendum. Hann gleymir að stjórnarsáttmálinn snýr ekki bara að flokkunum sem hann gera heldur að fólkinu í landinu. Stjórnin á að standa fólkinu skil á því hvernig hún hyggst fara með það vald sem henni hefur verið fengið. Hver eru markmiðin? Hvernig getur fólkið og fulltrúar þess á þingi fylgst með því hvort stjórnin er að ná settu marki eða ekki?

Í stjórnarsáttmálanum endurspeglast sú frumstæða lýðræðishugmynd stjórnmálaflokkanna og þeirra sem sitja í stjórn að þeir hafi fengið vald og umboð til að ráða, þeir geti því haft sína hentisemi. Það sem verra er, þeir eru hættir að vanda sig. Glaðbeittir skipta þeir fengnum, hrófla upp stjórnarsáttmála, ríkisstjórn, stefnuræðu og þingstörfum í skjóli meirihlutavalds næstu fjögur árin — láta síðan kylfu ráða kasti.

Ég fæ ekki varist þeirri hugsun að ríkisstjórnin sem ætlar að minnast þess þann 1. febrúar á næsta ári að 100 ár eru liðin frá því Íslendingar fengu heimastjórn sé komin nokkuð langt frá þeim anda sem þá sveif yfir vötnum. Í ræðu sem Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra heimastjórnar, hélt 1. febrúar 1904 sagðist hann hvorki hafa aldur, lærdóm né pólitíska yfirburði til að ganga að því sem gefnu að menn sættu sig við valið á honum sem ráðherra. Hann orðaði ábyrgð sína með þessum hætti:

„Og vissulega mun ég af alhuga kappkosta að verða ekki til þess að spilla friðnum, heldur mun ég leggja alla stund á friðsamlega vinnu og reyna eftir megni að stuðla að því að allir góðir kraftar leggist á eitt um að hagnýta sem best stjórnarbót þá sem við höfum fengið.“

Hann lagði síðan áherslu á að framkvæma vilja þjóðarinnar og sagði, með leyfi forseta:

„Því takmarkið, sem vér verðum að keppa að, það er í einu orði að gera landið sem lífvænlegast með því að hlúa að öllu því sem gerir fýsilegra að vera hér ...“

Þessi orð eiga ekkert síður við í dag en fyrir 100 árum. Allir góðir kraftar þurfa að sameinast í því að renna styrkum stoðum undir góð lífskjör í landinu. Og rétt eins og þá eru það efnahagsmálin og ríkisfjármálin sem eru eitt brýnasta úrlausnarefnið. En stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er fáorð um þær leiðir sem þar á að fara og hvernig góðir kraftar geti sameinast í ábyrgri hagstjórn.

Í kosningunum lagði Samfylkingin áherslu á að skapa þyrfti góða samstöðu um áætlun í fjármálum hins opinbera á kjörtímabilinu. Nú er eftir þessu kallað hjá aðilum vinnumarkaðarins og Seðlabankanum en engin slík áætlun er í stjórnarsáttmálanum. Engin skýr stefna hefur verið mörkuð um hvernig á að takast á við þann vanda sem við blasir. Samt eru alvarlegar blikur á lofti.

Í nýútkomnu hefti peningamála sem gefið er út af Seðlabankanum eru höfð uppi mikil varnaðarorð. Varar bankinn við því að slakað sé á í opinberum fjármálum og segir fullum fetum að skattalækkanir á allra næstu árum muni krefjast niðurskurðar á útgjöldum. Þetta á ekki að koma framsóknarmönnum á óvart sem sögðu í kosningabaráttunni að skattalækkunartillögur Sjálfstfl. væru annað tveggja, ógn við stöðugleikann eða ávísun á niðurskurð í velferðarkerfinu. En nú láta þeir eins og ekkert sé. Þeim er vart eins rótt og þeir láta nema fyrir liggi að loðið orðalag um virðisaukaskattinn í stjórnarsáttmálanum sé í raun til vitnis um að Sjálfstfl. ætli að svíkja þau loforð sem hann gaf á landsfundi sínum og formaður flokksins ítrekaði kvöldið fyrir kjördag þegar hann sagði:

„Þetta eru loforð og ég tek loforð mjög hátíðlega. Spursmálið er ekki hverju er lofað, heldur hverjir lofa. Ég legg þetta loforð á borð með mér.“

Aukinn hagvöxtur mun vissulega skila umtalsverðum fjármunum í ríkissjóð á kjörtímabilinu og skapa svigrúm til þess að auka lífsgæðin í íslensku samfélagi. Verði þetta svigrún einvörðungu nýtt til þess að lækka skatta mun það eflaust auka kaupmátt margra. En það mun ekki stuðla að réttlæti eða auknum lífsgæðum. Jafnvel þvert á móti.

Á ýmsum sviðum, svo sem í menntun, þarf að auka fjárframlög hins opinbera. En til þess að ná árangri í opinberum rekstri þarf ekki alltaf aukna fjármuni. Skipulagsleysi, skortur á framtíðarsýn og áætlunum til langs tíma veldur því oftar en ekki að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtast ekki sem skyldi. Þetta birtist okkur m.a. í heilbrigðismálunum. Mikilvægt er að skilgreina rétt einstaklinga til þjónustu hins opinbera og taka mið af þörfum þeirra en ekki þörfum stofnana. Stjórnvöld fara með skattfé fólksins. Það á að gera kröfu um góða þjónustu. Það eru stjórnmálamennirnir sem bera ábyrgð á því að hún sé veitt, ekki embættismennirnir. Í stjórnarsáttmálanum er ekki orð um þennan rétt fólksins til þjónustu.

Góðir tilheyrendur. Þrátt fyrir ýmsa annmarka á íslensku samfélagi höfum við allt sem þarf til að verða í fremstu röð meðal þjóða, gjöfula náttúru, rótgróna lýðræðishefð, athafnaþrá, útsjónarsemi og sterka réttlætisvitund. Við eigum að leggja rækt við þann styrk sem í þessu felst og móta hér samfélag sem miðar að því að allir einstaklingar fái notið sín, tækifæri gefist fyrir alla og allir eigi sér einhvern samastað í okkar sameiginlegu tilveru. Þetta er sameiginleg ábyrgð okkar allra. Samfylkingin mun ekki láta sitt eftir liggja. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:12]

**Dagný Jónsdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Í nýafstöðnum kosningum lagði Framsfl. mikla áherslu á að Alþingi endurspeglaði þjóðfélagið. Framlag Framsfl. til þess var að tefla fram ungu fólki í öllum baráttusætum kjördæmanna. Þetta átak flokksins skilaði þremur fulltrúum nýrrar kynslóðar inn á Alþingi Íslendinga. Ekki einungis hefur flokkurinn á að skipa yngsta þingmanninum, heldur einnig yngstu þingkonunni. Þessi blanda af reynslu þeirra sem eldri eru og hugsjónum hinna yngri er afar mikilvæg.

Auk þessa jókst hlutur kvenna innan þingflokksins og er það vel enda er jafnrétti kynjanna eitthvað sem á að vera okkur eðlilegt. Góður maður sagði eitt sinn að til að

svæfa óþægileg mál ætti að gera þau að jafnréttismálum. Þessi mikilvægi málaflokkur verður ekki svæfður enda er jafnréttisumræða í eðli sínu lýðræðisumræða. Nauðsynlegt er að fyrirtæki og opinberar stofnanir hefji strax vinnu að jafnréttismálum.

Kynslóð okkar sem yngri erum mun ekki þola það launamisrétti sem tíðkast á milli kynja. Við búum við að kynin skipta með sér verkum á heimilum. Engin skilgreind kvennastörf eins og eldamennska eða þrif eru í okkar samvistum og algengast er að báðir aðilar vinni fulla vinnu úti. Stjórnvöld þurfa að sýna góða fyrirmynd í þessum málaflokki og því þarf að gangast fyrir rannsóknum á stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vinna út frá þeim niðurstöðum áfram að því að jafna launamun kynjanna. Fyrir okkur er jafnrétti réttlæti.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir skýrt að meðal markmiða sé að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms, án tillits til búsetu eða efnahags. Þetta segir margt um stefnu stjórnvalda í menntamálum. Þetta þýðir að skólagjöldum í ríkisreknum skólum sé hafnað og áfram verði unnið að því að tryggja aðgengi þeirra sem um langan veg þurfa að fara til að mennta sig. Liður í því er efling fjarnáms, en slíkt nám hefur verið eitt stærsta byggðamál síðari tíma og hefur fjarnámið haft í för með sér byltingu varðandi aðgengi fólks á námi og þá sérstaklega fyrir ungar konur. Fjarnámið þarf að þróa enn frekar í samvinnu við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi.

Ánægjulegt er að sérstök áhersla verður lögð á sókn á sviði starfs- og verkmenntunar.

Varðandi háskólanám er gleðilegt að sjá þá flóru háskóla sem orðið hefur til á síðustu árum. Við viljum vera í fremstu röð menntaðra þjóða og til að halda því er nauðsynlegt að efla enn frekar háskólastigið. Við verðum að opna meira fyrir umræðu um háskólana og viðurkenna að samfélagið okkar og samtíminn gerir sífellt meiri kröfu um fjölþætta og staðgóða menntun. Undir þessum væntingum verðum við að standa og það ætlum við að gera. Stjórnvöld verða því að halda áfram að styðja við bakið á kennslu, rannsóknum og nýsköpun í landinu og það af myndugleika.

Jafnrétti til náms er skýr krafa okkar framsóknarmanna og gengur stjórnarsáttmálinn út á það hugtak. Liður í að tryggja það jafnrétti er endurskoðun laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Endurskoðunin felur í sér mörg tækifæri og munu þau verða nýtt. Einnig mun sjóðurinn huga að lækkun endurgreiðslubyrði námslána og ætti sú breyting að verða kærkomin fyrir marga einstaklinga og barnafjölskyldur í landinu.

Góðir áheyrendur. Næstu ár gefa okkur fyrirheit um tíma nýrra tækifæra og möguleika. Framsóknarflokkurinn mun ekki láta sitt eftir liggja og er tilbúinn að takast á við verkefni framtíðarinnar. — Góðar stundir.

[21:17]

**Kolbrún Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ný ríkisstjórn eða gömul ríkisstjórn. Í mínum huga er hún gömul og fremur lúin. Hún stendur fyrir gömul gildi og stjórnarsáttmálinn ber þess merki að gleymst hafi að opna glugga og hleypa sólskininu inn á stjórnarheimilið.

Hún er alveg réttmæt athugasemdin sem kom í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins á sunnudaginn var, þar sem segir að stjórnarsáttmálinn sé stuttur og í honum séu fæst stefnumál útfærð í smáatriðum sem geti haft þau áhrif að erfitt geti orðið fyrir almenning að halda stjórnarherrunum við efnið og minna þá á kosningaloforðin.

Raunar má segja að stuttur og óljós stjórnarsáttmáli geti að sama skapi gert stjórnarandstöðunni erfitt fyrir að veita ríkisstjórninni nauðsynlegt aðhald. Það er kannski enginn hissa á því að ráðherrarnir Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson skuli setja málin fram með þessum hætti. Þetta er þeirra stíll. Þeir hafa ekki verið að leggja sig í líma við að hafa almenning með í ráðum, hvað þá að hleypa stjórnarandstöðunni að ákvörðunum sínum. Eða hvernig héldu þeir á málum gagnvart þjóðkjörnum fulltrúum á Alþingi þegar ákveðið var að elta Bandaríkin og Bretland út í gífurlega umdeilt árásarstríð suður í Írak? Þá var nú ekki samráðinu fyrir að fara í þeirri herför. Ekki frekar en í svo mörgum öðrum málum sem ríkisstjórn þessara tveggja ráðherra hefur tekist á við síðustu árin. Það tíðkast ekki hjá þessum herrum að leita ráða.

Framtíðarsýn framsækinna stjórnmálaflokka byggir hins vegar á samráði og samvinnu. Við vinstri græn höfum lagt áherslu á að fyrirmynda sé leitað í hugmyndafræði þeirri sem Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt grunn að með sínum viðamiklu alþjóðlegu ráðstefnum og má þar nefna hvort heldur sem er kvennaráðstefnurnar eða umhverfisráðstefnurnar sem haldnar hafa verið á síðustu árum. Á þeim vettvangi er allt undir samvinnunni komið og víðum sjóndeildarhring þeirra sem ráða för.

Það er heldur ekki hluti af framtíðarsýn þeirra stjórnmálaflokka sem standa að baki stjórnarsáttmálanum að verja sameiginlegar eignir þjóðarinnar sem hún hefur komið sér upp í gegnum árin og áratugina. Nei, sameiginlegar eignir þjóðarinnar hafa verið settar á markað, ein af annarri, hlutafélagavæddar, sem er ein af trúarsetningum stjórnarherranna, og síðan seldar í fyllingu tímans. Og það verður áfram haldið á sömu braut þótt eignunum í gullastokki þjóðarinnar fari nú ört fækkandi. Við megum gera ráð fyrir því að inn í þingið komi á þessu kjörtímabili endurlífgað frumvarp um hlutafélagavæðingu vatnsveitna þjóðarinnar, þar sem m.a. verður fjallað um arðsemiskröfu vatnsveitna. Þar verður fetað dyggilega í fótspor þeirra þjóða sem lengst hafa gengið í markaðsvæðingu á almannaþjónustu og gengið fullkomlega á svig við leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna sem hafa nýverið skilgreint vatn sem grundvallarmannréttindi og ekki beri að líta á það sem verslunarvöru.

Í upphafi máls míns gat ég um það hversu mikið skorti á að hugmyndir stjórnarsáttmálans væru útfærðar, eða hvað eiga skilaboðin að þýða til námsmannanna og þess fólks sem hefur lokið námi og er að takast á við að greiða niður námslánin sín? Ríkisstjórnin segist í sáttmálanum ætla að huga að lækkun endurgreiðslubyrði námslána. Með öðrum orðum, engin fyrirheit eru um neitt í þessum efnum. En þeir ætla að hugsa málin, stjórnarherrarnir.

Framsýnir stjórnmálaflokkar þora að sýna á spilin sín. Þeir setja markið hátt og varða leiðirnar þannig að trúverðugt sé að þeir geti náð markmiðum sínum. Við vinstri græn höfum ævinlega talað fyrir því að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verði forskrift til framtíðar, vegvísir sem tryggi að sjónarmið náttúruverndar séu tekin inn í myndina við öll áform um nýtingu náttúruauðlinda, leiðabók um það hvernig Ísland geti orðið fyrirmynd annarra landa við að draga úr losun óæskilegra lofttegunda.

En ég get ekki varist þeirri hugsun, þegar lesinn er sá kafli stjórnarsáttmálans sem fjallar um rammaáætlunina, að verið

sé að setja fram markmið sem fara vel á pappír en ekki sé ætlunin að fara eftir. Eða hvers vegna hafa stjórnarherrarnir aldrei svarað því hvaða stöðu þessi rammaáætlun þeirra muni hafa? Verður þetta eitthvert puntplagg, geymt ofan í skúffu, eða er hugmyndin sú að hér verði um bindandi áætlun til framtíðar að ræða? Ekki orð um það í stjórnarsáttmálanum.

Góðir Íslendingar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er framsækinn stjórnmálaflokkur með skýra framtíðarsýn, sýn um sjálfbært samfélag þar sem jöfnuður ríkir, þar sem velferðarkerfið stendur undir nafni, þar sem skattkerfið er notað til kjarajöfnunar, þar sem konur og karlar standa jafnfætis, hvort heldur litið er til atvinnutækifæra, launa eða möguleika til innihaldsríkra samvista með börnunum sínum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð á sér sýn til framtíðar um sjálfbært atvinnulíf þar sem fjölbreytni verður lykill að farsælli uppbyggingu atvinnutækifæra um land allt. Þar sem hlúð verður að lággróðrinum og séð til þess að hann hafi þau skilyrði sem þarf til öflugs vaxtar en hafnað dekri við erlenda auðhringa.

Góðir Íslendingar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sýn til framtíðar um að mannréttindi og lýðræði verði dýrmætir hornsteinar velferðarsamfélags barnanna okkar og í þeim anda munum við sinna störfum okkar á Alþingi Íslendinga á nýju kjörtímabili. — Góðar stundir.

[21:23]

**Gunnar Örlygsson:**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Nú að loknum alþingiskosningum hefur ný ríkisstjórn tekið við völdum. Þó að ekki sé að finna miklar breytingar á ráðherraskipan nýrrar ríkisstjórnar er margt sem bendir til breytinga við meðferð ýmissa mála. Meiri hlutinn er að mínu mati mun veikari en á síðasta kjörtímabili. Þeir málaflokkar er voru í hámæli í undangenginni kosningabaráttu munu án efa setja svip sinn á hið nýhafna kjörtímabil. Ber þar helst að nefna sjávarútvegsmál, velferðarmál, heilbrigðismál og umhverfismál.

Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er að finna kafla um sjávarútvegsmál. Þar má binda mestar væntingar við ákvörðun nýrrar ríkisstjórnar ef leitast verður við að styrkja hagsmuni sjávarbyggðanna. Nefndar eru til sögunnar nokkrar leiðir er mögulega geta nýst til árangurs.

Mér er efst í huga að tekið verði á því vandamáli er viðkemur nýliðun í íslenskum sjávarútvegi en hvergi er minnst á málið í stjórnarsáttmálanum. Sá byggðakvóti sem hingað til hefur verið dreift milli landshluta hefur í langflestum tilvikum runnið til stærri útgerðarfyrirtækja sem fyrir löngu hafa náð fótfestu í greininni í skjóli eldri aflaheimilda. Það hlýtur að vera öllum þjóðum kappsmál að laða ungt og kraftmikið fólk í sinn stærsta atvinnuveg. Því miður hefur Ísland verið þar skelfileg undantekning.

Hvergi er minnst á fiskiðnaðinn og þann mikla vanda er steðjar að fiskvinnslufyrirtækjum er stunda rekstur án útgerðar og aflaheimilda. Þessi fjölmörgu fyrirtæki versla allt sitt hráefni á fiskmörkuðum í harðri samkeppni þar sem hráefnisverð er iðulega langtum hærra en gengur og gerist hjá öðrum aðilum sem jafnframt ráða yfir aflaheimildum og starfrækja útgerð. Engu að síður framleiða þessi fyrirtæki vörur inn á sömu markaði og getur hver um sig ímyndað sér þá ólíku samkeppnisstöðu sem er á milli fiskvinnslna án útgerðar annars vegar og hins vegar fiskvinnslna er ráða yfir aflaheimildum.

Í stjórnarsáttmálanum er ekki rætt um útflutning á óunnu hráefni, en á síðasta ári voru rösklega 30 þúsund tonn af bolfiski flutt erlendis óunnin á markað og þá sérstaklega til Þýskalands og Bretlands. Það er með ólíkindum að íslensk fiskvinnslufyrirtæki hafi ekki fengið möguleikann á að bjóða í þetta hráefni áður en það var flutt úr landi. Álíka mikið magn eða u.þ.b. 30 þúsund tonn voru boðin upp á íslenskum fiskmörkuðum allt árið í fyrra, en þó nokkru minna en fór óunnið til útflutnings á sama tíma.

Herra forseti. Það er mikilvægt að takmarka að langmestu leyti útflutning á óunnu hráefni. Jafnframt er mikilvægt að sá byggðakvóti sem nýtist til veiða fari til uppboðs á fiskmörkuðum svo ekki einungis sérvaldar fiskvinnslur í útgerð njóti góðs af heldur einnig njóti fiskvinnslur án útgerðar þess eðlilega réttar síns að fá að bjóða í hráefnið sem skilar að landi.

Hér er ekki verið að útfæra stefnu Frjálslynda flokksins heldur eru hér hugmyndir fyrir stjórnarliða sem alvarlega þarf að taka til athugunar og það strax á næstu missirum. Það er nú svo að fjölmargar fiskvinnslur eru við það að leggja upp laupana. Um er að ræða fyrirtæki sem hafa haldið uppi rekstri við glórulaus samkeppnisskilyrði í fjöldamörg ár. Nú er svo komið að aðstoðar þarf við.

Þær hugmyndir sem hér hafa verið viðraðar eru ekki róttækar, síður en svo. En þær geta bjargað fjölmörgum fyrirtækjum frá því að hætta starfsemi í að skapa ögn heilbrigðari og eðlilegri rekstrarskilyrði en um er að ræða í dag. Allir hv. alþingismenn verða að gera sér grein fyrir þeim auknu tekjum sem til landsins koma ef úr öllu þessu hráefni hefði verið framleitt hér heima með því að bjóða það fyrst upp á íslenskum fiskmörkuðum. Hv. þingheimur hlýtur að gera sér grein fyrir þeirri hollustu er slíkt mundi hafa á íslenskt atvinnu- og athafnalíf. Því er ekki hér eingöngu um að ræða nýjan og betri farveg fyrir íslenskar fiskvinnslur, heldur einnig íslensk þjónustufyrirtæki, tengd sjávarútvegi, svo sem umbúðafyrirtæki, fyrirtæki véla og tækja og svo má lengi telja.

Að kosningabaráttunni liðinni má ímynda sér að meðal stjórnarliða sé að finna þingmenn er vilja taka sjávarútvegsmálin föstum tökum. Ef til vill má treysta ungum hv. þingmönnum stjórnarliðanna til að sýna þann pólitíska kjark og metnað í starfi svo að heiðarlegar sáttaleiðir um framvindu íslensks sjávarútvegs verði að finna í náinni framtíð.

Þjóðin biður um breytingar. Lýðræðið verður að fá sín notið. Ríkisstjórnarflokkunum var sýnt gula spjaldið í nýafstöðnum alþingiskosningum.

Herra forseti. Í lokin ber að minnast á velferðarmálin, þá helst þau er snúa að fátækt á Íslandi. Fátækt á Íslandi hefur aukist til muna á seinni árum. Því miður hefur þessi vandi ekki verið viðurkenndur að öllu leyti. Það er skylda okkar allra sem kosningu hafa fengið á hv. Alþingi að leita allra leiða til að stemma stigu við þeirri óheillaþróun.

Alþýðusamband Íslands hefur nýlega kynnt heilsteyptar og vel útfærðar tillögur í velferðarmálum. Ég hvet nýja hæstv. ríkisstjórn til að huga alvarlega að þessum tillögum. Með sameiginlegu átaki og velvilja gagnvart okkar minnstu bræðrum og systrum getum við náð undraverðum árangri í þessum málaflokki. Ég vil nota tækifærið og óska öllum nýkjörnum alþingismönnum velferðar í starfi. — Góðar stundir.

[21:29]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Stjórnarandstaðan sem nú situr kemur eins þverklofin til þessa þings og hún var þegar við kvöddumst um miðjan mars sl. Þá skildust stjórnarandstæðingar með heitingum við eldhúsdagsumræðurnar og okkur sem þá sátum á þingi og raunar landsmönnum öllum sem áttu þess kost að hlýða á umræðurnar var það afskaplega vel ljóst að því fór alveg víðs fjarri að um pólitíska samstöðu þessara stjórnmálaafla gæti verið að ræða. „Í góðsemi vegur þar hver annan", eins og eitt sinn var ort. Samt sem áður töluðu stjórnarandstæðingar þannig í kosningabaráttunni að næðu þeir tilskildum meiri hluta væri þeim ekkert að vanbúnaði að taka við. Og vissulega hefði það verið rökrétt að stjórnarandstaða sem felldi ríkisstjórn settist að völdum. En okkur er öllum ljóst hvernig þeir búskaparhættir hefðu litið út. Það hefði verið ógæfuleg sambúð.

Við sjáum hvernig stjórnarandstaðan birtist okkur hérna í kvöld, alveg jafnsundurþykk og að áliðnum vetri. Það hefur að þessu leyti ekkert breyst. Jafnvel við nefndakjör, eins og nefnt var hér áðan af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, treysta þeir sér ekki til að standa saman. Og ætli flokkar sem geta ekki einu sinni komið sér saman um kosningar í nefndir og ráð á vegum Alþingis séu nú færir um það að takast sameiginlega á við hin stóru mál sem ríkisstjórnir á hverjum tíma þurfa að glíma við? Eða dettur einhverjum í hug að flokkar sem rífast og skammast hver út í annan vegna einfaldra nefndakosninga og eyða til þess síðan ræðutíma sínum hér í umræðunum um stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, séu til stórræðanna? Auðvitað ekki. (Gripið fram í.)

Það var að einu leyti, virðulegi forseti, ágætur samhljómur samt sem áður í málflutningi stjórnarandstöðunnar, sem verður strax svo viðskotaill þegar orðum er beint að henni, og það var þegar þeir fóru með gömlu klisjurnar sínar um að það væri ekkert nýtt að finna í þessum stjórnarsáttmála. Ég er búinn að sitja á Alþingi í nokkurn tíma og það er alltaf þannig í hvert skipti sem stjórnarandstæðingar tala um stjórnarsáttmálana, alltaf það sama, 1995 og 1999, og samt sem áður er það svo að undir forustu þessara ríkisstjórna hafa orðið stórkostlegar breytingar í landinu. Ætli það endurspegli nú ekki að þau stefnumið hafi haft áhrif sem við höfum verið að fylgja eftir í þessum stefnuskrám ríkisstjórnarinnar?

Það er auðvitað svo að stjórnarsáttmálinn er metnaðarfullur í mörgum liðum, m.a. í skattamálum eins og hér hefur komið fram. Það sem vakti hins vegar athygli mína var sérstakt framlag talsmanns Samfylkingarinnar í þeim efnum til að reyna að gera lítið úr því og það var ómögulegt að skilja talsmanninn öðruvísi en svo að verið væri að tala gegn skattalækkunum almennt í landinu.

Virðulegi forseti. Sjávarútvegsmálin urðu eitt af hinum stóru málum nýliðinnar kosningabaráttu. Það var mikilvægt vegna þess að þar með var kastljósi umræðunnar beint betur að þessum mikilvæga málaflokki og tækifæri gafst til þess að ræða af meira kappi um margt af því sem eingöngu hefur verið tæpt á í knappri umræðunni. Það er t.d. alveg ljóst að umræðurnar um fyrningarleiðir í sjávarútvegi sýndu ljóslega fram á hinar stórkostlegu veilur sem eru í málflutningi stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Þegar umræðan fór að skila sér til almennings í landinu brugðu jafnvel helstu talsmenn þessarar kenningar á það ráð að draga í land, vegna þess að þeir gátu ekki lengur neitað því að stefnumörkun þeirra gæti ekki haft annað en neikvæðar afleiðingar í för með sér þegar þeir sem ætluðu að fyrna veiðiréttinn á 10 árum, ákváðu skyndilega í miðjum klíðum að þessi fyrningartími gæti allt eins verið 20 ár eða 25 ár eða jafnvel eitthvað lengri. Býður einhver betur? Þá voru þeir í raun og veru að viðurkenna, sem öllum hafði verið ljóst fyrir löngu síðan, að fyrningarleiðin mundi hafa stóralvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir byggðirnar og starfandi útgerðir. Ekki síst einstaklingsútgerðirnar og helst af öllu nýliðana. Þetta viðurkenna talsmenn fyrningarleiðarinnar í raun, enda má ekki gleyma því að fyrningarleið Samfylkingarinnar gerir ráð fyrir byggðakvótaúthlutun í gegnum Byggðastofnun af því að allir vita að fyrningarleið getur haft svo alvarlegar afleiðingar fyrir byggðirnar.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er með margvíslegum hætti tekist á við það þýðingarmikla verkefni að styrkja forsendur byggðanna og treysta betur veiðirétt þeirra. Þær hugmyndir sem uppi eru um línuívilnun eru tvímælalaust liður í því. Þetta er ívilnun til þeirra sem nýta sínar eigin aflaheimildir og skapa byggðum landsins sjálfstæðan sóknarrétt sem ekki verður að verðmætum nema því aðeins að útvegsmenn og sjómenn nýti hann sjálfir.

Þýðingarmest að mínu mati er þó það ákvæði í stjórnarsáttmálanum að þessu leyti sem lýtur að líffræðilegri fiskveiðistjórn og er verkefni sem hæstv. sjútvrh. hratt úr vör á síðasta vetri, m.a. í framhaldi af nál. meiri hluta sjútvn. Alþingis. Þar er tekist á við gríðarlegt viðfangsefni sem getur, ef vel tekst til, leitt til aukins jafnræðis í sjávarútveginum, haft í för með sér skynsamlegri nýtingu veiðistofna með tilliti til aldurs og stærðardreifingar þeirra og stuðlað að minni sóun við auðlindanýtinguna.

Sú efnahagsstefna, virðulegi forseti, sem við höfum fylgt á undanförnum árum hefur leitt til aukins hagvaxtar, bættra lífskjara og skapað okkur möguleika á að hrinda í framkvæmd enn þá frekari skattalækkun. Ef ekki hefði tekist svo vel til við að styrkja stoðir efnahagslífsins sem raun ber vitni á undanförnum árum, væru slíkir kostir ekki til staðar. Jafnframt þessu hafa forsendur velferðarkerfisins verið styrktar. Þannig erum við í rauninni að ná fram tvenns konar markmiðum, að bæta velferðarþjónustuna og gera hana skilvirkari og jafnframt að auka ráðstöfunartekjur almennings í landinu.

Nú er fram undan tími enn meiri uppsveiflu. Sumir tala um það sem vandamál. En er það virkilega svo að aukinn hagvöxtur, betri tekjur, bætt lífskjör, séu vandamál? Vitaskuld ekki. Þetta er árangur. Jákvæður árangur sem er afrakstur þeirrar pólitísku forustu sem ríkisstjórnin hefur haft um þessi mál á undanförnum árum. En auðvitað reynir á hagstjórnina. Þessar aðstæður krefjast aðhalds í ríkisfjármálum og í búskap sveitarfélaganna. Og við slíkar aðstæður er skynsamlegt, eins og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum, að hvetja til aukins frjáls lífeyrissparnaðar. Gefa almenningi þannig færi á því að auka sparnað sinn og leggja fyrir fjármuni til efri áranna.

Síðast en ekki síst ber Seðlabankanum, sem nú hefur fengið aukið sjálfstæði og vel skilgreint en afar þýðingarmikið hlutverk, að grípa inn í og koma í veg fyrir að aukið gjaldeyrisinnstreymi leiði til gengishækkunar. Til þess hafa bankanum verið fengin nægilega mikil völd og öflug tæki og til þess verður að ætlast af honum að hann beiti þeim tækjum undanbragðalaust til þess að tryggja jafnvægi í utanríkisviðskiptum og trausta stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina.

Góðir landsmenn. Fram undan er tími verkefna, vinna sem miðar að því að bæta lífskjör, styrkja velferðarkerfið, treysta búsetuna í byggðum landsins og annað það sem til

framfara horfir. Þá skiptir miklu máli að hafa traustan efnahagslegan grunn til að byggja á til framtíðar. — Takk fyrir.

[21:37]

**Katrín Júlíusdóttir:**

Herra forseti. Góðir landsmenn. Fyrir nýafstaðnar kosningar lögðu stjórnarflokkarnir langa loforðalista fyrir þjóðina. Þau loforð bentu frekar til þess að þar væru á ferð stjórnarandstöðuflokkar en ekki að þeir hefðu haldið um stjórnartaumana í átta ár og þannig haft næg tækifæri til að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Enn sitja þessir sömu flokkar við völd og hvað stendur eftir af loforðaflaumnum? Niðurstaðan birtist í stjórnarsáttmála sem er fullur af fyrirvörum og almennum yfirlýsingum en algjörlega laus við vísbendingar um að efndir á hástemmdum loforðum séu í nánd. Ekkert er tímasett nema stólaskiptin innan ríkisstjórnarinnar. Það eitt er vitað hvenær núverandi forsrh. verður fyrrverandi forsrh. og hvenær núverandi ráðherrar verða sendir til útlanda eða í óvissuferð innan lands. Ekkert er sagt um raunverulegar efndir á því sem þjóðinni var lofað fyrir kosningar.

Bætt lífskjör barnafólks er eitt stærsta pólitíska verkefni okkar á komandi kjörtímabili. Barnafjölskyldur í lág- og millitekjuhópum hafa orðið harkalega fyrir barðinu á aðgerðum og aðgerðaleysi stjórnvalda á undanförnum árum. Hærri skattbyrði, lægri barnabætur, þung greiðslubyrði námslána, hátt verð á nauðsynjavörum, háir vextir og verðtrygging ofan á vextina eru þær aðstæður sem við búum ungu fólki í dag. Og þetta eru helstu ástæður fyrir því hversu erfiðlega því gengur að koma undir sig fótunum. Þegar greitt hefur verið af öllu er lítið eftir fyrir nauðsynjum fjölskyldunnar og má sáralítið út af bregða. Þannig getur ein ferð til tannlæknis sett fjárhag fjölskyldunnar úr skorðum til lengri tíma. Þessum vanda hefur ekki verið sinnt.

Stefna Samfylkingarinnar endurspeglar skilning á þessum aðstæðum ungra barnafjölskyldna og snýst um að auka lífsgæði og létta byrði af þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref sem fullir þátttakendur í samfélaginu. Til þurfa að koma markvissar aðgerðir þar sem markmið eru skilgreind og þeim fylgt eftir af fullum þunga.

Það vantaði ekki fyrir kosningar að stjórnarflokkarnir væru með fagurgala og gerðu síðbúna yfirbót eftir átta ára aðgerðaleysi í málefnum barnafjölskyldna. Eitt dæmið var loforð Framsfl. um að lækka endurgreiðslubyrði af námslánum. Hvað skyldi verða um efndirnar? Um það segir í stjórnarsáttmálanum, með leyfi forseta: „Hugað verði að því að lækka endurgreiðslubyrði námslána." Með öðrum orðum: Ríkisstjórnin ætlar að huga að því að efna kosningaloforð sín.

Herra forseti. Það er í menntakerfinu sem stærstu tækifæri Íslendinga til framfarasóknar liggja. Víðtækar og markvissar fjárfestingar í menntun til samræmis við það sem framsæknustu þjóðir ástunda er eitt af forgangsmálum í íslensku samfélagi. Samfylkingin hefur lagt fram metnaðarfulla áætlun um fjárfestingar á öllum stigum menntakerfisins sem miðar að virkjun hugarafls, eflingu hátækni og áherslu á hugvit. Erlendar rannsóknir benda til að á aðeins átta árum gæti áætlun Samfylkingarinnar aukið hagvöxt um hið sama og virkjun við Kárahnjúka og álver á Reyðarfirði.

Góðir Íslendingar. Ég vil fyrir hönd Samfylkingarinnar þakka kærlega fyrir þann góða stuðning og þann góða þingstyrk sem við jafnaðarmenn fengum í nýafstöðnum kosningum. Við munum ekki bregðast trausti ykkar. — Góðar stundir.

[21:41]

**Birkir J. Jónsson:**

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Nú fer í hönd þriðja kjörtímabil ríkisstjórna Framsfl. og Sjálfstfl. Mikill uppgangur hefur einkennt tímabil þessara ríkisstjórna, kaupmáttur hefur aukist samfellt sl. níu ár og hagur Íslendinga almennt batnað. Öflugt atvinnulíf er grunnforsenda þess að við getum haldið uppi öflugu velferðarkerfi og í raun mannréttindi að fólk geti stundað atvinnu við hæfi.

Mig langar í máli mínu hér í kvöld að víkja einkum að sjávarútvegs- og iðnaðarmálum sem eru náttúrlega einnig mjög mikilvæg í byggðalegu tilliti. Það er nauðsynlegt í atvinnulegu, þjóðhagslegu og byggðalegu tilliti og eitt hið mesta hagsmunamál fyrir byggðir landsins að íslenskur sjávarútvegur búi við starfsöryggi. Stjórnarandstöðuflokkarnir boðuðu allir miklar breytingar í sjávarútvegi í aðdraganda síðustu kosninga, svo miklar breytingar að stöðugleika í þjóðarbúskapnum hefði verið stefnt í hættu. Ljóst er að hefðu tillögur stjórnarandstöðunnar í sjávarútvegsmálum gengið eftir, þá hefðu mörg stór sjávarútvegsfyrirtæki lagt upp laupana með ófyrirséðum afleiðingum fyrir mörg sveitarfélög á landsbyggðinni. Hins vegar verður stjórn fiskveiða að vera í sífelldri endurskoðun. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. um sjávarútvegsmál, með leyfi forseta:

„Leitast verður við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða, til dæmis með því að kanna kosti þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila, að nýta tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar þeirra, takmarka framsal aflaheimilda innan fiskveiðiársins, auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrarbáta með línu. Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá" segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Mér finnst mjög mikilvægt að halda því til haga og hef verið mikill talsmaður þess að tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldinu renni beint til sjávarbyggðanna, annars væri veiðigjaldið hreinn landsbyggðarskattur. Slík skattlagning væri gjörsamlega óásættanleg. Þær breytingar sem ég hef nefnt hér miða að því að ná meiri sátt um sjávarútvegsstefnuna og skapa þannig traustan grundvöll til frambúðar í sjávarútvegsmálum.

Stjórnarflokkarnir hafa verið í fararbroddi mikillar atvinnuuppbyggingar á Austurlandi sem nú er í sjónmáli með álveri Alcoa við Reyðarfjörð. Hér er um gríðarlega mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir landsmenn alla því þær framkvæmdir sem nú eru hafnar fyrir austan munu stórbæta hag íslenska þjóðarbúsins og gera okkur kleift að halda áfram að efla okkar íslenska velferðarkerfi.

Það er fleira í farvatninu. Það eru mörg spennandi verkefni á sviði atvinnumála víða um land. Við horfum til að mynda til hugmynda um polyol-verksmiðju og kísilduftverksmiðju í nágrenni við Húsavík. Hvort tveggja stórmál fyrir atvinnulíf í Þingeyjarsýslum. Og það má margt fleira til taka, svo sem stálpípuverksmiðju í Helguvík og fleira og fleira.

Við horfum einnig til mikilla samgöngubóta víða um land, t.d. göng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, sem er framkvæmd sem sameinar Fáskrúðsfjörð og Fjarðabyggð í atvinnulegu tilliti.

Einnig eru fyrirhuguð göng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar en tilboð í þá framkvæmd verða opnuð nk. föstudag,

og ljóst að sú framkvæmd mun skipta sveitarfélög við utanverðan Eyjafjörð miklu máli.

Þannig eru, eins og ég hef verið að segja hér, miklir möguleikar fram undan í byggðamálum. Sett hefur verið á fót nýsköpunarmiðstöð á Akureyri að frumkvæði hæstv. iðn.- og viðskrh., Valgerðar Sverrisdóttur, sem mun á næstu fjórum árum úthluta einum milljarði króna til atvinnumála á landsbyggðinni. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir byggðarlögin að ungt fólk geti snúið aftur til sinna heimahaga að framhaldsmenntun lokinni. Til þess að svo geti orðið í ríkara mæli þurfum við að auka fjölbreytnina í atvinnulífinu. Grundvöllurinn að því hefur verið lagður, m.a. með nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.

Góðir tilheyrendur. Um leið og við framsóknarmenn þökkum kærlega fyrir þann stuðning sem við fengum í alþingiskosningunum þann 10. maí sl. horfum við bjartsýnum augum til framtíðar og erum staðráðin í að nýta vel þau tækifæri sem þar felast. — Góðar stundir.

[21:46]

**Jón Bjarnason:**

Góðir Íslendingar. Við búum í góðu og gjöfulu landi. Kraftmikið atvinnulíf og öflug almannaþjónusta, byggð á félagshyggju og samhjálp, hefur á undanförnum áratugum gert okkur að einni ríkustu þjóð heims. Okkur ætti því að vera fátt að vanbúnaði að skapa hér samfélag þar sem samkennd, virðing og velferð ríkir. Í slíku samfélagi blómgast sveit og borg á eigin forsendum enda er byggðin um allt land sú menningarauðlegð sem hefur skapað vitund okkar sem þjóðar.

Þessi ágætu sannindi er þarft að hafa yfir þegar sáttmáli nýrrar ríkisstjórnar er lesinn því að hér ber svo fátt nýtt fyrir augu, enda hafa þessir flokkar starfað saman í átta ár og hafa ekki brugðið vana sínum í einu eða neinu á þessum árum. Stefna ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. hefur á undanförnum síðustu árum leitt til þess að eignarhald á fjármagni og aflaheimildum og öðrum samfélagseignum hefur safnast á örfárra manna hendur. Við horfum upp á breytt gildismat, fjármálaspillingu og aukinn mismun í tekjum og tækifærum meðal landsmanna.

Það þarf því ekki að koma á óvart að einkavæðing almannaþjónustu, miðstýring, þjónustugjöld og útþensla eftirlitsiðnaðarins er, eins og við mátti búast, hinir bláu bræðir sem tvinna saman stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar. Ég held að flestum hafi ofboðið framferðið við sölu og braskvæðingu ríkisbankanna sem ekki sér enn fyrir endann á. Þetta á sérstaklega við um landsbyggðina þar sem bæði starfsfólk og viðskiptavinir bíða í óvissu um hvort þeir verða slegnir af í hagræðingarskyni eða ekki. En við sölu bankanna til einkaaðila fylgdu engin skilyrði um lágmarksþjónustu við landsmenn, engar kvaðir og skyldur við starfsmenn og viðskiptavini. Fullvíst má telja að næst verði sótt að sparisjóðunum sem tókst naumlega að verja gegn braskvæðingu Framsfl. og Sjálfstfl. á síðasta ári.

Nú er ljóst að Landssíminn á að ganga sömu leið og bankarnir gengu á síðasta kjörtímabili. Hér eru að vísu gefin ákveðin fyrirheit um að tryggt verði að núverandi þjónusta við almenning á þessu sviði skerðist ekki, eins og segir í stefnuyfirlýsingunni. Það eru háleit markmið að setja sér að núverandi þjónusta skerðist ekki við sölu Landssímans. Þetta eru skýr skilaboð til íbúa hinna dreifðu byggða sem hafði verið lofað uppbyggingu og eflingu fjarskiptakerfis, breiðbandsvæðingu og háhraðagagnaflutningum. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum mega landsmenn þakka fyrir að halda þeirri þjónustu sem þeir hafa nú. Hvar eru nú fyrirvarar Framsfl. við sölu Landssímans, sem þeir stærðu sig svo mjög af á síðasta kjörtímabili?

Byggðamál eru nánast ekki nefnd á nafn í stefnuyfirlýsingunni. Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar fyrir kosningar um aðgerðir til lækkunar og jöfnunar flutningskostnaðar er hvergi vikið orði að því í stefnuyfirlýsingunni. Um landbúnaðinn er sagt að hann skuli aðlaga sig aðstæðum á alþjóðlegum markaði.

Staðreyndin er sú að staða landsbyggðarinnar hefur versnað að miklum mun á þeim tíma sem stjórnarflokkarnir tveir hafa starfað saman. Á sl. tíu árum hefur þjóðinni fjölgað um rúmlega 10%. En á sama tíma verður fækkun um meira en 18% á Vestfjörðum og yfir 11% á Norðurlandi vestra. Í heild hefur íbúum landsbyggðarinnar fækkað um tólf þúsund manns á þessu tímabili.

Tekjumunur einstaklinga eykst. Árið 1993 voru meðaltekjur nokkuð jafnar á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni en árið 2000 var hann orðinn 10–20% lægri á landsbyggðinni.

Gengisþróun síðustu mánuði og dollarafallið um nærri 40% ógnar rekstri og tilveru fjölda atvinnugreina, einkum í dreifbýlinu. Engar ráðstafanir eru nefndar til að leiðrétta samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna. Það er því landsbyggðin sem hefur greitt fórnarkostnaðinn fyrir það sem kallað er efnahagslegur stöðugleiki.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill standa vörð um og efla íslenskan landbúnað, ferðaþjónustu og annað atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu náttúrunnar og tryggja búsetu um hinar dreifðu byggðir. Það sem landsbyggðin þarf á að halda er frumkvæði og bjartsýni og það fæst hvort tveggja með sjálfstæði og ábyrgð heimamanna. Tækifæri framtíðarinnar hvíla á mannauð, tækniþekkingu, menningararfi og náttúruauðlindum hvers héraðs til lands og sjávar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sterka og mótaða framtíðarsýn. Við viljum fullt sjálfstæði, nærfærna umgengni við náttúruna og auðlindir hennar ásamt þróttmikilli atvinnu- og byggðastefnu.

Virðulegi forseti. Við viljum elska, byggja og treysta á landið. — Góðar stundir.

[21:51]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Góðir tilheyrendur. Þetta er ríkisstjórnin sem segir: Áhersla verður lögð á samheldni þjóðarinnar.

Já, það var ekki vanþörf á eftir að ríkisstjórnin, sem setið hefur sl. átta ár og er nánast enn öll sem fyrr, hefur orðið þess valdandi með stefnu sinni á liðnum árum að kljúfa þjóðina í andstæðar fylkingar, þeirra sem allt hafa fengið til sín og orðið ofurríkir og hinna sem tekinn var frá atvinnurétturinn með sölu úr byggð. Eignir þessa sama fólks eru síðan orðnar verðlitlar og þar með ævisparnaðurinn að engu ger.

Þetta hafa lagasetningar stjórnarliða á undanförnum árum leitt af sér. Hverja á svo að skamma, þá sem seldu og keyptu eða þá sem gerðu það löglegt að selja atvinnurétt fólksins, þ.e. alþingismenn ríkisstjórnarinnar?

Það sem gerst hefur birtist skömmu eftir kosningar í fréttapistli Fréttablaðsins. Þetta er afraksturinn af því sem gerðist á Vestfjörðum varðandi kvótann þar sem aflinn hefur farið af svæðinu, og fólki hefur einnig fækkað.

Góðir tilheyrendur. Því er ekki að leyna að við í Frjálslynda flokknum erum ósátt við að eigi skyldi vera endurtalið

úr kosningunum og alveg sérstaklega að vafa- og utankjörfundaratkvæði fengjust ekki skoðuð. Eitt er ljóst, að niðurstaðan í dag er ekki lok þessa máls. Kosningalöggjöfina og framkvæmd kosninganna verður að endurskoða. Ég vil samt láta það skýrt í ljós að ég er mjög ánægður með mína liðsmenn. Þessir menn eru víkingar til verka og hafa sannfæringu um réttan málstað, eins og þið heyrðuð, og þeir hafa margt til mála að leggja. Þingflokkur Frjálslynda flokksins, frambjóðendur og flokksmenn hans færa landsmönnum hugheilar þakkir fyrir stuðninginn við okkar unga flokk í nýafstöðnum kosningum.

Kosningabaráttan var hörð og tók á, ekki síst á þann tiltölulega fámenna hóp en harða kjarna sem mest mæddi á. Við náðum góðum árangri og við þökkum ykkur fyrir, kjósendur. Það er ánægjulegt að enn skuli vera hægt að koma skoðunum á framfæri í íslensku þjóðfélagi án þess að vaða í peningum og hafa óheftan aðgang að fjölmiðlum með þeim. Við lofuðum að vinna vel og vinna heiðarlega og við lofum áfram að vera einlæg og ákveðin og segja sannleikann.

Við höfum fulla trú á okkar landi og fulla trú á því að það muni birta til á landi hér þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem nú heldur áfram sínum völdum. Við trúum því að eftir fjögur ár muni valdaferli þessara ríkisstjórnarflokka endanlega verða lokið og það muni vara um nokkuð langan tíma þar á eftir.

Herra forseti. Góðir landsmenn. Við í Frjálslynda flokknum óskum landsmönnum góðs og gæfuríks sumars og vonumst til þess að öll göngum við á guðs vegum um allan bjartan sumartímann. Hittumst svo heil í haust. — Takk fyrir.

Fundi slitið kl. 21:56.

---

# 4. FUNDUR

þriðjudaginn 27. maí,
að loknum 3. fundi.

**Dagskrá:**
Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 1. mál, þskj. 1. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

***Afbrigði um dagskrármál.***

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:57]
Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

***Frestun á fundum Alþingis, ein umr.***

Stjtill., 1. mál. — Þskj. 1.

[21:57]
**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**
Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 27. maí 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:58]
Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
**já:** AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JónK, KJúl, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

9 þm. (GÁS, GunnB, JóhS, JGunn, JBjart, KÓ, KLM, MF, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 3).

***Þingfrestun.***

[21:58]
**Forseti (Halldór Blöndal):**
Hv. alþingismenn. Stuttu vorþingi er senn lokið. Nú við lok þinghaldsins vil ég þakka þingmönnum gott samstarf þennan tíma. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð. Ég óska þingmönnum og starfsfólki ánægjulegra sumardaga og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[21:58]
**Þuríður Backman:**
Herra forseti. Þó að nú sé að ljúka óvenjustuttu þingi þá vil ég fyrir hönd okkar þingmannanna þakka hæstv. forseta Halldóri Blöndal fyrir samvinnuna á þessu vorþingi. Ég óska honum og fjölskyldu hans, þingmönnum öllum og starfsfólki Alþingis góðs sumars og þess að við hittumst öll heil að loknu sumarhléi. Ég bið hv. þingmenn að taka undir orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[21:59]
**Forseti (Halldór Blöndal):**
Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð.

Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[21:59]
**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**
„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 129. löggjafarþings, frá 27. maí 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 2003.
Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 129. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi lokið kl. 22:01.